LANGAR AÐ BÚA Í BAJA

Þórir Sæmundsson á fjölum Þjóðleikhússins í vetur

Haustbæklingur Express ferða fylgir Fréttablaðinu í dag.

Express ferðir
Ferðaskrifstofa í eigu Iceland Express

FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

30. ágúst 2008 — 235. tölublað — 8. árgangur

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Sími: 512 5000

LAUGARDAGUR

SVO SKAL ÉG PRJÓNA Á ÞIG G-STRENG

Jakob Frímann Magnússon vildi ekki kaupa heimaprjónaða húfu af Auði Haralds en íhugar hvort hann eigi að þiggja höfðinglegt boð hennar um kennslu í súludansi.

Á RÖKSTÓLUM 24

VEÐRIÐ Í DAG



SKAPLEGT VEÐUR Í dag verða austlægar áttir, 3-10 m/s, stífastar SV-til. Skúrir á suðurhelmingi landsins annars úkomulítið og bjart með köflum norðan til. Hiti 10-17 stig, hlýjast nyrðra.

VEÐUR 4

Heimgreiðslur kosta borgina 260 milljónir

Leikskólaráð Reykjavíkur ráðgerir að greiða foreldrum 35 þúsund krónur á mánuði fyrir að vera heima með barn sitt. Valkvætt fram til 24 mánaða aldurs.

REYKJAVÍK Leikskólaráð Reykjavíkur samþykkti í gær drög að reglum um greiðslur til foreldra sem eru heima með börn sín og nýta ekki leikskóla eða komast ekki að á þeim. Verkefnið var kynnt í meirihluta F-lista og Sjálfstæðisflokks. Þá var framsóknarkonan Fanný Gunnarsdóttir mótfallin greiðslunum. Hún er nú varaformaður ráðsins og samþykkti þær á fundinum í gær.

Kostnaður við verkefnið er 260 milljónir sem dreifist á næstu tvö ár. Það verður tekið til endurskoðunar að ári liðnu.

Fanný segist ekki hafa skipt um skoðun frá því í vor þegar hún var mótfallin tillögunum. „Ég var búin að lýsa yfir andstöðu við hugmyndina og ég er í prinsippinu ekki manneskja sem skiptir ótt og títt um skoðun. Hitt er að búið var að samþykkja verkefnið og það var einfaldlega komið það langt að það hefði verið ábyrgðarhluti að leggjast gegn því," segir Fanný.

Hún segir allan undirbúning hafa farið fram og því sé erfitt að hætta við. „Svo verður maður að spyrja sig hver ábyrgð stjórnmálamanna sé. Þetta tekur gildi nú á mánudaginn og foreldrar hafa eflaust margir hverjir gert ráð fyrir þessari greiðslu í sínum áætlunum. Á þá bara að hætta við með þriggja daga fyrirvara?"

Upphaflega var gert ráð fyrir að einungis foreldrar með börn á biðlistum gætu fengið heimgreiðslurnar. Nú hafa foreldrar val um greiðslurnar fram til 24 mánaða aldurs barns, óháð biðlistum.

Bryndís Ísfold Hlöðversdóttir, fulltrúi Samfylkingar í leikskólaráði, segir heimgreiðslurnar vera gríðarlega afturför í jafnréttismálum. „Reynsla Norðmanna sýnir að þetta eru kvennagildrur. Vandinn er mikill og við viljum leysa hann á ábyrgan hátt til frambúðar. Hraða uppbyggingunni, lækka leikskólaldur og lengja fæðingarorlofið til dæmis," segir Bryndís.

Hún segir nær að nýta 260 milljónirnar í uppbyggingu í leikskólamálum. „Þarna fara gríðarlega miklir peningar til margra og nær væri að byggja upp leikskólana, fjölga starfsfólki og bæta þjónustuna."

- kóp

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

UNDIRBÚNINGUR Jóhanna Kristjónsdóttir, Sólveig Pétursdóttir og Guðrún Ögmundsdóttir dáðust að kjóli Bjarkar Guðmundsdóttur sem verður boðinn upp.

Steingrímur J. Sigfússon, fomaður Vinstri - grænna:

Vill ráðuneyti efnahagsmála

STJÓRNMÁL Endurskoða þarf verkaskiptingu innan stjórnarráðsins og athuga hvort stofna skuli sérstakt ráðuneyti efnahagsmála, segir Steingrímur J. Sigfússon, formaður VG. Efnahags-, viðskipta-, og ríkisfjármálum gæti verið betur komið á einni könnu, núverandi verkaskipting hafi ekki gefið góða raun. Þetta kom fram í ræðu hans á flokkráðsfundi VG í Reykholti í gær.

Steingrímur segir efnahagsvandann vera afleiðingu stóriðjustefnu, skattalækkana og einkavæðingar bankanna. Hann hvetur til þjóðarsáttar um efnahagsaðgerðir og segir sinn flokk reiðubúinn til samstarfs í þeim efnum. - kóþ / - bþs

Jemenmarkaðurinn hefst í Perlunni í dag:

Bjóða Fatimukökur

GÓÐGERÐARMÁL Unnið var fram á nótt við að raða upp fyrir góðgerðarmarkað sem haldinn verður í Perlunni í dag til styrktar stúlknaskóla í Jemen.

Á markaðnum ætlar Jóhanna Kristjónsdóttir að bjóða upp á svokallaðar Fatimukökur.

„Þetta er dæmigerð jemensk hátíðarkaka og í henni er mikið af hunangi og smjöri. Þær eru mjög vinsælar í Jemen en þekkjast ekki í hinum arabalöndunum og því fannst okkur kjörið að bjóða upp á þær," segir Jóhanna.

Markaðurinn hefst klukkan 10 í dag og stendur til 18. Á sunnudaginn hefst markaðurinn klukkan 12 og stendur til 17. - vsp

Íbúar á Héðinshöfða segja álver á Bakka gera búsetu á höfðanum ómögulega:

Óttast að missa heimili sín

UMHVERFISMÁL Íbúar á Héðinshöfða í Tjörneshreppi telja sig ekki geta haldið áfram landbúnaði og búsetu á jörðum sínum, komi álver á Bakka.

Jarðirnar og heimilin verði jafnframt verðlaus, því enginn vilji búa beint á móti álveri.

Upplýsingar um líklegt þynningarsvæði, sem er áhrifasvæði mengunar frá álverinu, hafi verið misvísandi og það hafi minnkað í áranna rás.

Í fyrstu hafi því ekki verið leynt að búseta yrði ómöguleg á svæðinu, en nú sé talað um að mengunin verði einungis inni á lóð álversins. Lítið hafi verið rætt við íbúana um hvað framtíðin beri í skauti sér, né þeir spurðir álits. Eitt sinn hafi verið uppi hugmyndir um að taka jarðirnar eignarnámi, en þær reynst óframkvæmanlegar. Bergur Elías Ágústsson, sveitarstjóri Norðurþings, og Kristján Þ. Halldórsson, verkefnisstjóri Alcoa í samfélagsmálum á Norðurlandi, neita þessu með öllu. - kóþ / sjá síður 28-31

NÆSTUM NÝIR BÍLAR
www.heklanotadirbilar.is
HEKLA
NOTAÐIR BÍLAR

SPURNING DAGSINS



Magnús, hefðir þú ekki bara læknað krónuna?

„Því miður bendir margt til þess að hún sé á leiðinni af gjörgæslu á líknardeild!"

Núverandi forsvarsmenn Landspítalans segja stofnunina hafa tapað 650 milljónum á því hvað krónan hefur verið veik á árinu. Magnús Pétursson er fyrrum forstjóri spítalans.

Íslenskur námsmaður hefur verið í viku í varðhaldi í kínversku fangelsi:

Sefur á gólfinu með teppi

UTANRÍKISMÁL Íslenskur námsmaður hefur verið í varðhaldi í Kína frá því um síðustu helgi. Dvalarleyfi Íslendingsins var útrunnið og því var hann handtekinn í borginni Guangzhou á laugardaginn var.

Urður Gunnarsdóttir, upplýsingafulltrúi utanríkisráðuneytisins, býst við að Íslendingurinn verði látinn laus innan viku.

Íslendingurinn er fæddur árið 1981 og hefur búið í Svíþjóð frá þriggja ára aldri. Hann er með lögheimili þar en hefur verið við nám í hótelstjórnun í Kína í eitt og hálft ár.

Ættingjar mannsins segja að pilturinn hafi fengið að hringja í föður sinn eftir handtökuna. Þeir segjast hafa hringt strax í sendiráð Íslands í Kína og fengið þau svör að ekkert væri hægt að gera meðan Ólafur Ragnar Grímsson, forseti Íslands, væri í landinu.

Urður átti bágt með að sannreyna gagnrýnina í gærkvöld vegna tímamismunar en benti á að svona mál séu alltaf forgangsmál. Starfsmenn utanríkisráðuneytisins hafi lagt mikla vinnu í málið, fylgst daglega með og fulltrúi þess hafi hitt Íslendinginn.

Systir piltsins segir hann gista fangaklefa með teppi og pissuskál. Þar hafi hann sofið á gólfinu. - ghs

DVALARLEYFI Í KÍNA ÚTRUNNIÐ Íslendingur var handtekinn í borginni Guangzhou í Kína um síðustu helgi þar sem dvalarleyfi hans var útrunnið.

Fornleifauppgröftur í Ósló:

Níu skip frá 17. öld fundust

NOREGUR Minnst níu skip hafa nú fundist við fornleifauppgröft í Björvika í Ósló í Noregi. Það stærsta í hópnum er sautján metra langt.

Talið er að skipin séu frá því á sautjándu öld, eða frá því eftir bæjarbrunann í Ósló árið 1624. Eftir brunann ákvað Kristján IV. að flytja Ósló til vesturs.

„Það hefur verið erfitt að finna skip frá tímabilinu milli víkingatímans og nútímans í þessu landi," hefur norska ríkisútvarpið NRK eftir Jostein Gundersen, sem er verkefnastjóri við norska sjávarútvegssafnið. - ghs

Kettir píndir í hel

Þrír kettir týndu tölunni eftir misþyrmingar á Þórshöfn nýverið. Bensíni og olíuhreinsivökva var hellt yfir þá. Einn var dauður þegar hann fannst. Aflífa varð hina tvo, fullorðinn köttt og kettling. Níðingurinn er enn ófundinn.

LÖGREGLUMÁL Aflífa þurfti tvo ketti á Þórshöfn eftir að þeim hafði verið misþyrmt með hroðalegum hætti. Þriðji kötturinn fannst dauður eftir svipaða meðferð. Lögreglan á Þórshöfn hefur til rannsóknar fleiri mál þar sem ill meðferð á köttum kemur við sögu.

„Þetta er svakalegt og hreint út sagt ömurlegt," segir Jón Stefánsson varðstjóri í lögreglunni á Þórshöfn. Hann segir ekki vitað á þessari stundu hver eða hverjir voru þarna að verki. En viðkomandi hljóti að þurfa „aðstoðar við". Lögð sé mikil áhersla á að upplýsa málið.

Fyrsti kötturinn fannst fyrir nokkrum mánuðum, annar nokkru síðar og sá þriðji nú um miðjan mánuðinn. Sá síðasti sem fannst var kettlingur. Kettirnir höfðu verið rennbleyttir, ýmist í olíuhreinsivökva eða bensíni.

„Það er ekki um að ræða að þeir hafi álpast í einhverja polla með þessum vökvum," segir Jón. „Þeim hefur verið dýft ofan í eða gegnumbleyttir með öðrum hætti. Einn kötturinn var dauður þegar hann fannst. Reynt var að bjarga hinum tveim en það tókst ekki. Menn hafa velt þeim möguleika fyrir sér, fyrst svona efni eins og bensín eru notuð, að viðkomandi hafi ætlað að kveikja í köttunum."

Lögregla hefur fleiri mál sem tengjast illri meðferð á dýrum til rannsóknar. Þar er um að ræða einstakling sem talinn er hafa stundað að grýta ketti, sparka í þá, sveifla þeim á rófunni og grýta þeim í jörðina, auk annarra misþyrminga.

Þriðja málið sem lögregla hefur til rannsóknar nú er atvik sem upp kom þegar tveir ungir drengir reyndu að reka kind með tveimur lömbum fram af klettabrún, þar sem undir var hengiflug. Drengirnir voru á ferð með tveimur fullorðnum mönnum. Mennirnir litu af drengjunum nokkra stund, sem hinir síðarnefndu nýttu til að reyna að reka féð fram af brúninni. Mennirnir stöðvuðu drengina um leið og þeir sáu hvað þeir voru að aðhafast. Atvikið átti sér stað í Skeglubjörgum utan við Skoruvíkurbjarg. jss@frettabladid.is

KETTLINGAR Einn ketttlingur var meðal kattanna sem urðu fyrir barðinu á dýraníðingi sem lögreglan á Þórshöfn leitar nú. Myndin er fréttinni óviðkomandi

FRÉTTABLAÐIÐ/HÖRÐUR.

FORSTJÓRINN KYNNTUR Heilbrigðisráðherra kynnti Huldu Gunnlaugsdóttur, í gær. Björn Zoëga mun sinna starfinu áfram til 10. október. FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR

Nýr forstjóri Landspítalans:

Hlakkar til að byrja að vinna

HEILBRIGÐISMÁL Hulda Gunnlaugsdóttir hefur verið ráðin forstjóri Landspítalans frá og með næsta mánudegi, 1. september.

Hulda hefur verið forstjóri Aker-háskólasjúkrahússins í Ósló frá árinu 2005, og vann áður í sextán ár á Ullevål-sjúkrahúsinu í Ósló. Hún kemur til starfa þann 10. október.

„Áherslan er á að þróa sjúkrahúsið áfram sem háskólasjúkrahús og þá set ég menntun og rannsóknir mjög hátt. Við erum líka í þjónustu og meðhöndlun sjúklinga, en það verður að gerast innan þess fjárhagsramma sem við höfum á hverjum tíma. Það hafa verið mín áherslumál á Aker og Ullevål," segir Hulda. - þeb

Fertugur maður í varðhald:

Talin hafa brotið á fósturdóttur

LÖGREGLUMÁL Lögreglan á höfuðborgarsvæðinu handtók á þriðjudag mann á fertugsaldri sem grunaður er um kynferðisbrot gegn fósturdóttur sinni.

Maðurinn, sem er fæddur 1975, er grunaður um að hafa brotið alvarlega gegn stúlkunni sinni sem nú er þrettán ára. Talið er að brotin hafi staðið yfir í einhvern tíma. Þá rannsakar lögregla hvort maðurinn hafi brotið gegn öðrum börnum sem hann hefur umgengist.

Maðurinn, sem búsettur er á höfuðborgarsvæðinu, var úrskurðaður í héraðsdómi í gæsluvarðhald til þriðjudagsins í næstu viku vegna rannsóknarhagsmuna. Hann kærði úrskurðinn til Hæstaréttar sem staðfesti hann. Maðurinn mun ekki hafa komið við sögu lögreglu áður. - jss

Barack Obama:

Segir nóg komið af Bush

BANDARÍKIN, AP Barack Obama segir að nú sé nóg komið af stjórnartíð George W. Bush.

Bandaríkjamenn þurfi ekki á því að halda að John McCain haldi þessari sömu stefnu áfram næstu fjögur árin.

Þetta sagði Obama í ræðu sinni á flokksþingi Demókrataflokksins á fimmtudagskvöld, þegar hann tók formlega við útnefningu flokksins sem forsetaframbjóðandi.

Hann sagðist taka við útnefningunni af auðmýkt og þakklæti og lofaði að gera miklar breytingar á bandarísku samfélagi nái hann kjöri.

Í ræðu sinni skaut Obama föstum skotum að John McCain, sagðist meðal annars ekki trúa því að honum stæði á sama um ástandið í Bandaríkjunum, heldur gerði McCain sér enga grein fyrir því hvernig ástandið væri. - gb

Banaslys í Mjóafirði:

Lést í umferðarslysi í gær

LÖGREGLUMÁL Karlmaður lést í umferðarslysi í botni Mjóafjarðar í Ísafjarðardjúpi um þjúleytið í gær þegar bifreið valt út af veginum og hafnaði á hvolfi í á.

Tveir voru í bifreiðinni. Kona, sem var farþegi í bílnum, mun ekki hafa slasast alvarlega.

Tildrög slyssins eru til rannsóknar hjá lögreglu. - ghs

Ekki sér fyrir endann á eftirmálum stríðsins í Georgíu:

Georgía rýfur stjórnmálatengsl

GEORGÍA, AP Georgísk stjórnvöld tilkynntu í gær að þau hygðust rjúfa stjórnmálasamband við Rússland í mótmælaskyni við að enn væru í landinu rússneskar hersveitir sem sýndu ekki á sér neitt fararsnið eftir innrás þeirra fyrr í mánuðinum. Valdhafar í Moskvu gagnrýndu þessa ákvörðun og vísuðu ábyrgðinni á deilunni til ráðamanna í Tiblisi.

Fyrr í gær lýsti forseti þings Suður-Osseta, Znaur Gassíjev, því yfir að Suður-Ossetía yrði sameinuð Rússlandi „eftir nokkur ár" eða fyrr. Þetta hefðu Eduard Kokoity, leiðtogi Suður-Osseta, og rússneski forsetinn Dmítrí Medvedev sammælst um á fundi í Moskvu fyrr í vikunni. Talsmaður rússneska forsetaembættisins sagði „engar opinberar upplýsingar" að fá um viðræðurnar.

Í Tiblisi sagði varaforseti Georgíuþings, Gigi Tsereteli, aðskilnaðarsinna og rússnesk stjórnvöld vera „veruleikafirrt".

Leiðtogar Evrópusambandsins munu ræða Georgíudeiluna á mánudaginn. Bernard Kouchner, utanríkisráðherra Frakklands, sem gegnir nú formennskunni í sambandinu, hefur sagt að til greina komi að leiðtogarnir ákveði að beita Rússa refsiaðgerðum og ríkisstjórnir sumra ESB-landa hafa þrýst á um það. Háttsettur embættismaður á skrifstofu Kouchners, sem ekki vildi láta nafns síns getið, lét þó hafa eftir sér í gær að ekki myndi koma til þess að leiðtogarnir sambykktu slíkar aðgerðir að svo komnu máli. Í bili verði mest áhersla lögð á að þrýsta á Rússa að virða ákvæði vopnahléssamkomulagsins. - aa

ROF Sendiráð Georgíu í Moskvu. Það verður yfirgefið á morgun.

NORDICPHOTOS/AFP

Fíton/SÍA

OPIÐ HÚS Á MORGUN

Sannkölluð karnívalstemning milli kl. 14–17

Á morgun, sunnudag, höldum við hátíð í Borgarleikhúsinu þar sem við opnum leikhúsið upp á gátt og allir eru velkomnir – líka baksviðs. Það verður leikur, dans, söngur og uppákomur upp um alla veggi auk þess sem leikhússtjórinn mætir með vöfflujárnið og bakar ofan í gesti, ásamt öðru starfsfólki hússins.

Sala áskriftarkorta er í fullum gangi og tilvalið að nota ferðina og tryggja sér áskrift á þær fjórar sýningar sem heilla mest af glæsilegri dagskrá leikársins. Verðið er ótrúlegt, kortið sem gildir á fjórar sýningar kostar aðeins 8.900 kr. en 4.450 kr. fyrir ungt fólk og náms-menn í boði SPRON.

- **Brot úr sýningum**
- **Opnar æfingar**
- **Skoðunarferð um allt húsið**
- **Tónlist og uppákomur**
- **Blöðrur fyrir börnin**
- **Nýbakaðar vöfflur**

Borgarleikhúsið

GENGIÐ 29.08.2008

GJALDMIÐLAR	KAUP	SALA
Bandaríkjadalur	82,7	83,1
Sterlingspund	151,23	151,97
Evra	121,75	122,43
Dönsk króna	16,323	16,419
Norsk króna	15,332	15,422
Sænsk króna	12,895	12,971
Japanskt jen	0,7600	0,7644
SDR	129,77	130,55

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR
158,8986
HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Hollenskur lífeyrisþegi úrskurðaður í áframhaldandi gæsluvarðhald:

Vissi af fíkniefnunum í húsbílnum

LÖGREGLUMÁL Hollenskur karlmaður á áttræðisaldri var í fyrradag úrskurðaður í áframhaldandi gæsluvarðhald í sex vikur, eða til 9. október. Hann hefur játað að hafa haft vitneskju um feikilegt magn af fíkniefnum í húsbíl sem hann flutti til landsins með ferjunni Norrænu.

Það var 10. júní sem tollverðir fundu tæp 200 kíló af fíkniefnum í húsbílnum. Fíkniefnaleitarhundur merkti húsbílinn og í framhaldi af því fannst hluti efnanna. Langstærstur hluti þeirra var hass eða 190 kíló. Þá fundust einnig í húsbílnum eitt og hálft kíló af marijúana og eitt kíló af kókaíni og þar með voru öll kurl komin til grafar.

Nokkru síðar var íslenskur karlmaður á fimmtugsaldri úrskurðaður í gæsluvarðhald grunaður um aðild að málinu. Hann hefur staðfastlega neitað hlutdeild samkvæmt upplýsingum Fréttablaðsins.

Íslendingurinn er enn í haldi, en gæsluvarðhald yfir honum rennur út næstkomandi miðvikudag, 3. september. Ekki hefur verið tekin ákvörðun um hvort krafist verður framlengingar á því. - jss

HASSHLASSIÐ Tvær lögreglukonur við fíkniefnahlassið sem tekið var í húsbílnum.

Olíuleit á Drekasvæðinu:

Leyfin gilda í allt að 16 ár

ORKUMÁL **Rannsóknarleyfin, sem úthlutað verður á Drekasvæðinu um miðjan janúar, gilda í allt að tólf ár með möguleika á framlengingu um fjögur ár, eða samtals sextán ár. Ef fyrirtækin finna olíu hafa þau rétt til vinnsluleyfa og þau gilda í allt að þrjátíu ár.**

Kristinn Einarsson, verkefnisstjóri hjá Orkustofnun, segir að um níutíu manns hafi skráð sig á olíuráðstefnuna sem haldin verður á fimmtudaginn. „Megintilgangur ráðstefnunnar er að fá saman á einn stað fólk sem ekki hefur talað mikið saman áður um olíumöguleikana á þessu svæði.“ - ghs

FLÓÐ Á JAMAÍKA Íbúar í Kingston vaða götur. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Beðið eftir Gústaf:

Fellibylur á leið til New Orleans

BANDARÍKIN, AP **Fellibylurinn Gústaf kostaði nærri 70 manns lífið á Haítí og í Dóminíska lýðveldinu, þar sem töluverð flóð urðu í gær.**

Fellibylurinn mun halda áfram að gera usla á Mexíkóflóa næstu daga og gæti farið á land í Bandaríkjunum fyrir þriðjudag. Íbúar í New Orleans óttast afleiðingarnar, en um þessar mundir eru þrjú ár síðan fellibylurinn Katrín olli gífurlegu tjóni þar í borg.

Ray Nagin, borgarstjóri í New Orleans, sagðist ætla að gera íbúum skylt að yfirgefa borgina ef veðurfræðingar telja að óveðrið nái það miklum styrk að stórhætta stafi af. - gb

LÖGREGLUFRÉTTIR

Björgunarsveitir aðstoða

Björgunarsveitir Landsbjargar sinntu fjölmörgum beiðnum um aðstoð vegna veðurs í gær. Við Prestastíg í Grafarvogi losnaði klæðning af fjölbýlishúsi og í Gnoðarvogi losnaði þak af húsi. Þá fauk fjöldi trampólína og sköpuðu þau nokkra hættu.

Ungur ökumaður

Lögreglan á Suðurnesjum stöðvaði ökumann í Reykjanesbæ í fyrrinótt. Reyndist hann ökuréttindalaus enda einungis 16 ára gamall.

Nýtt ráðuneyti fari með efnahagsmálin

Steingrímur J. Sigfússon vill skoða kosti þess að færa efnahags-, viðskipta- og ríkisfjármál í eitt ráðuneyti. Gildandi fyrirkomulag hafi ekki gefið góða raun. Á flokksráðsfundi VG í gær kynnti hann tillögur til lausnar efnahagsvandanum.

STJÓRNMÁL Steingrímur J. Sigfússon, formaður VG, segir að endurskoða eigi verkaskiptinguna innan stjórnarráðsins hvað varðar efnahags-, viðskipta- og ríkisfjármál. Skoða beri kosti þess að færa meðferð þessara málaflokka í eitt öflugt ráðuneyti. Núverandi fyrirkomulag og verkaskipting hafi ekki gefið góða raun. Kröftunum sé dreift með meintri yfirstjórn efnahagsmála í forsætisráðuneytinu, óljósu hlutverki fjármálaráðuneytisins að þessu leyti og veikburða viðskiptaráðuneyti. „En auðvitað má ekki kenna árunum ef það eru ræðararnir sem eru að bregðast,“ sagði Steingrímur í ræðu á flokksráðsfundi VG í Reykholti í gær.

Steingrímur fjallaði um efnahagsmálin og sagði þá stjórnmálamenn sem reyndu að kenna utanaðkomandi heimskreppu um allan vandann vera að reyna að breiða yfir eigin mistök. Vandinn, sem væri að langmestu leyti heimatilbúinn, væri afleiðing mistaka og rangra ákvarðana. Nefndi hann einkum til sögunnar stóriðjustefnuna, skattalækkanir og einkavæðingu bankanna en einnig mistök í peninga- og gjaldeyrismálum. Þá hefði andlegi þátturinn sitt að segja. „Góðærisvaðall og græðgisvæðing sköpuðu andrúmsloft veisluhalda, flottræfilsháttar, andvaraleysis og gagnrýnisleysis.“

Steingrímur kynnti tillögur í tíu liðum til lausnar vandanum. Styrking gjaldeyrisvaraforðans og endurskoðun verðbólgumarkmiðs Seðlabankans voru þar efst á blaði en einnig frekari sveiflujöfnunaraðgerðir, til dæmis með myndun sveiflujöfnunarsjóðs, endurreist Þjóðhagsstofnun og leiðir til að auka sparnað. Þá telur Steingrímur mikilvægt að kortleggja betur og fylgjast með þróun erlendra skulda, auka fjárfestingar í innviðum samfélagsins og efla fjárhag sveitarfélaga auk þess sem endurskoða beri verkaskiptingu ráðuneyta, líkt og áður var rakið.

Að lokum nefndi hann mikilvægi þverpólitískrar og þverfaglegrar þjóðarsáttar um aðgerðir í efnahagsmálum. Lýsti hann flokk sinn reiðubúinn til samstarfs um að endurreisa íslenskan þjóðarbúskap og sækja fram á nýjan leik. „Nú þarf að hefjast handa og afstýra því að frostavetur aðgerðaleysis taki við af sumri hinnar löngu biðar,“ sagði Steingrímur J. Sigfússon.

bjorn@frettabladid.is

STEINGRÍMUR J. SIGFÚSSON FORMAÐUR VG skaut föstum skotum að ráðherrum ríkisstjórnarinnar í ræðu sinni í Reykholti í gær. Sagði hann að skoða bæri verkaskiptingu innan stjórnarráðsins en ekki mætti kenna árunum ef það væru ræðararnir sem væru að bregðast. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Radovan Karadzic:

Ansar í engu ákæruliðum

HOLLAND, AP Radovan Karadzic, fyrrverandi leiðtogi Bosníu-Serba, lýsti sig hvorki sekan né saklausan af ellefu ákærum um stríðsglæpi, þjóðarmorð og fleiri alvarlega glæpi, sem lagðar voru fram á hendur honum fyrir stríðsglæpadómstól Sameinuðu þjóðanna í Haag.

RADOVAN KARADZIC

Hann kom fyrir dómara dómstólsins í gær til að svara ákærunum, sem honum voru kynntar í síðasta mánuði.

„Dómstóllinn gefur sig ranglega út fyrir það að vera alþjóðlegur dómstóll, en er í raun dómstóll NATO sem hefur það markmið að tortíma mér,“ sagði Karadzic.

Karadzic var handtekinn í Serbíu fyrir rúmum mánuði eftir að hafa verið þrettán ár í felum. - gb

Handtekinn við pósthúsið:

Ætlaði að sækja fíkniefnabréf

LÖGREGLUMÁL **Karlmaður um sextugt var handtekinn við pósthúsið á Raufarhöfn fyrr í vikunni, þegar hann hugðist sækja þangað fíkniefnasendingu.**

Lögreglan hafði hins vegar komist á snoðir um sendinguna sem hafði verið póstlögð á höfuðborgarsvæðinu.

Þegar maðurinn ætlaði að sækja fíkniefnin gekk hann í flasið á lögreglumönnum sem handtóku hann. Í sendingunni reyndust vera sex grömm af amfetamíni.

Rannsókn málsins leiddi síðan til þess að annar maður á Raufarhöfn, sem er um fimmtugt, var handtekinn. Málið telst upplýst. - jss

Haustvörurnar komnar

POLARN O. PYRET
Kringlunni • sími 568 1822
www.polarnopyret.is

VEÐURSPÁ

Sigurður Þ. Ragnarsson Veðurfræðingur

HELGIN
Eftir lætin í gær tekur nú allt annað við. Vindur verður hægur um helgina en þó má búast við leifum af vindi við suðvesturhornið eitthvað fram yfir hádegi. Þurrast og bjartast verður á norðanverðu landinu en á morgun verður það á vestanverðu landinu. Annars staðar mun dropa.



HEIMURINN

Kaupmannahöfn	20°
Billund	21°
Ósló	19°
Stokkhólmur	18°
Gautaborg	19°
London	25°
París	29°
Frankfurt	26°
Friedrichshafen	28°
Berlín	22°
Alicante	29°
Mallorca	29°
Basel	28°
Eindhoven	26°
Las Palmas	26°
New York	28°
Orlando	32°
San Francisco	17°

Vindhraði er í m/s.
Hitastig eru í °C.
Gildistími korta er um hádegi.

Njótið helgarinnar!

GOURMET UNGNAUTAHAKK

899 kr/kg

~~1.498~~ kr/kg

DANSKAR KJÚKLINGABRINGUR 900g

859 kr/pk.

GOÐI

NAGGAR, SÆLKERABOLLUR 450g

440 kr/pk.

~~629~~ kr/pk.

ÍRSKAR SVÍNALUNDIR

959 kr/kg

~~1.599~~ kr/kg

BBQ KJÚKLINGALEGGIR

470 kr/kg

~~626~~ kr/kg

HUMARASKJA 2kg

3.990 kr

www.markhonnun.is

TILBOÐIN GILDA 28. - 31. ÁGÚST

Verið velkomin í Nettó

Mjódd - Salavegi - Akureyri - Höfn - Grindavík

Birt með fyrirvara um prentvillur.

KJÖRKASSINN

Er toppi verðbólgunnar náð?

Já 33,5%

Nei 66,5%

SPURNING DAGSINS Í DAG

Á að afnema verðtryggingu?

Segðu skoðun þína á vísir.is. VÍSIR

Fjármálaráðherra er stofnfjáreigandi í Byr-sparisjóði, og segir það sitt einkamál:

Árni gefur ekkert upp um eignir sínar

STJÓRNMÁL Árni M. Mathiesen fjármálaráðherra er meðal stofnfjáreigenda í Byr-sparisjóði, en vill ekki gefa upp hversu stóran hlut hann á.

Árni vill ekki greina frekar frá eignum sínum, þar með talið í hversu mörgum fyrirtækjum hann eigi. Þau séu þó ekki mörg.

Árni var áður stofnfjáreigandi í Sparisjóði Hafnarfjarðar og seldi stofnfjárbréf sín fyrir 50 milljónir króna árið 2005. Þá sagði hann að stjórnmálamenn ættu ekki að skipta sér af fjármálastofnunum.

Árni segir allt annað gilda um að vera virkur eigandi, eins og hann hafi verið í Sparisjóðnum, og að vera óvirkur fjárfestir, eins og hann sé í Byr. Þegar álitamál komi upp þurfi menn að vera vakandi fyrir hugsanlegum hagsmunaárekstrum, og víkja þegar það á við.

„Og það gerði ég um daginn þegar ég lýsti mig vanhæfan til að skipa í stöðu formanns sjálfseignarstofnunarinnar Byrs."

Spurður hvort ekki geti komið til árekstra milli þess að vera fjármálaráðherra og stóreignamaður, segir Árni:

„Ég sé ekki neina hagsmunaárekstra hvað varðar hluti sem eru almennir. Fjármálaráðherra þarf að taka ákvarðanir um fjármagnstekjuskatt og fyrirtækjaskatt en einnig um persónuafslátt og fleira. Ef hann er vanhæfur til þessara hluta, af því að hann á hluti í fyrirtækjum, þá er allur þingheimur vanhæfur þegar hann tekur ákvörðun um skatta á einstaklinga."

Árni líkir þessu við störf bænda á þingi. „Það hefur lengi tíðkast að þeir sitji á Alþingi og verið með umtalsvert styrkjakerfi í kringum það. Voru bændur þá vanhæfir til að sitja á þingi?" spyr Árni. Margir stjórnmálamenn eigi hlut í fyrirtækjum og kröfur um gegnsæi og upplýsingar um eignatengsl stjórnmálamanna séu óútkljáð mál. Hann hafi ekki tekið afstöðu til þeirra.

- kóþ

ÁRNI M. MATHIESEN Lýsti sig vanhæfan á dögunum til að skipa í stöðu formanns sjálfseignarstofnunarinnar Byr-sparisjóðs. FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR

Kjarnorkuáætlun Írana:

4.000 úranskilvindur í gagnið

ÍRAN, AP Íranar hafa fjölgað skilvindum til auðgunar úrans í 4.000, að því er háttsettur embættismaður Íransstjórnar greindi frá í gær. Með þessu gefur Íransstjórn tilraunum alþjóðasamfélagsins til að koma böndum á kjarnorkuáætlun hennar langt nef.

Í nóvember síðastliðnum sögðu Íranar að 3.000 skilvindur væru komnar í gang í kjarnorkuvinnslustöð þeirra í Natanz og stefnt væri að því að 6.000 yrðu komnar í gagnið í sumar. Að nú séu þær 4.000 gæti bent til að framkvæmdin sé komin á eftir áætlun.

Með auðgun úrans er bæði hægt að framleiða eldsneyti til raforkuframleiðslu í kjarnorkuverum og efni í kjarnorkusprengjur. - aa

Eldflaugavarnir í Póllandi:

Tusk reynir að róa grannana

PÓLLAND, AP Donald Tusk, forsætisráðherra Póllands, fundaði í gær með íbúum og sveitarstjórnarfulltrúum úr nágrenni gamals herflugvallar nyrst í landinu, þar sem til stendur að koma upp gagneldflaugaskotstöð fyrir hnattrænt eldflaugavarnakerfi Bandaríkjamanna. Á fundinum reyndi hann að eyða áhyggjum íbúanna af afleiðingum framkvæmdanna fyrir öryggi þeirra.

DONALD TUSK

Tusk stóð fast á því að skotstöðin myndi frekar auka öryggi fólksins en minnka. „Komi til ófriðar yrðu Redzikowo og Slupsk öruggari en aðrir staðir, ekki öfugt," sagði hann. Sumir íbúanna hafa lýst áhyggjum af hótunum Rússa um að gera hina væntanlegu stöð að skotmarki. **- aa**

JOHN MCCAIN OG SARAH PALIN McCain kynnti varaforsetaefni sitt á kosningafundi í Dayton í gær.

FRÉTTABLAÐIÐ/AP

McCain hleypir lífi í kosningabaráttuna

John McCain tekur óvænta áhættu með því að velja unga konu sér við hlið sem varaforsetaefni. Hún höfðar bæði til unga fólksins og til kvenna, en er reynsluminni en Obama og andvíg fóstureyðingum og hjónaböndum samkynhneigðra.

BANDARÍKIN, AP John McCain kom mörgum á óvart þegar í ljós kom að Sarah Palin, ríkisstjóri í Alaska, verður varaforsetaefni hans í kosningunum í nóvember. Þau stigu saman á svið í Dayton í Ohio í gær, daginn eftir að mótframbjóðandinn Barack Obama tók við útnefningu Demókrataflokksins.

McCain sagði að hún væri „nákvæmlega sú sem ég þarf á að halda, sú sem þjóðin þarf á að halda" til að hjálpa sér við að hrista upp í stjórnmálunum í Washington.

Palin þakkaði honum heiðurinn og sagði McCain vera eina forsetaframbjóðandann sem „hefur í raun og veru barist fyrir Bandaríkin".

Sarah Palin er tiltölulega lítt þekkt og hafði ekki verið meðal þeirra sem líklegust þóttu til að verða varaforsetaefni McCains. Hún er 44 ára gömul og því þremur árum yngri en Barack Obama og 38 árum yngri en McCain, sem reyndar átti afmæli í gær.

Hún hefur ekki verið ríkisstjóri nema í tæp tvö ár, en hefur lagt áherslu á að koma í gegn siðferðilegum umbótum í stjórnsýslu Alaska. Meðal annars jók hún skatta á hagnað olíufyrirtækja, með þeim árangri að ríkissjóður Alaska hefur gildnað verulega.

Palin er algerlega á móti fóstureyðingum og einnig er hún á móti hjónaböndum samkynhneigðra, en segist þó eiga samkynhneigða vini. Hún stundar skotveiðar reglulega og er félagi í NRA, hinu umdeilda félagi skotvopnaeigenda í Bandaríkjunum.

Hún þykir vera töluvert lengra til hægri í stjórnmálum en McCain, en hefur engu að síður verið afar umdeild meðal repúblikana, sem margir hverjir urðu hneykslaðir á vali McCains á varaforsetaefni í gær. Hún viðurkennir til dæmis fúslega að hafa prófað að reykja maríjúana meðan það var löglegt í Alaska.

Eiginmaður hennar, Todd Palin, er af frumbyggjaþjóðflokki Jupikinúíta í Kanada og vinnur á olíuborpalli milli þess sem hann stundar sjómennsku. Þau eiga fimm börn, það elsta er 19 ára en það yngsta er aðeins fjögurra mánaða og fæddist með Downs-heilkenni.

Aðeins einu sinni áður hefur kona verið varaforsetaefni annars stóru flokkanna fyrir kosningar í Bandaríkjunum. Það var árið 1984 þegar Geraldine Ferraro var varaforsetaefni Walters Mondale, sem tapaði í kosningum fyrir Ronald Reagan. **gudsteinn@frettabladid.is**

Rekstrarskilyrði erfið hér:

Olís skammar ríkisstjórnina

EFNAHAGSMÁL Olíuverzlun Íslands hf. (Olís) sendi í gær frá sér harðorða yfirlýsingu þar sem sagt er að rekstrarskilyrði fyrir olíufyrirtæki séu „þau verstu hér á landi í Evrópu og þótt víðar væri leitað" og það væri „meðal annars vegna aðgerðaleysis ríkisstjórnarinnar". Yfirlýsingin kemur í kjölfar þess að Björgvin G. Sigurðsson viðskiptaráðherra beindi því til Samkeppniseftirlitsins og Neytendastofu að kanna þróun eldsneytisverðs hér á landi.

BJÖRGVIN G. SIGURÐSSON

Sagt er að hár fjármagnskostnaður hérlendis vegna hárra vaxta og gengissveiflna krónunnar fari óhjákvæmilega í verðlagið. Þá eru tekin dæmi af Evrópulöndum þar sem bensínið er dýrara en hér. **- gh**

LÖGREGLUFRÉTTIR

Gámur fauk af vörubíl

Engan sakaði þegar fjörutíu feta gámur fauk af vörubíl á Kjalarnesi í gærmorgun. Þá fauk gámur einnig við Klébergsskóla á Kjalarnesi. Vindur fór mest í 32 metra á sekúndu á Kjalarnesi í gærmorgun.

Ók undir áhrifum fíkniefna

Lögreglan á Suðurnesjum tók ökumann í fyrrinótt vegna gruns um akstur undir áhrifum fíkniefna. Tóbaksblandað hass fannst á einum farþega í bifreiðinni.

Hjólhýsi fauk í sjóinn

Hjólhýsi sem stóð við sumarbústað fauk í sjóinn í Álftafirði í Ísafjarðardjúpi í gærmorgun. Engan sakaði en hjólhýsið er talið ónýtt.

SMURT SKORIÐ

BRÖGÐÓTT BEIKONSKINKA!

Þóttist vera venjuleg skinka í kaffipásu iðnaðarmanna á Húsavík.

SS ÁLEGG - GERIR ÞAÐ GOTT



TAX FREE DAGAR

Dagana 29.-31. ágúst
afnemum við VSK af
ÖLLUM FATNAÐI.

Þú færð allan dömu-,
herra- og barnafatnað,
undirföt, sokka
og sokkabuxur án
virðisaukaskatts
þessa þrjá daga.

Fatnaður á alla fjölskylduna

Að sjálfsögðu fær ríkissjóður sinn virðisaukaskatt af þessari sölu. Verðlækkunin er alfarið á kostnað Hagkaupa.

Tilboðin gilda út sunnudaginn 31. ágúst 2008.

OPIÐ til 20 alla daga

HAGKAUP
Ein ferð betra verð

FagMennt – OPNI HÁSKÓLINN:

DIPLÓMANÁM Í ALÞJÓÐAVIÐSKIPTUM

Opni háskólinn býður hagnýtt 30 ECTS-eininga diplómanám í alþjóðaviðskiptum (nám með vinnu).

Diplómanámið í alþjóðaviðskiptum kynnir fræðilegar og hagnýtar aðferðir sem notaðar eru í alþjóðaviðskiptum. Markmið námsins er að nemendur öðlist hagnýta þekkingu í alþjóðaviðskiptum og geti nýtt sér námið í starfi og lífi á markvissan og árangursríkan hátt.

Haustönn 2008
Alþjóðaviðskipti
Alþjóðahagfræði

Vorönn 2009
Samkeppnishæfni og útrás
Alþjóðafjármál
Alþjóðasamskipti

Námið hefst 15. september – Nokkur sæti laus
Kennt er á mánudögum og miðvikudögum kl. 16:30-19:30
Skráning á **www.fagmennt.is**

Auðlind einstaklinga – Auðlind atvinnulífsins

OPNI HÁSKÓLINN
Í HÁSKÓLANUM Í REYKJAVÍK

opnihaskolinn.is

HVÍTA HÚSIÐ/SÍA – 08-1246

Nú höfum við opnað nýja Vínbúð í Skútuvogi 2 og aukum þar með þjónustu okkar við viðskiptavini.

VÍNBÚÐIN

vinbudin.is

EINNEMM / SÍA / NM34989

Svandís Svavarsdóttir, stjórnarmaður í OR:

REC kom ekki inn á borð Orkuveitunnar

ORKUMÁL Svandís Svavarsdóttir, stjórnarmaður í Orkuveitu Reykjavíkur, segir að viðræður um orkuverð við REC Group hafi ekki komið inn á borð stjórnar Orkuveitu Reykjavíkur að öðru leyti en því að forstjóra hafi verið falið að halda viðræðum við fyrirtækið áfram.

SVANDÍS SVAVARSDÓTTIR

Stjórnin hafi lagt þá grunnlínu að taka umhverfisvæna kosti á borð við sólarkísilverksmiðju fram fyrir gamaldags stóriðju án þess að það hafi verið bókað. Hins vegar hafi ekkert komið fram um það hvaða stefnu og forgangsröðun stjórnin hafi eftir síðustu meirihlutaskipti.

Guðlaugur Gylfi Sverrisson, nýr stjórnarformaður Orkuveitunnar, býst við að málið verði rætt utan dagskrár á stjórnarfundi á föstudag. **- ghs**

LISTRÆNIR VESTUR-ÍSLENDINGAR Hljómsveitin D. Rangers, sem er skipuð tveimur Vestur-Íslendingum kemur fram á Þjóðræknibingi í dag. Dansarinn Freya Björg Ólafsson sýnir frumsaminn dans um kvöldið. Þingið hefst klukkan 13.00.

Frændur vorir á Akureyri

Þjóðræknibing verður haldið í dag á Akureyri. Meðal gesta verða mennta- og menningarmálaráðherra Manitoba auk vesturíslenskra listamanna.

AKUREYRI Þjóðræknibing Þjóðræknifélags Íslendinga verður haldið á Akureyri í dag í safnaðarheimili Akureyrarkirkju í samstarfi við Akureyrarvöku.

„Þar sem Vestur-Íslendingar og Íslendingar koma saman er alltaf mikil gleði," segir Almar Grímsson, formaður Þjóðræknifélagsins.

Mörg fyrirmenni Kanada verða meðal gesta þingsins, þar á meðal Tammy Axelsson, bæjarstjóri Gimli, en Gimli er sérstakur vinabær Akureyrar. Að auki verða Janis Johnson öldungadeildarþingmaður á kanadíska þinginu fyrir Ottawa og Peter Björnsson, alíslenskur mennta- og menningarmálaráðherra Manitoba.

„Þingið er haldið sérstaklega til að minnast frumkvöðlanna í starfi félagsins á Akureyri. Meðal þeirra var Árni Bjarnason sem var formaður þjóðræknifélagsins á Akureyri og lyfti grettistaki í starfi félagsins eftir seinni heimsstyrjöld," segir Almar.

Að auki verður Sigríðar Jónsdóttur, mömmu Jóns Sveinssonar, Nonna, rithöfundar, minnst. Hún fluttist vestur um haf og settist þar að. Saga hennar er merkileg, að sögn Almars og sýning verður opnuð henni til heiðurs á morgun.

Nokkrir listamenn skemmta á þinginu og þar á meðal sveitahljómsveitin D. Rangers sem hefur á að skipa Vestur-Íslendingunum Chris Saywell og Jaxon Haldane. Í kvöld mun síðan Freya Björg Ólafsson Vestur-Íslendingur sýna frumsamið dansverk um komu forfeðra hennar til Kanada.

> Þar sem Vestur-Íslendingar og Íslendingar koma saman er alltaf mikil gleði."
>
> **ALMAR GRÍMSSON**
> FORMAÐUR ÞJÓÐRÆKNIFÉLAGS ÍSLENDINGA.

Atli Ásmundsson, aðalræðismaður Íslands í Winnipeg, segir mikla stemningu vera meðal þeirra Kanadamanna sem eru staddir á Akureyri. „Þungamiðja Vestufaranna var hér á Norðurlandi og fólkið nær miklu sambandi og návígi hér," segir Atli.

Markmið Þjóðræknifélagsins er meðal annars að efla samhyggð og samstarf milli Íslendinga heima og erlendis og tengsl við fólk af íslenskum ættum utan Íslands. Félagið beitir sér sérstaklega fyrir eflingu samskipta við Vesturheim. **vidirp@frettabladid.is**

CTi MOTOCROSSKEPPNI

Sunnudaginn 31. ágúst

Bolaöldu á móts við Litlu kaffistofuna

ATH. BREYTT DAGSETNING

Keppni hefst kl. 14:00
Yngri flokkar kl. 12:15

Aðgangseyrir 500,- kr. - Frítt fyrir 12 ára og yngri

Síðasta keppni ársins

Hver verður Íslandsmeistari?



Motocross landslið Íslands og margir af bestu ökumönnum heims keyra í CTi spelkum.

GIBBONAPI Í KAMBÓDÍU Þessi gibbonapi situr í búri sínu í dýragarði í Kambódíu. Vísindamenn segja að 2.500 apa af sömu tegund sé að finna norðvestan til í landinu. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Tap á rekstri Stoða (áður FL Group) minnkar milli ársfjórðunga:

Tap Stoða 11,6 milljarðar króna

VIÐSKIPTI Stoðir (áður FL Group) töpuðu 11,6 milljörðum króna á öðrum ársfjórðungi. Á sama tíma í fyrra hagnaðist félagið um rétt rúma 8 milljarða króna. Heldur hefur dregið úr tapi félagsins milli ársfjórðunga en á fyrsta fjórðungi nam tap Stoða 47,8 milljörðum króna.

Í tilkynningu félagsins kemur fram að tapið nú skýrist einkum af fjármagnskostnaði og af lækkun á markaðsverðmæti eignarhlutar Stoða í Glitni banka. Tap vegna 32 prósenta hlutar félagsins í bankanum nemur 8,9 milljörðum króna. Vaxtagjöld nema 8,5 milljörðum.

Í ÁRSBYRJUN Jón Ásgeir Jóhannesson stjórnarformaður og Jón Sigurðsson forstjóri sjást hér á kynningu ársuppgjörs FL Group (nú Stoða) í byrjun ársins. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Aðrar kjarnafjárfestingar Stoða eru í Baugi Group, Tryggingamiðstöðinni (TM) og Landic Property. TM og Landic skiluðu einnig uppgjöri í gær. Á fyrstu sex mánuðum ársins tapaði TM 130 milljónum króna, en Landic hagnaðist um 435 milljónir. Fram kemur að hagnaður af áframhaldandi starfsemi Landic á fyrri helmingi ársins nemi 5,4 milljörðum kóna.

FL Group var tekið af markaði í júníbyrjun og nafni þess breytt í Stoðir. Haft er eftir Jóni Sigurðssyni, forstjóra félagsins, að nýtt nafn sé rökrétt þar sem megnihlutverk Stoða sé að efla og styðja við kjarnafjárfestingar félagsins og veita kjölfestu til framtíðar. - óká

6 MÁN. HAGNAÐUR/TAP

Stoðir (áður FL Group)

*Janúar - júní 2008 -59,5 milljarðar kr.
Janúar - júní 2007 +23,1 milljarður kr.

Landic Property hf.

Janúar - júní 2008 +0,4 milljarðar kr.
Janúar - júní 2007 +4,3 milljarðar kr.

Tryggingamiðstöðin hf.

Janúar - júní 2008 -3,4 milljarðar kr.
Janúar - júní 2007 +2,4 milljarðar kr.

** Hagnaður af kjarnastarfsemi nam tæpum 5,4 milljörðum á fyrstu sex mánuðum ársins.*

Hraði í Hvalfjarðargöngum:

Flestir virða hámarkshraða

LÖGREGLUMÁL Alls 56 ökumenn óku of hratt í Hvalfjarðargöngum á mánudag og þriðjudag.

Rúmlega þrjú þúsund ökutæki fóru um göngin á þeim 46 klukkustundum sem vaktaðar voru og því var hlutfall brotlegra ökumanna tæplega 2 prósent. Meðalhraði þeirra sem óku of hratt var 85 kílómetrar á klukkustund en 70 er hámarkshraði í göngunum. Fimm óku á 90 kílómetra hraða eða meira en sá sem hraðast ók mældist á 118. Brot þeirra voru mynduð og mega þeir búast við sektum. Brotahlutfall og meðalhraði eru svipuð og við síðustu vöktun á þessum stað. - ovd

LÖGREGLUFRÉTTIR

Trampólín skemmdi bíla

Þrír bílar skemmdust nokkuð þegar trampólín fauk á þá í Bolungarvík í gærmorgun. Bílarnir eru meðal annars talsvert rispaðir.

Hefur þú nýtt þér þjónustu Impru?

www.impra.is

Sóknarfæri
á Suðausturlandi

Sóknarfæri á Suðausturlandi er stuðningsverkefni fyrir starfandi fyrirtæki sem vilja vinna að vexti, nýsköpun eða umbótum í starfsemi sinni.

Sóknarfæri á Suðausturlandi er sérstaklega ætlað fyrirtækjum á Suðausturlandi frá Skaftárhreppi að Djúpavogi og kemur til framkvæmda seinni hluta árs 2008 og árið 2009.

Verkefnið er tvíþætt og hefst með greiningu á stöðu fyrirtækjanna. Í kjölfar greiningarinnar geta fyrirtækin sótt um styrk til kaupa á margvíslegri ráðgjöf til umbóta í rekstri.

Skráningarfrestur í greiningarverkefnið er til **15. september 2008**.

Nánari upplýsingar og umsóknarblöð eru á heimasíðu Impru **www.impra.is** og hjá Ara Þorsteinssyni, verkefnisstjóra.
Símar: **470 8080** / **522 9000**. Tölvupóstur: **arith@nmi.is**.

Nýsköpunarmiðstöð Íslands
Impra frumkvöðlar og sprotar

Akureyri | Höfn | Ísafirði | Reykjavík | Vestmannaeyjum

*Flug aðra leiðina með sköttum.

Fjórðungsuppgjör OR:

840 milljónir króna í plús

VIÐSKIPTI Orkuveita Reykjavíkur (OR) skilaði tæpum 840 milljóna króna hagnaði á öðrum fjórðungi ársins.

Orkuveitan tapaði hins vegar 16,4 milljörðum króna, sé allur fyrri hluti ársins undir. Það er sagt skýrast að öllu leyti af gengisfalli krónunnar.

Eigið fé Orkuveitunnar rýrnaði um 17 milljarða króna á fyrri hluta ársins, og er nú tæpir 72 milljarðar. Eiginfjárhlutfall Orkuveitunnar er nú tæp 33 prósent, en var ríflega 46 prósent um áramót. Skuldir Orkuveitunnar jukust um 44 milljarða króna á fyrri hluta ársins. - ikh

Íbúar í Lindahverfi í Kópavogi eru óánægðir með samráðsleysi bæjaryfirvalda:

Vilja ekki háhýsi í íbúðahverfi

SKIPULAGSMÁL „Fólki bregður við þegar það sér hvaða skrímsli er að fæðast," segir Anna S. Magnúsdóttir, íbúi í Lindahverfi, um deiliskipulagsbreytingar í Kópavogi.

Íbúar í Lindahverfi efndu á fimmtudagskvöldið til fundar þar sem kynntar voru fyrirhugaðar nýbyggingar í og við hverfið. Fundarmenn voru á þriðja hundrað, þar á meðal nokkrir bæjarfulltrúar.

Meðal fyrirhugaðra breytinga er háhýsi upp á tíu hæðir við Bæjarlind 8 til 10 sem þegar hefur verið samþykkt og nýjar tillögur sem gera ráð fyrir 9 hæða húsi við verslun Elko við Skógarlind.

Íbúarnir mótmæla breytingunum harðlega og skora á bæjaryfirvöld að láta staðar numið við uppbyggingu á svæðinu umfram það sem kveðið er á um í þegar samþykktu deiliskipulagi. „Öllum má vera ljóst að það byggingamagn sem nú þegar hefur verið samþykkt á svæðinu hefur í för með sér gífurlega aukningu á umferð, með tilheyrandi mengun og rýrnun á lífsgæðum íbúa Lindahverfis," segir í ályktun fundarins.

Þá átelja íbúarnir samráðsleysi og kvarta undan því hversu illa skipulagsbreytingar eru kynntar. „Auglýsingin um Glaðheimasvæðið er mjög víðtæk og óljós. Þar stendur til að byggja háreistar byggingar og hjá einum bæjarfulltrúanum kom fram að þar sé verið að tala um þrjátíu hæða byggingar," segir Anna.

Hún segir að næstu daga verði undirskriftum safnað í hverfinu þar sem breytingunum er mótmælt. - ovd

NÝBYGGINGAR Íbúarnir eru óánægðir með fyrirhugaðar nýbyggingar sem þeir telja of háar og illa samrýmast byggð í hverfinu.

ÁL Iðnaðarvörur hafa tekið við af sjávarafurðum sem verðmætasta útflutningsvara Íslendinga. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Vöruskiptajöfnuður skánar:

Álið eykur útflutningstekjur

VERSLUN **Verðmæti vöruútflutnings frá Íslandi á fyrstu sjö mánuðum ársins jókst um þrettán prósent frá sama tímabili í fyrra, samkvæmt tölum frá Hagstofu Íslands. Munar þar mest um aukinn útflutning áls, en iðnaðarvörur eru nú meira en helmingur vöruútflutnings Íslendinga. Jókst útflutningsverðmæti þeirra um tæp 45 prósent. Verðmæti útfluttra sjávarafurða dróst saman um tæp sex prósent.**

Halli á vöruskiptajöfnuði fyrstu sjö mánuði ársins var tæpir 42 milljarðar, lækkaði úr tæpum 65 milljörðum á sama tíma í fyrra. Innflutningur jókst um tæp tvö prósent. - gh

Dæmdur í héraðsdómi:

Faldi fíkniefni í bílklæðningu

DÓMSMÁL Rúmlega tvítugur maður hefur verið dæmdur til að greiða 60 þúsund króna sekt í ríkissjóð vegna vörslu fíkniefna. Hann var ákærður fyrir að hafa haft í fórum sínum 1,29 grömm af amfetamíni, 0,93 grömm af maríjúana og 1,16 grömm af hassi. Efnin hafði hann falið í klæðningu bifreiðar sinnar við gírstöng. Þar fundust þau eftir að lögregla hafði stöðvað för mannsins á bifreiðinni á Sauðárkróki.

Maðurinn á að baki nokkurn sakarferil. Hann rauf skilorð með athæfi sínu. - jss

Þingfesting í héraðsdómi:

Fórnarlambið fékk blóðnasir

DÓMSTÓLAR **Ákæra hefur verið þingfest í Héraðsdómi Reykjavíkur þar sem tæplega fertug kona er ákærð fyrir tvær líkamsárásir. Ákærðu er gefið að sök að hafa rifið í hár konu á veitingastað í Reykjavík, slegið hana hnefahöggi í andlitið og klórað hana í báða handleggi með þeim afleiðingum að fórnarlambið hlaut blóðnasir, mar og roðstrik á upphandleggi.**

Konan er einnig ákærð fyrir brot gegn valdstjórninni með því að hafa rifið í hár lögreglukonu við skyldustörf fyrir utan veitingastaðinn, slegið hana í vinstri kinn og klórað með þeim afleiðingum að hún hlaut vægan roða yfir kinnbeini, eymsli í hársvörð, yfirborðssár á vinstri framhandlegg og handarbak. - ghs

KAUPHÖLL ÍSLANDS *[Hlutabréf]*

OMX ÍSLAND 15
4.207 **-0,61%**

Fjöldi viðskipta: 190
Velta: 1.409 milljónir

MESTA HÆKKUN

SPRON	+4,35%
EIMSKIPAFÉLAGIÐ	+1,41%
FØROYA BANKI	+0,63%

MESTA LÆKKUN

EXISTA	-2,56%
GLITNIR	-1,95%
STRAUMUR	-1,30%

HLUTABRÉF Í ÚRVALSVÍSITÖLU: Alfesca 6,69 +0,00% ... Atorka 5,05 +0,00% ... Bakkavör 26,55 +0,38% ... Eimskipafélagið 14,40 +1,41% ... Exista 7,60 -2,56% ... Glitnir 15,05 -1,95% ... Icelandair Group 20,10 +0,00% ... Kaupþing 707,00 -0,42% ... Landsbankinn 24,00 +0,00% ... Marel 86,00 +0,23% ... SPRON 3,60 +4,35% ... Straumur-Burðarás 9,15 -1,30% ... Össur 90,50 -0,22%

viðskipti
Umsjón: MARKAÐURINN nánar á visir.is

Verðbólga hjaðnar í evrulöndum

Verðbólga neysluverðs í Evrópu í ágúst var 3,8 prósent í samanburði við 4,1 prósent mánuðinn á undan, sem er umtalsvert umfram væntingar greiningardeilda. Hagstofa Evrópu, Eurostat, birti einnig niðurstöður úr könnun á væntingum neytenda og fyrirtækjastjórnenda til framtíðarinnar, sem sýna aukna svartsýni. Væntingavísitalan hefur ekki verið lægri í fimm ár.

Þessar fréttir eru taldar auka þrýsting á Seðlabanka Evrópu að lækka stýrivexti, en næsta vaxtaákvörðun bankans verður tekin 4. september. Talsmaður bankans sagði í viðtali við fréttastofu Bloomberg að bankinn teldi verðbólguþrýsting þó enn óviðunandi og að vextir væru í samræmi við aðstæður. Bankinn hækkaði vexti í júní í 4,25 prósent.

Á fimmtudag sagði forseti Frakklands, Nicolas Sarkozy, að á fundi efnahags- og fjármálaráðherra Evrópusambandsins eftir tvær vikur yrði að ræða aðgerðir til að koma í veg fyrir efnahagskreppu í álfunni. **-msh**

NICOLAS SARKOZY Forseti Frakklands vill að Evrópusambandið grípi til aðgerða vegna yfirvofandi kreppu. MARKAÐURINN/AFP

SpBol fer úr plús í mínus

Verulegur viðsnúningur varð á afkomu Sparisjóðs Bolungarvíkur á fyrri hluta árs. Sparisjóðurinn tapaði 322 milljónum á fyrstu sex mánuðum ársins en hagnaðist um 231 milljón í fyrra.

Afkoman fyrir skatta var neikvæð um hálfan milljarð. Þá var arðsemi eiginfjár neikvæð um 33,9 prósent sem er mikil breyting á milli ára, en í fyrra nam hún 37,5 prósentum.

Hreinar rekstrartekjur voru sömuleiðis neikvæðar um 299 milljónir króna en voru jákvæðar um 395 milljónir í fyrra. Haft er eftir Ásgeiri Sólbergssyni sparisjóðsstjóra að uppgjörið endurspegli erfiðar aðstæður á hlutabréfamörkuðum. Hafi sparisjóðurinn mætt erfiðleikunum með varúðarfærslu á eignasafni sínu. **- jab**

Óvænt hækkun á hagvexti vestanhafs

Hagvöxtur í Bandaríkjunum á öðrum ársfjórðungi var 3,3 prósent samkvæmt endurskoðaðri áætlun viðskiptaráðuneytis Bandaríkjanna. Fyrri áætlun gerði ráð fyrir 1,9 prósenta hagvexti á öðrum ársfjórðungi.

Mest munaði um að útflutningur var meiri og innflutningur minni en fyrri áætlun gerði ráð fyrir, en lægra gengi Bandaríkjadals ýtti undir útflutning. Framlag utanríkisviðskipta til hagvaxtar hefur ekki verið meira síðan 1980. Þjóðartekjur uxu hins vegar mjög lítið, eða aðeins 1,9 prósent.

Þó að þessar tölur bendi til þess að bandarískt efnahagslíf standi betur af sér efnahagsþrengingar síðustu mánaða telja hagfræðingar að viðsnúningur verði á síðari helmingi ársins, en samdráttur í heimshagkerfinu mun draga úr eftirspurn eftir bandarískum útflutningi og almenningur í Bandaríkjunum halda áfram að draga úr neyslu. Hagfræðingar hafa einnig sett spurningarmerki við lágt verðbólgumat í áætluninni.

Tölur sem birtar voru á föstudag sýna að verðbólga í júlí var hin mesta síðan í febrúar 1991. Einkaneysla dróst saman um 0,4 prósent að raunvirði og ráðstöfunartekjur um 1,7 prósent, en allt er þetta talið renna stoðum undir þá skoðun að hagvöxtur á síðari árshelmingi verði lítill eða enginn. **- msh**

Byr sektað um milljón á dag

Samkeppniseftirlitið hefur ákveðið að sekta sparisjóðinn Byr um eina milljón króna á dag vegna skorts á upplýsingum um samruna Kaupþings og SPRON. Sparisjóðsstjórinn segir djúpt á upplýsingunum.

„Við vorum undrandi yfir því magni upplýsinga sem við þurftum að senda til Samkeppniseftirlitsins," segir Ragnar Z. Guðjónsson, sparisjóðsstjóri Byrs.

Samkeppniseftirlitið segir í ákvörðun sinni í gær að ákveðið hafi verið að leggja eina milljón króna dagssekt á Byr sparisjóð vegna skorts á upplýsingum er varða samruna Kaupþings og Spron. Eftirlitið óskaði eftir upplýsingunum í byrjun júlí og sendi Byr svar síðar í mánuðinum. Samkeppniseftirlitið taldi það ófullnægjandi og urðu tafir á frekari svörum Byrsmanna. Því hafi verið ákveðið að leggja sektir á sparisjóðinn þar til fullnægjandi svör berist.

Á annað hundrað fyrirtækja, þar á meðal banka og fjármálafyrirtækja, voru krafin upplýsinga átta ár aftur í tímann vegna málsins. Ragnar segir erfitt fyrir Byr að hafa uppi á þeim upplýsingum sem Samkeppniseftirlitið óski eftir, sérstaklega þar sem þær komi úr bókum fjögurra sparisjóða, sem nú myndi Byr.

Sparisjóðurinn varð til á fyrri hluta síðasta árs með sameiningu Sparisjóðs Hafnarfjarðar, Sparisjóðs vélstjóra og Sparisjóðs Kópavogs. Þá stendur enn yfir vinna við samruna Byrs við Sparisjóð Norðlendinga. „Við reynum að senda eftirlitinu allar upplýsingar sem við getum. En sumt höfum við einfaldlega ekki." Byr sendi ítarlegar upplýsingar til Samkeppniseftirlitsins í gær og er í skoðun að kæra ákvörðunina.

Ekki náðist í þá sem hafa málið undir höndum hjá Samkeppniseftirlitinu þegar eftir því var leitað í gær. **jonab@markadurinn.is**

STJÓRNENDUR BYRS Sparisjóðsstjóri Byrs, sem situr hægra meginn, segir erfitt að hafa upp á upplýsingum varðandi Kaupþing og Spron átta ár aftur í tímann. Upplýsingarnar komi úr bókum fjögurra sparisjóða sem myndi Byr. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

Kaupþing og Pro Golf bjóða landsmönnum öllum **frítt að slá í Básа** laugardaginn **30. ágúst** frá klukkan 10.00-18.00.

Mætið snemma því fyrstir koma, fyrstir fá.

Dagurinn er fyrir alla fjölskylduna og verður Grafarkotsvöllur fullur af skemmtilegum þrautum fyrir hressa krakka.

Á staðnum verða golfkennarar frá **Pro Golf** ásamt kynningu og spennandi tilboðum frá:

ecco cross NEVADA BOB

SÍÐUSTU DAGAR ÚTSÖLU REKKJUNNAR

10-70% AFSLÁTTUR!

HEILSUKODDAR
ALLT AÐ 50% AFSLÁTTUR

HÚSGÖGN, SÓFAR OG SYNINGARRÚM
ALLT AÐ 70% AFSLÁTTUR

ÞRÝSTIJÖFNUNAR-SVAMPSRÚM
(Queen Size 153x203)
FRÁ kr. 86.400

FJÖLSTYLLANLEG HEILSURÚM
ALLT AÐ 30% AFSLÁTTUR

SVEFNSÓFAR
ALLT AÐ 30% AFSLÁTTUR

SÆNGURVER
30% AFSLÁTTUR

Rúm með latex-heilsudýnu
Almennt verð kr. 247.108
ÚTSÖLUVERÐ Kr. 190.100

KING KOIL
(Queen Size 153x203)
FRÁ kr. 89.900

COMFORT solutions®
By King Koil®

rekkjan
HEILSURÚM

Rekkjan ehf ·· Suðurlandsbraut 48 (Bláu húsin í Faxafeni) ·· 108 Reykjavík ·· 588 1955 ·· www.rekkjan.is ·· Opið virka d. 10–18 og lau 11–16

Fíton / SÍA

Tókstu eftir flamingófuglinum?

Þegar þú hefur séð nýja Passat CC sérðu ekkert annað.

Frumsýning á Passat CC í dag kl. 10–16

Vinsældir Passat hafa verið slíkar að ætla mætti að engin þörf væri á að gera betur. Það er hinsvegar stefna Volkswagen að koma sífellt á óvart og því er nýi Passat CC búinn fjölda spennandi nýjunga. Þar má nefna akreinavara, sem grípur sjálfvirkt inn í þegar búnaður skynjar að bíllinn gæti sveigt af akrein, fjöðrunarstýring, sem aðlagar sig að vegi og akstursskilyrðum, ContiSeal hjólbarðar, sem loka sjálfkrafa götum ef þau myndast, og svo mætti lengi telja. Auk nýja Passat CC verða nokkrir ofurbílar frá Volkswagen til sýnis: Pheaton, Passat R36, Eos, Touareg R50 og Multivan Business Edition. **Komdu á Laugaveginn og sjáðu það besta frá Volkswagen.**

www.volkswagen.is

Das Auto.

Reynslan er góð!

Laugavegi 172-174 · 590 5000 · hekla.is · hekla@hekla.is · umboðsmenn um land allt

HEKLA

skoðun

greinar@frettabladid.is

Bakland bankanna er bakland þjóðarinnar:

Aðgerða enn beðið

ÓLI KRISTJÁN ÁRMANNSSON SKRIFAR

Með skömmu millibili hafa nú forstöðumenn greiningardeilda stóru viðskiptabankanna þriggja birt greinar þar sem fjallað er um stöðu bankanna í íslensku hagkerfi og um leið stefnu stjórnvalda í hagstjórninni. Þungi er í skrifunum.

Ásgeir Jónsson hjá Kaupþingi hefur bent á alvarlega brotalöm í peningamálastefnu Seðlabankans, sem hann segir grafa undan eigin trúverðugleika með því að nýta ekki svigrúm hvað markmið varðar. Edda Rós Karlsdóttir í Landsbankanum og Ingólfur Bender hjá Glitni telja svo bæði að verði ekki komið hér upp viðunandi baklandi fyrir bankana, hvort sem það væri með því að efla gjaldeyrisforða Seðlabankans til að efla trú á að hann fái varið hér fjármálastöðugleika, eða með myntsamstarfi, þá sé einsýnt að þeir komi til með að færa rekstur sinn annað.

„Hvert ættu bankarnir svo sem að fara?“ kynni einhver að svara. Í miðri alþjóðlegri lausafjárkreppu getur verið að hægt sé að leyfa sér dryldin svör um möguleika þeirra. Barnaskapur væri hins vegar að halda að til dæmis Bretar, Írar eða Norðmenn myndu afþakka skatttekjur af öflugu fjármálafyrirtæki með rekstur á alþjóðavísu. Finni bankarnir ekki bakland hér þarf ekki að koma á óvart þótt þeir hugsuðu sér til hreyfings þegar eðlilegt ástand færist á ný yfir fjármálalíf heimsins.

Ótrúlegt og ólíklegt þykir manni að ráðamenn þjóðarinnar aðhyllist skoðanir sem komið hafa upp í umræðunni um að það væri bara allt í lagi að sjá á eftir bönkunum úr landi. Að hér henti mikið fremur starfsemi smárra fjármálafyrirtækja sem sinni sínu nærumhverfi og fái ekki að vaxa hagkerfinu yfir höfuð. Kannski að menn horfi þar til sparisjóðanna, sem ekki eru of sælir þessa dagana.

Til hvers hefur hér verið reynt að byggja upp hagfellt umhverfi til fyrirtækjareksturs og skattar á þau lækkaðir, ef pínulítill og óstöðugur gjaldmiðill hrekur þau fyrirtæki úr landi sem geta flúið? Hvað hefur breyst frá því Geir H. Haarde forsætisráðherra kynnti á haustdögum 2006 skýrslu nefndar um alþjóðlega fjármálastarfsemi á Íslandi og fól embættismönnum forsætis-, fjármála- og viðskiptaráðuneyta að vinna frekar úr þeim hugmyndum sem þar voru reifaðar?

Margir eru orðnir langeygir eftir aðgerðum stjórnvalda og átelja þau fyrir stefnuleysi í efnahagsmálum. Nú líður að stýrivaxtaákvörðun þar sem búist er við því að haldið verði í himinhátt vaxtastig sem greinilega er ekki að skila tilætluðum árangri í baráttu við verðbólguna. Óskandi væri að þar á bæ gæfu menn gaum skrifum Ásgeirs Jónssonar um að nýta beri 1,5 prósenta þolmörkin í kringum 2,5 prósenta verðbólgumarkmið bankans. „Hins vegar hefur Seðlabanki Íslands frá 2005 látið sem þessi þolmörk séu ekki til þegar peningamálastefnan er rökstudd og skýrð,“ segir hann í hálffimmfréttum bankans.

Raunhæf markmið eru líkast til lykillinn að því að ná árangri á reynandi tímum. Seðlabankinn svarar fyrir stefnuna næsta vaxtaákvörðunardag, 11. september, og kemur þá í ljós hvort þau svör ná að renna stoðum undir síþverrandi trú á peningamálastefnu bankans. Sömuleiðis verður spennandi að heyra hvaða skilaboð forsætisráðherra hefur að færa næstkomandi þriðjudag í boðaðri umfjöllun um efnahagsmál á Alþingi.

FRÁ DEGI TIL DAGS

Hæf eða vanhæf?

Fimmtíu milljóna króna styrkur ríkisins til Handboltasambandsins í kjölfar ólympíusilfursins hefur borist í tal í heitum pottum og á vefsíðum. Þar er meðal annars spurt hvort Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir menntamálaráðherra hafi mögulega verið vanhæf við afgreiðslu málsins á ríkisstjórnarfundi á þriðjudag í ljósi þess að eiginmaður hennar, Kristján Arason, situr í stjórn HSÍ. Þetta er eðlileg vangavelta sökum þess að í frétt menntamálaráðuneytisins af styrknum sagði að ríkisstjórnin hefði ákveðið þetta.

Ef og hefði

Ef milljónirnar fimmtíu hefðu verið sóttar í ríkiskassann á grundvelli gildandi fjárheimilda, hefðu hæfisreglur stjórnsýslulaga líklega átt við. Samkvæmt þeim mega ráðherrar nefnilega ekki ráðstafa opinberu fé til málefna þar sem venslafólk er í forsvari. Þorgerður hefði því þurft að víkja af ríkisstjórnarfundi við umræður og afgreiðslu málsins.

En

Þessu er hins vegar öðruvísi farið. Líkt og greint var frá hér í blaðinu í gær verður heimild fyrir gjöfinni sótt með fjáraukalögum. Það er því Alþingi sem tekur ákvörðunina, ekki ráðherrar. Allt er því með felldu.

Það er svo annað mál að fjáraukalögum á helst að beita ef ófyrirséð atvik kalla á það og greiðsla þolir ekki bið. Með hliðsjón af því hefði kannski verið eðlilegra að ríkisstjórnin leitaði lagaheimildar fyrir styrknum góða í fjárlögum næsta árs fremur en fjáraukalögum þessa árs.

bjorn@frettabladid.is

Handboltadraumar

HALLGRÍMUR HELGASON
Í DAG | HANDBOLTI

Ég kom út af vinnustofunni rétt fyrir fimm og heyrði drunur af himni. Leit upp og sá þotu svífa yfir austurborgina. Henni fylgdu tvær þyrlur. Strákarnir okkar voru komnir heim. Með sextán silfurmedalíur frá ÓL í Peking. Staðreyndin helltist yfir mann, hjartað tók kipp og augun fylltust af tárum.

Maður er búinn að vola mikið þessa Ólympíudaga. Það er líklega sögunnar vegna. Á bakvið handboltasilfrið í Peking er langt og mikið puð. Það tók okkur hálfan mannsaldur að klifra á þennan pall.

Þegar faðir minn æfði handbolta og stóð í markinu hjá ÍR upp úr 1950 æfðu öll liðin í sama húsi: Gömlum bragga sem breski herinn hafði reist inni við Skeiðarvog og hét Hálogaland. Þetta var eini almennilegi íþróttasalur landsins frá stríðslokum og þar til Laugardalshöllin var opnuð 1965. Landsleikir voru fátíðir og töpuðust flestir. Eitt sinn náðist þó jafntefli við Finna, kannski vegna þess að leikið var utandyra, á Melavellinum.

Ég fór með pabba á fyrstu landsleikina í Höllinni. Í stúkunni voru bara karlmenn, allir í svörtum rykfrökkum og hvítum skyrtum, sumir reykjandi. Og ég man eftir nafninu „Labbi“. Það var goðsagnakenndur blær yfir því: Gunnlaugur Hjálmarsson hafði valist í heimsliðið eftir HM í Þýskalandi ’61. Svo man ég fyrsta sigurinn á Dönum, 15-10, í Höllinni ‘68. Sigurbergur Sigsteinsson láréttur í loftinu og hinn skotfasti Jón Hjaltalín Magnússon að skora frá miðju. „Mesta íþróttaafrek Íslandssögunnar,“ kvað ráðherrann Gylfi Þ. um sigurinn.

Og smám saman fjölgaði húsunum. Leiðarstef æsku minnar var krafan um íþróttahús við hvern skóla með handboltavelli í fullri stærð. Álftamýrarskóli fékk eitt og ég fór í markið af því að pabbi hafði staðið þar og af því ég gat ekki gómað boltann. Í staðinn fengu ökklar og læri að brenna undan skotum frá Sigurði Gunnarssyni og Atla Hilmars. Atli bjó í blokkinni okkar og var bestur í boltaskotum, fót og hand. Eftir skóla æfðum við látlaust í skólaportinu og fórum í Höllina á kvöldin að sjá guð í mannsmynd: Geir Hallsteinsson úr Hafnarfirði. Hér var kominn íslenskur handboltamaður sem var ekki bara í heimsliðinu heldur einfaldlega BESTUR Í HEIMI. „Hann var listamaður og séní,“ svo vitnað sé í Guðjón Guðmundsson, handboltaföður og -fræðing á Stöð 2. Undirhandarskot hans voru svo föst að enginn sá boltann fyrr en í netinu, hvorki markmaður né áhorfendur. Það flottasta við hann var þó hvernig hann hljóp til baka í vörnina. Í fjögur ár hlupum við allir eins og Geir Hallsteinsson.

Svo komu markmenn. Óli ver og Hjalti ver. Og við náðum jafntefli við Rúmena í frægum leik, 14-14, þar sem Hjalti Þorsteinsson gekk berserksgang og Ómar Ragnarsson hrópaði látlaust „HJALTI VER!“ inn í hjarta þjóðarinnar sem var svo hrifin að hún heimtaði að leikurinn yrði endursýndur á gamlársdag.

Svo kom að því að einn úr okkar hópi gekk inn á völlinn. Atli Hilmarsson endaði í landsliðinu og fyllti okkur af stolti. Sjötta sæti á ÓL í LA ’84. Sjötta sæti á HM í Sviss ’86. Þá var pólski þjálfarinn Bogdan Kowalczyk kominn til sögunnar með alveg nýjar kröfur, ný markmið og sinn frægu aga. Hann skilaði strákunum á efsta pall í B-keppninni í Frakklandi ’89. Alfreð Gísla og Kristján Ara tóku fyrsta sætið á heimsmeistaramóti sem var aðeins merkara en B-ið gefur til kynna.

Nú vorum við komnir í fremstu röð og fastagestir á stórmótum síðan. Fjórða sæti á ÓL í Barselóna ’92. Fimmta á HM í Kumamoto ’97. Og aftur fjórða á EM í Svíðþjóð ‘02. Í fyrra vorum við svo marki frá því að sigra Dani á HM í Þýskalandi í tvíframlengdum áttatíu marka leik þar sem íslenskir markverðir vörðu tvö skot. Þá sagði þjálfari Ólafs Stefánssonar í Ciudad Real að við þyrftum ekki nema einn sæmilegan markvörð og þá myndum við keppa um gull. Það gekk eftir. Björgvin Páll varði okkur á pall í Peking.

Árangur næst ekki einn tveir og þrír. Árangur næst í þremur kynslóðum. Það er langt tilhlaupið að hæsta marki. Hallsteinn faðir Geirs var kallaður „faðir handboltans á Íslandi“. Logi sonur Geirs skoraði gullvæg mörg í Peking. Hann leysti Arnór Atla af í skyttustöðunni vinstra megin. Arnór er sonur Atla Hilmarssonar. Leikstjórnandinn Snorri Steinn er sonur fyrrnefnds Guðjóns sem var liðsstjóri hjá Bogdan. Það er söguleg dýpt í þessum sigri.

Af öllum þessum ástæðum og fleirum vöknar okkur um augu við að sjá silfurstrákana fá fálkaorðu á Bessastöðum. Að baki þeim standa öll landslið Íslands, alveg frá því það fyrsta fór á heimsmeistarmót, í Austur-Þýskalandi árið 1958. Og allir sem á þau horfðu.

Takk, strákar.

FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUFÉLAG: 365
RITSTJÓRAR: Jón Kaldal og Þorsteinn Pálsson ABSTOÐARRITSTJÓRI: Steinunn Stefánsdóttir FRÉTTASTJÓRAR: Arndís Þorgeirsdóttir, Kristján Hjálmarsson, Trausti Hafliðason og Höskuldur Daði Magnússon (dægurmál). FULLTRÚI RITSTJÓRA: Páll Baldvin Baldvinsson. VIÐSKIPTARITSTJÓRAR: Björn Ingi Hrafnsson og Óli Kr. Ármannsson. Fréttablaðið kemur út í 103.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu, Akureyri og þéttbýlissvæðum á suðvesturhorninu. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. issn 1670-3871

Það er gaman að syngja í Þröstum.

Karlakórinn Þrestir geta bætt við sig söngmönnum, spennandi verkefni framundan, fjölskylduvænir æfingatímar og ókeypis söngkennsla fyrir nýliða.

Símar: Eyjólfur 863 2803,
Kristjan 840 0825 og Jakob 840 0551

Hjálp til sjálfshjálpar

UMRÆÐAN
Jórunn Frímannsdóttir skrifar um yfirtöku Reykjavíkurborgar á þjónustu við geðfatlaða

JÓRUNN FRÍMANNSDÓTTIR

Undirritaður var þjónustusamningur milli ríkis og borgar síðastliðinn fimmtudag sem felur í sér að Reykjavíkurborgin sinni allri stoðþjónustu við 44 geðfatlaða einstaklinga og sjái um að útvega húsnæði fyrir þá.

Þessi þjónustusamningur er fyrsta skrefið í þá átt að færa alla ábyrgð á þjónustu við geðfatlaða frá ríki til borgar en heilbrigðisráðherra og borgarstjóri hafa lýst yfir vilja til þess að takast á við það verkefni. Borgin yfirtekur með þessu átaksverkefni Straumhvarfa uppbyggingu húsnæðis og þjónustu í borginni. Framkvæmdum verður flýtt um eitt ár og lýkur á næsta ári. Samhliða undirritun þessa samnings var undirrituð yfirlýsing þess efnis að stefnt sé að því að borgin taki að sér framkvæmd allrar þjónustu við geðfatlaða í byrjun næsta árs.

Í dag eru aðrar kröfur til búsetuhátta en áður tíðkaðist. Verið er að hverfa frá herbergjasambýlum sem voru á ábyrgð ríkisins og áhersla lögð á að einstaklingar hafi sína eigin íbúð í tilgreindum búsetukjörnum. Þetta þýðir að skyldur sveitarfélaga aukast mikið og því mikilvægt að góð samvinna eigi sér stað á milli sveitarfélaga og ráðuneytisins í þessum efnum.

Velferðarráð Reykjavíkurborgar samþykkti 11. júní síðastliðinn hugmyndafræði og stefnu sem meðal annars byggist á valdeflingu, notendasamráði og hjálp til sjálfshjálpar. Aukin áhersla verður lögð á að meta færni og þjálfun í daglegri iðju. Með stuðningi við daglegt líf verður stuðlað að auknu sjálfstæði og unnið með bjargráð sem finnast hjá einstaklingnum og í umhverfi hans.

Mikil vinna er framundan og má þar nefna undirbúning sjö nýrra búsetukjarna, og tryggja að hugmyndafræði og stefna velferðarsviðs einkenni þjónustu og verklag hennar. Undirbúa þarf aukið hlutverk þjónustumiðstöðva, og tryggja að kynning og fræðsla verkefnisins nái til allra og fjölmargt annað. Núverandi landslag hefur verið skoðað og verður byggt á því sem sterkast er, með það að leiðarljósi að veita heildstæða þjónustu fyrir notendur sem miðar að auknum lífsgæðum og hjálp til sjálfshjálpar.

Höfundur er borgarfulltrúi Sjálfstæðisflokksins.

Íslenska leiðin

UMRÆÐAN

Jón Baldvin Hannibalsson skrifar um þróunarhjálp

Í sex hundruð ár vorum við Íslendingar í hópi fátækustu þjóða heims. Eftir þúsund ára búsetu var naumast uppistandandi heillegt mannvirki til marks um mannabyggð í landinu.

Til eru frásagnir erlendra ferðamanna sem heimsóttu landið allt fram á 19du öld sem undruðust það, hvernig þetta frumstæða fólk gat dregið fram lífið í kofahreysum, sem þeim sýndist varla skepnum bjóðandi, hvað þá mönnum.

Í sex hundruð ár var fátæktin okkar fylgikona. Öðru hverju reið yfir landsins börn einhver plágan, ýmist sjúkdómsfaraldrar eða náttúruhamfarir, sem eyddu búsmalanum og ollu um leið hungursneyð sem felldi mannfólkið eins og flugur. Eymd afríska þorpsins minnir um margt á hokurbúskap forfeðra okkar og mæðra. Það er ekki svo ýkjamikill munur á, utan eitt: Íslendingar voru aldrei svo vesælir í örbirgð sinni að þeir væru ekki læsir og skrifandi. Það gerði reyndar gæfumuninn, loksins þegar stytti upp yfir þjóðartilverunni.

Samanburðarhagfræði

Samanburðurinn á hlutskipti okkar Íslendinga í fortíðinni og örbirgð Afríkuþjóða í samtímanum er þó varasamur, þegar betur er að gáð. Að vísu voru Íslendingar öldum saman nýlenduþjóð, rétt eins og allar þjóðir Afríku, aðrar en Eþíópíumenn. En Íslendingar áttu sitt eigið tungumál og þurftu ekki að deila landi sínu með öðrum þjóðum. Hinar svokölluðu „þjóðir“ Afríku eru hins vegar tilbúningur nýlenduherranna sem neyddu ólíka ættbálka til sambýlis á yfirráðasvæðum sínum. Að fengnu sjálfstæði á seinni hluta seinustu aldar urðu einatt til „gerviríki“, þar sem íbúarnir áttu fátt sameiginlegt annað en arfleifð nýlendudrottnanna – ekki einu sinni sameiginlegt tungumál. Við slíkar aðstæður er erfitt að halda friðinn í sátt og samlyndi. Þetta böl nýlenduarfsins þjakar Afríku enn í dag og er henni fjötur um fót á leið inn í nútímann.

Íslendingar brutust út úr moldarkofum örbirgðarinnar til bjargálna neyslusamfélagsins á rúmlega hálfri öld. Þrennt kom til: Framkvæmdavaldið færðist inn í landið (frá nýlenduherrunum, rétt eins og í Afríku); við fengum aðgang að erlendu framkvæmdafé (Íslandsbanki); og við höfðum tollfrjálsan aðgang að erlendum mörkuðum fram að fyrra stríði. Þetta þrennt þýddi að á áratug fyrir fyrra stríð (1905-1914) hurfu Íslendingar frá sjálfsþurftarhokri við tæknistig þrettándu aldar og urðu útflutningsþjóð, sem bjó í þéttbýli.

JÓN BALDVIN HANNIBALSSON

Öfugt við kenningar frjálshyggjupostulanna um alræði markaðsafla og skaðsemi ríkisíhlutunar, gegndi ríkisvaldið lykilhlutverki í þessu hagvaxtarmódeli. Ríkið kom á skólaskyldu (1907) og tryggði öllum ókeypis aðgang að skólagöngu sem var fjármögnuð með sköttum. Ríkið byggði orkuver, hafnir, vegi, brýr og flugvelli og sá um flutninga á sjó um land allt. Með uppbyggingu þessara innviða varð Ísland sjálfbært hagkerfi sem hafði aðgang að utanríkisverslun sem stóð undir batnandi lífskjörum.

Gæfumunur

En að baki öllu þessu var ein auðlind, sem gerði gæfumuninn um að sjálfbærar framfarir gætu orðið: Upplýst fólk. Fátækt fólk, já, en læst og skrifandi. Íslendingar voru fljótir að læra, fljótir að tileinka sér nýja tækni, fljótir að aðlagast breyttum þjóðfélagsháttum. Allt vegna þess að þeir voru læsir og skrifandi. Á því byggist lýðræðið. Á því byggist réttarríkið. Á því byggist aðhald fjölmiðla að valdhöfum sem er nauðsynlegt til að halda í skefjum spillingarárátttu mannskepnunnar. Á því byggjast allar tækniframfarir.

Okkur, sem löngum vorum hinir snauðustu meðal hinna snauðu, ber skylda til að miðla öðrum af reynslu okkar og rétta þeim hjálparhönd, alveg eins og aðrir réttu okkur hjálparhönd á sínum tíma.

Þetta er lykillinn að lausninni á vanda fátæktarinnar: Menntun mannfólksins. Okkur, sem löngum vorum hinir snauðustu meðal hinna snauðu, ber skylda til að miðla öðrum af reynslu okkar og rétta þeim hjálparhönd, alveg eins og aðrir réttu okkur hjálparhönd á sínum tíma (landflóttinn til Vesturheims og Marshallaðstoðin eftir stríð). Hvernig væri að ungir Íslendingar, sem hafa nýlokið stúdentsprófi en ekki gert upp hug sinn um framhaldsnám, leggi það í vana sinn að verja svo sem eins og einu ári sem kennarar í þróunarlöndum? Jafnvel þótt þeir þurfi að horfast í augu við hundrað og tuttugu bréfsefnislausa berfætlinga í bekkjardeild? Mikið skal til mikils vinna.

Höfundur lagði stund á þróunarhagfræði við Harvard-háskóla 1976-77.

EKKERT GVAKAMÓLEKJAFTÆÐI!

BÍLAOUTLET

BÍLAMARKAÐUR ÁRSINS!

Bættu okkur inn í helgarrúntinn!

3,6 milljónir í afslátt!

Þetta er ósköp einfalt, ef þú ert að leita að nýjum bíl er alger óþarfi að fara annað en í BílaOutlet. Við sjáum til þess að úrvalið sé alltaf með því allra besta á landinu og verðlagið hjá okkur slær allt annað út. Það er þess vegna erfitt að gera betri kaup en á Völlunum í Hafnarfirði. Renndu til okkar, **það er opið frá kl. 12-16 í dag.**

AUDI Q7
Ek. 11 þús. Nýskr. 10/07. Ssk.
Verð áður: 10.500 þús. kr.
OUTLETVERÐ: 6.900 þús. kr.

45% afsláttur!

RENAULT LAGUNA II BERLINE 1.8
Ek. 130 þús. Nýskr. 09/03. Bsk.
Verð áður: 1.230 þús. kr.
OUTLETVERÐ 680 þús. kr.

HYUNDAI GETZ II DSL
Ek. 32 þús. Nýskr. 01/07. Bsk.
Verð áður: 1.750 þús. kr.
OUTLETVERÐ 1.450 þús. kr.

HYUNDAI TRAJET DIESEL
Ek. 83 þús. Nýskr. 01/06. Ssk.
Verð áður: 2.140 þús. kr.
OUTLETVERÐ 1.670 þús. kr.

860 þús. af!

NISSAN TERRANO II LUXURY
Ek. 172 þús. Nýskr. 07/01. Bsk.
Verð áður: 1.650 þús. kr.
OUTLETVERÐ 790 þús. kr.

800 þús. af!

NISSAN PRIMASTAR
Ek. 79 þús. Nýskr. 06/06. Bsk.
Verð áður: 2.490 þús. kr.
OUTLETVERÐ 1.690 þús. kr.

RENAULT AT TRAFIC DIESEL
Ek. 72 þús. Nýskr. 01/06. Bsk.
Verð áður: 2.150 þús. kr.
OUTLETVERÐ 1.520 þús. kr.

SUBARU FORESTER 2.0 LUX
Ek. 76 þús. Nýskr. 11/03. Ssk.
Verð áður: 2.090 þús. kr.
OUTLETVERÐ 1.250 þús. kr.

Ekinn 4 þús!

SAAB 9-3 2.0 LINEAR
Ek. 4 þús. Nýskr. 01/07. Ssk.
Verð áður: 3.550 þús. kr.
OUTLETVERÐ 2.650 þús. kr.

bílaland | IH | AVIS

Tjarnarvöllum 3, Hafnarfirði. Sími: 575 12 30.
Opið: mán-fös 12-19, lau 12-16.

BÍLAOUTLET

*Með fyrirvara um prentvillur.

ENNEMM / SÍA / NM35219

„...fyrst á visir.is“

VÍSIR.IS
...ég sá það á visir.is

Kanarí
í janúar og febrúar
Jólaferð 20. des. – UPPSELT
Jólaferð 19. des. – AUKAFLUG

Ótrúleg sértilboð
frá 59.950 kr.*
Heimsferðir bjóða ótrúleg sértilboð á ferðum til Kanarí í janúar og febrúar. Nú er rétti tíminn til að tryggja sér vetrarfrí í sólinni á hreint frábærum kjörum. Mjög takmarkaður fjöldi flugsæta og gistingar í boði á hverri dagsetningu – þannig að það er um að gera að bóka strax. Fjölbreytt úrval gististaða í boði!
Aðeins 250 sæti á einstökum kjörum!
Takmarkað sæta- og gistiframboð á sértilboðskjörum á hverri dagsetningu.

Turbo Club Apartments

Ótrúlegt verð!
Frá kr. 69.990
– vikuferð með allt innifalið
Netverð á mann, m.v. 2 fullorðna og 2 börn, 2-11 ára, í íbúð í viku 21. og 28. janúar.
ALLT INNIFALIÐ
Parquesol
– Smáhýsi með 2 svefnherbergjum
Frábærlega staðsett - endurnýjuð 2006 – mjög góður kostur!
Frá kr. 59.950
Netverð á mann, m.v. 2 fullorðna og 2 börn, 2-11ára, í smáhýsi m/2 svefnherbergjum í viku. Sértilboð 21. og 28. janúar eða 4. og 11. febrúar.
8 nátta ferð 4. jan. kr. 6.100 aukalega.
9 nátta ferð 12. jan. kr. 7.800 aukalega.
Parquemar
– Stúdíó
Einfaldur kostur á frábærum kjörum!
Frá kr. 59.990
Netverð á mann, m.v. 2 í stúdíó í viku. Sértilboð 21. og 28. janúar.
8 nátta ferð 4. jan. kr. 4.000 aukalega. 9 nátta ferð 12. jan. kr. 5.900 aukalega.
Hotel Eugenia Victoria
– Hótelherbergi með allt innifalið
Eitt vinsælasta hótelið – góð gisting!
Frá kr. 89.990
Netverð á mann, m.v. gistingu í tvíbýli með allt innifalið í 8 nætur. Sértilboð 4. janúar.
ENNEMM / SÍA • NM35107
Tryggðu þér sæti – bókaðu strax!
Ferðaskrifstofa Leyfishafi Ferðamálastofu
Mundu MasterCard ferðaávísunina!
Heimsferðir
Skógarhlíð 18 • 105 Reykjavík • Sími 595 1000
Akureyri sími: 461 1099 • www.heimsferdir.is

MAÐUR VIKUNNAR

Klippt og skorin

VALDÍS ÓSKARSDÓTTIR

Eftir langan og blómlegan feril sem kvikmyndaklippari hefur Valdís Óskarsdóttir lokið sínu fyrsta leikstjórnarverkefni. Myndin er svokallað spunaverk þar sem leikararnir vinna persónur og samtöl þeirra í kringum grundvallarhugmynd Valdísar. Afraksturinn er kvikmyndin Sveitabrúðkaup sem hefur hlotið mikið lof gagnrýnenda undanfarið.

Strax í æsku bar á listrænum hæfileikum Valdísar. Hún þótti teikna sérstaklega vel og skrifaði oft sögur. Þegar hún var ellefu ára fékk hún myndavél að gjöf frá föður sínum og byrjaði að taka ljósmyndir af miklu kappi. Auk þess setti hún oft upp leikrit með yngri systrum sínum tveimur þar sem hún var að sjálfsögðu leikstjórinn. Hún tók mikinn þátt í listrænu uppeldi systra sinna og kynnti þær fyrir nýjum straumum og stefnum í tónlist og tísku.

Valdís var lengi leitandi einstaklingur og er ef til vill enn. Hún kom víða við áður en hún fann sitt lífsstarf í kvikmyndunum. Eftir að hún útskrifaðist úr Verzlunarskólanum árið 1967 hóf hún störf á dagblaðinu Tímanum. Árið 1971 fór hún yfir á Morgunblaðið þar sem hún vann sem aðstoðarmaður á ljósmyndadeild og ljósmyndari í tvö ár. Það sem eftir lifði af áttunda áratugnum vann hún sjálfstætt við ljósmyndun og greinaskrif auk þess sem hún fór í hin og þessi störf, til dæmis í fiskvinnslu og sem kokkur á trollbát. Fram á miðjan níunda áratuginn hélt hún svo áfram að vinna við ýmis ljósmyndaverkefni, dagskrárgerð og ritstörf. Hún skrifaði meðal annars og þýddi barna- og unglingabækur.

Í júní 1985 fékk hún svo símtal frá Þráni Bertelssyni sem bauð henni starf við upptökur á myndinni Löggulíf. Eftir það varð ekki aftur snúið og ferill hennar í kvikmyndunum tók við. Sjálf lýsir Valdís þessu símtali sem sínu örlagasímtali. Að því verkefni loknu vann hún svo sem aðstoðarmaður við klippingu og hljóðvinnslu í nokkrum myndum, eins og Skyttunum og Stellu í orlofi, þar til hún menntaði sig sem klippara við Den Danske Filmskole þaðan sem hún útskrifaðist árið 1991.

Valdís sættir sig ekki við það að hjakka í sama farinu og er sífellt að leita að nýjum áskorunum eins og sést kannski best á starfsferli hennar. En þegar hún finnur verðuga áskorun í einhverju verki þá tekur hún það ekki neinum vettlingatökum heldur leggur sál sína og alla krafta í verkefnið. Hún er ástríðufull, er yfirleitt það fyrsta sem samstarfsfélagar Valdísar og vandamenn nefna ef þeir eiga að lýsa henni.

Valdís getur verið þrjósk. Þrjóskari en andskotinn ef marka má einn félaga hennar. Hann bætir reyndar við að hin jákvæða birtingarmynd þrjóskunnar, sem nefnist seigla og þrautseigja sé ein helsta ástæðan fyrir velgengni Valdísar.

Tröllavilji eins og hennar er líkast til nauðsynlegur í erfiðum heimi kvikmyndanna. Valdís hefur fengið að reyna á eigin skinni hversu harður sá heimur getur verið en hún lýsir vinnubrögðunum við síðustu tvær myndirnar sem hún klippti í Hollywood sem farsa. Þá fór margra mánaða vinna og skapandi hugsun í súginn vegna ákvarðana sem framleiðendur og leikstjórar tóku á síðustu stundu,

Yfirleitt hefur samvinna Valdísar við stóru mennina í kvikmyndabransanum þó gengið vel, eins og sést líklega best á velgengni hennar. Hún hefur fengið mikið lof fyrir verk sín og fjölda viðurkenninga. Danska kvikmyndaakademían veitti henni Robertsverðlaunin sem besti klippari tvö ár í röð. Árið 1999 fyrir myndina Festen og ári síðar fyrir Mifunes sidste sang. Árið 2002 fékk hún Edduverðlaunin í sama flokki fyrir myndina Hafið. Fyrir myndina Eternal Sunshine of the Spotless Mind fékk hún svo fjölda verðlauna meðal annars BAFTA-verðlaunin virtu.

Meðal annarra þekktra verka hennar má nefna íslensku myndirnar Sódómu Reykjavík og Börn, bandarísku stórmyndina Finding Forrester, dönsku myndina Voksne mennesker og hina rússnesku Mongol.

Valdís hefur unnið að tæplega fimmtíu myndum á ferlinum þannig að í gegnum tíðina hefur hún unnið með ógrynni fólks. Á leiðinni hefur hún lært öguð og vönduð vinnubrögð. Hún þykir heiðarleg og hreinskilin við samstarfsfólk sitt og er ekkert að fegra hlutina eða sleikja fólk upp. Hún kemur bara til dyranna eins og hún er klædd, og svo notuð séu orð eins samstarfsfélagans, þá er hún svona „back to basics“ manneskja.

Þrátt fyrir að hún sé fyndin og skemmtileg er hún frekar feimin. Í stað þess að trana sér fram lætur hún verkin tala og það hefur skilað sér vel hingað til.

ÆVIÁGRIP

Valdís Björk Óskarsdóttir fæddist þann 6. maí árið 1949 á Akureyri. Foreldrar hennar eru Rósa Ólafsdóttir húsmóðir og Óskar Guðmundsson afgreiðslumaður. Hún á tvær yngri systsur þær Aðalbjörgu Rós og Eddu Sóley. Auk þeirra á hún eldri hálfbróður sem heitir Franz Viðar Árnason. Hún giftist Kristjáni Karlssyni rafmagnstæknifræðingi og átti með honum soninn Karl Viðar. Eftir að hún skildi við Kristján bjó hún á tímabili með Ólafi Óskari Lárussyni myndlistarmanni og með honum á hún soninn Davíð Óskar.
Hún útskrifaðist frá Verzlunarskóla Íslands árið 1967. Að því loknu starfaði hún víða, til að mynda í blaðamennsku, fiskvinnslu, ljósmyndun og dagskrárgerð. Árið 1985 vann hún svo í fyrsta sinn við klippingu og hljóðvinnslu á kvikmyndinni Löggulíf. Eftir það hélt hún áfram að vinna sem aðstoðarmaður við klippingu þar til hún útskrifaðist sem klippari frá Den Danske Filmskole árið 1991.

Að því loknu fór hún að klippa kvikmyndir sjálf um allan heim. Meðal verka hennar eru til dæmis Sódóma Reykjavík, Festen, Finding Forrester, Mifunes sidste sang, Hafið og Eternal Sunshine Of The Spotless Mind.

Hún hefur hlotið fjölda viðurkenninga fyrir klippingu á myndum þar á meðal Robertsverðlaun dönsku kvikmyndaakademíunnar, Edduverðlaunin og BAFTA-verðlaunin.

VANN SÉR TIL FRÆGÐAR

Þegar hún var krakki rak hún skóla fyrir litlu systur sína og vinkonu hennar. Hún tók kennarastarfið mjög alvarlega, skipulagði kennslustundir, frímínútur og leikfimitíma með þeim árangri að þær mættu í fyrsta bekk fluglæsar og með margföldunartöfluna á hreinu.

HVAÐ SEGJA AÐRIR?

Það hefur ekkert verið lagt upp í hendurnar á Valdísi í gegnum tíðina. Það hefur ekkert komið áreynslulaust. Hún hefur þurft að vinna fyrir öllum sínum glæsta árangri og á hann svo sannarlega skilið. Ólafur Haukur Símonarson

HVAÐ SEGIR HÚN?

Ég átti alltaf háleitan draum um að vinna við bíómyndir. Á einhvern hátt fann ég út að á bakvið bíómyndina sem ég horfði á í myrkvaða bíóhúsinu var manneskja sem var kölluð klippari og að mig langaði til að vera sú manneskja.

Valdís á heimasíðu sinni

SKRÁ

ENNANDI

ÚSTUDAG

KONUR ÁTAK
- frábær leið til betra lífs

KARLAR ÁTAK
- frábær leið til betra lífs

SJÁLFSVARNAR-NÁMSKEIÐ
- fyrir stúlkur 13-16 ára

STÓRAR KONUR
- fyrir þær sem vilja mikið aðhald

LÍKAMI FYRIR LÍFIÐ
- fyrir konur

ERTU HÆTT AÐ VINNA?
- ræktaðu heilsuna

FITNESS BOX
- fáðu útrás fyrir krafta þína.

CROSSFIT
- viltu meira

HERÞJÁLFUN
- fyrir þá sem vilja meira en við hin.

PEAK PILATES
- flatur magi og sterkt bak

ROPEYOGA
- sameinar líkama og sál

MÖMMUTÍMI
- börnin með

SHOKK
Heilsurækt fyrir börn og unglinga, 8 til 15 ára

DANSSTÚDÍÓ WORLD CLASS
Streetstyle, Jazz, Hip Hop, Break, Freestyle og barnadansar

- Aðgangur að Laugardalslaug, Lágafellslaug og Seltjarnarneslaug, tækjasölum og opnum tímum í öllum stöðvum World Class fylgir ofangreindum námskeiðum.
- Skráning í Laugum í síma 553 0000, Spönginni í síma 553 5000, Seltjarnarnes í síma 517 0608 og í Mosfellsbæ í síma 5667888
- Nú er hægt að ganga frá skráningu á öll námskeiðin á heimasíðu okkar www.worldclass.is
- Ný stundaskrá tekur gildi 1. september
- Námskeiðin hefjast 3. september
- Mikið úrval af opnum hóptímum
- Sjá nánar á www.worldclass.is

World Class ICELAND

Sími 553 0000

Laugar - Spöngin - Hús Orkuveitunnar - Seltjarnarnes - Kópavogur - Hafnarfjörður - Mosfellsbær

www.worldclass.is

BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS

KJÖTMARKAÐUR Í BÓNUS

30%-40% A

40%
AFSLÁTTUR
Holta blandaðir kjúklingabitar
359 kr./kg. MERKT VERÐ 598 KR./KG.

30%
AFSLÁTTUR
Matfugl kjúklingastrimlar FULL ELDAÐIR
1308 kr./kg. MERKT VERÐ 1869 KR./KG.

798
Nautaveislu ferskt nautahakk
798 kr./kg.

40%
AFSLÁTTUR
Íslandsgrís ferskt grísahakk
528 kr./kg. MERKT VERÐ 879 KR./KG.

40%
KJARNAFÆÐI AFSLÁTTUR
KF lambakótilettur í raspi
1199 kr./kg. MERKT VERÐ 1998 KR./KG.

898
NF Íslensk bleikja beinhreinsuð 898 kr./kg.

40%
AFSLÁTTUR
HOLTA FERSKAR KJÚKLINGABRINGUR
1679 kr./kg. MERKT VERÐ 2799 KR./KG.

879
KS FROSIN LAMBALÆRI
879 kr./kg. MERKT VERÐ 1098 KR./KG.

129
Bónus kornbrauð
1 kg 129 kr.

98
Bónus smyrill 300g 98 kr.
ALLTAF MJÚKUR ÚR ÍSSKÁP.

Með fyrirvara um prentvillur eða uppseldar vörur.

BÓNUS BÝÐUR BETUR

AFGREIÐSLUTÍMI: LAUGARD: 10.00-18.00 SUNNUD. 12.00-18.30

BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS

KJÖTMARKAÐUR Í BÓNUS

AFSLÁTTUR

398

McCAIN AMERÍSKAR RISAPIZZUR

Aðeins 398 kr.stk.

198

FROOSH SMOOTHIE

ÓSVIKINN ÁVAXTADRYKKUR **198 kr flaskan**

863

OS skólaostur tilboðsverð

863 kr./kg.

75

MS krakkaskyr 4 tegundir

150g 75 kr.

499

Ali ferskur svínabógur

499 kr./kg.

40%
AFSLÁTTUR

Ali ferskar svínakótilettur

1070 kr./kg. MERKT VERÐ 1783 KR./KG.

30%
AFSLÁTTUR

Ali ferskar úrb.kótilettur

1398 kr./kg. MERKT VERÐ 1998 KR./KG.

30%
AFSLÁTTUR

Ali ferskur úrb.svínahnakki

1259 kr./kg. MERKT VERÐ 1798 KR./KG.

198

Bónus ís 2 ltr.

198 kr. *SÚKKULAÐI & VANILLU*

98

ES hvítlauksbrauð **2 stk. 98 kr.**

BÓNUS BÝÐUR BETUR

AFGREIÐSLUTÍMI: LAUGARD: 10.00-18.00 SUNNUD. 12.00-18.30

Kjánahrollur og Bermúdaskál

Í dagbók **Þráins Bertelssonar** er fjallað um Fair Play og sjónvarp um miðja nótt. Einnig er minnst á silfur, Nóbel, fálkaorður og þjálfun fyrir verðtryggingarmaraþon á menningarnótt.

KÆRA DAGBÓK

Þráinn Bertelsson skrifar

FÖSTUDAGUR, 22. ÁGÚST.

Fair Play

Það eru gleðitíðindi að Björn Bjarnason hefur úrskurðað að taka brottvísun Pauls Ramsesar fyrir aftur, svo að vesalings maðurinn sem var rifinn burt frá konu í blóðböndum og nýfæddu barni fær að koma hingað og fá réttláta málsmeðferð.

Oft hef ég gagnrýnt skrif, ákvarðanir og gerðir dómsmálaráðherrans en þessi ákvörðun hans í ljósi „nýrra upplýsinga“ sýnir vilja til þess að ástunda það sem á keppnisvöllum lífsins heitir „Fair Play“.

Hörður Torfason söngvaskáld á miklar þakkir skildar og að sjálfsögðu fálkaorðu fyrir að vekja athygli á þessum ljótu „mistökum“. Það er nú svo að það stendur enn þá upp á alvöru listamennina í samfélaginu að vinna skítverkin – einhver verður jú að vinna þau.

LAUGARDAGUR, 23. ÁGÚST.

Einn fullur á menningarnótt?

Það hefur verið færra fólk í bænum í dag en undanfarnar menningarnætur. Kannski er fólk göngulúið eftir Gaypride, 17. júní og 1. maí. Kannski fara allir snemma að sofa í kvöld til að vera í góðu formi fyrir gulllandsleikinn klukkan sjö í fyrramálið.

Kannski verður máninn einn um að vera fullur í miðbænum í kvöld?

SUNNUDAGUR, 25. ÁGÚST.

Sjónvarp um miðja nótt

Reif mig upp um miðja nótt og fór að horfa á HANDBOLTALEIKINN í sjónvarpinu.

Ég sá strax að þetta mundi ekki fara vel. Ég sá morgunformið í líkamstjáningu leikmanna. Sigurvissan var horfin úr svipnum. Miðað við að til þess að vinna silfur þarf ekki annað en að tapa gulli þá voru þetta fyrirsjáanleg úrslit. En ferill liðsins fram að þessum leik er augljós sönnun þess að meira en helmingur af getu mannsins býr í andlegri gerð hans og afstöðu til verkefna sinna.

Fyrsti Íslendingurinn sem vann silfur á Ólympíuleikunum var Vilhjálmur Einarsson. Þegar hann kom heim hélt hann ásamt Ferrh eira Da Silva gullverðlaunahafa þrístökkskeppni á Melavellinum. Þar vann ég silfurverðlaun. Þessi silfurverðlaun hafa ekki liðið mér úr minni síðan svo að ég geri skil nákvæmlega hvernig okkur silfurmönnum er innanbrjósts: Silfur er gott. Gull er betra. Því miður.

Gull og silfur er samt ekki það sem skiptir mestu máli við Ólympíuleikana, heldur voru þessir leikar meiri háttar áfall fyrir tjáningarfrelsi í Kína. Það segir í nýrri skýrslu mannréttindanefndar. Samtökin Fréttamenn án landamæra segja nú að leikarnir í Beijing verði

SAMSETT MYND

í minnum hafðir fyrir brot gegn tjáningarfrelsi manna og fyrir þá kúgun sem beitt hafi verið til að þagga niður í þeim sem kínverskum stjórnvöldum sé ekki að skapi.

Samt fóru íslenskir ráðamenn í dýr ferðalög austur til Kína, jafnvel tvisvar, til að votta kínverskum yfirvöldum stuðning með nærveru sinni. Þessir ferðaglöðu menn ættu að hafa í huga að þeir/þær eiga völd sín lýðræði að þakka og reyna að hemja hrifningu sína á þeim sem taka sér völd með öðrum hætti.

Ég dáist mjög að kínversku þjóðinni og sögu þessa mikla ríkis og mig langar til að læra meira um hvorttveggja. Ég á mér jafnvel þann fjarlæga draum að verða stautfær á kínversku. Þessi áhugi minn og virðing dugir samt ekki til þess að ég geti skilið hvernig nokkur maður fær sig til að leggja opinbera blessun sína yfir valdhafa sem líta á lýðræði eins og undarlega sérvisku vestrænna þjóða.

MÁNUDAGUR, 26. ÁGÚST.

Verðlaun fyrir kjánahroll – Bermúdaskál

Íslenskum ráðherrum hefur hrotið margt misgáfulegt af vörum.

Bermúdaskálina sem eru alþjóðleg verðlaun og veitt fyrir kjánahroll fá þau ummæli Þorgerðar Katrínar Kínafara í útvarpinu í kvöld að silfurverðlaun fyrir handknattleik á Ólympíuleikum séu sambærileg við Nóbelsverðlaun!

Þorgerði menntamálaráðherra nægði ekki sá brúni litur sem hún fékk á sig í einni stuðningsferð til Kína til að sýna kínverskum ráðamönnum og íslenskum handboltamönnum stuðning og segir ráðuneytið að kostnaðurinn við tvær stuðningsferðir hafi verið um fimm milljónir króna, en skitin milljón er einmitt sú rausnarlega upphæð sem þessi menntamálaráðherra telur ár eftir ár hæfileg starfslaun handa íslenskum heiðurslistamönnum sem halda eftir um milljón kr. í árslaun þegar þeir hafa gert upp skattinn sinn.

Annars er kjörum íslenskra listamanna sérkennilega skipt eftir réttlætiskennd ráðherrans. Venjuleg starfslaun listamanna eru um 250 þúsund kr. á mánuði en svonefndir heiðurslistamenn Alþingis lækka um tæpan helming í tekjum og fá 150 kall á mánuði fyrir skatt við það eitt að öðlast þessa heiðursviðurkenningu Alþingis. Það er einsdæmi í veröldinni að lækka laun í heiðursskyni fyrir gott starf. En það er margt skrýtið á Íslandi.

Misræmið í þessu hefur menntamálaráðherrann greinilega ekki alveg fattað enn þá. Hugsanlega skilur þó einhver reikniglöggur maður á Alþingi að með þessum molbúahætti er fyrst og fremst verið að gera heiðursverðlaunum og Alþingi skömm til. Það er kannski í verkahring menntamálanefndar eða jafnvel forseta Alþingis að beina athygli Þorgerðar að skeytingarleysi hennar um sóma þings og álit listarinnar og gagnkvæma virðingu – áður en einhverjir aðrir verða til þess, hugsanlega í framhaldi af launakjörum þingmanna sjálfra sem þeir hafa verið einkar áhugasamir um að reikna svo að hvergi skeikar krónu.

Handboltamennirnir eru vel að því komnir að fá fálkaorðu. Það er skemmtilegt nýnæmi að veita einhverjum sem hefur svitnað við vinnu sína þessa medalíu.

Ég sé í blöðunum að Bubbi Morthens er með húsið sitt á kaupleigu hjá Maraþonvaxtabankanum og þyrfti kannski að kynna mér það fyrirkomulag aðeins betur.

Við frú Sólveig fjármögnum húsaskjól okkar með láni frá Kaupþingi. Við tókum lán á föstum vöxtum en með verðtryggingu. Á undanförnum þremur árum hefur höfuðstóll lánsins hækkað um meira en þrefalda þá upphæð sem við höfum greitt af láninu og höfum við þó staðið í skilum.

Mér finnst gaman að borga af lánum. Það eina sem veldur mér áhyggjum er hvernig á að standa undir þessari verðtryggingu sem ég á að borga meðan vísitalan heldur áfram að hækka í sífellu og engum dettur í hug að ég þurfi vaxtaaukaviðbót við kaupið mitt til að standa undir þeirri ríflegu viðbót sem viðtakandi fær.

ÞRIÐJUDAGUR, 27. ÁGÚST.

Friðarins menn – og vopnlausir

„Viðbrögð utanríkisráðuneytisins í kjölfar árásar á íslenska friðargæsluliða í Kjúklingastræti í Kabúl árið 2004 voru óviðunandi, samkvæmt nýrri skýrslu. Ingibjörg Sólrún Gísladóttir utanríkisráðherra segir að draga verði lærdóm af skýrslunni og hefur ákveðið að íslenskir friðargæsluliðar verði framvegis óvopnaðir.“

Þetta – ef þetta er án lymskulegra undantekninga – finnst mér til fyrirmyndar. Lýðveldið Ísland er stolt af því að hér hefur vopnaburður verið bannaður öldum saman og allir guðslifandi fegnir því nema einn dómsmálaráðherra sem enginn hlustar á nema sérsveitin þegar hann fær paranojuköstin.

FIMMTUDAGUR, 29. ÁGÚST.

Leiðtogi

Herra Sigurbjörn Einarsson lést í morgun. Hann varð 97 ára gamall. Hann var mesti andans maður þessa lands á mínu æviskeiði að Halldóri Laxness gengnum.

Athafnamenn hefur þessi þjóð okkar átt marga og öfluga. Andans menn hafa verið sem því nemur færri. Á öllum skipum er gott að einhver kunni á kompásinn og viti til hvers ferðin er farin.

Fleiri en ég munu sakna þessa manns sem stafaði birtu á samtíð sína.

Hentar vel í skólann

ÞÓ AÐ RIGNI
ÞÓ AÐ BLÁSI

VATNSHELT
Verð: 8.600 kr.

66°NORÐUR
SJÓARA TÖLVUTASKA

VIND- OG VATNSHELD

Vatnsheld tölvutaska með fóðruðu umslagi, til að verja tölvuna sem hægt er að taka úr. Vasi að framanverðu með vatnsheldum rennilás. Handfang og ól yfir öxlina sem hægt er að taka af. Renndur vasi að innanverðu.

66° NORÐUR

SÍÐASTA ÚTSALAN Í BÆNUM!

Veiðimaðurinn
Hafnarstræti 5
lokar í september

Útsalan hefst í dag

Opið í dag frá 10 til 16
og 12-16 á morgun, sunnudag

Veiðimaðurinn
1940

Veiðimaðurinn – Hafnarstræti 5 – 101 Reykjavík

Svo prjóna ég bara á þig g-streng

Auður Haralds hefur boðið sig fram til að kenna **Jakobi Frímanni Magnússyni** súludans og gera hann síðan út í gæsapartýin. Jakob er hræddur um að hann stæði sig illa á súlunni og býður Auði starf sem götusópari í miðborginni. Það getur Auður ekki þegið þar sem hún hét því fyrir löngu síðan að vinna aðeins svart. ***Þórgunnur Oddsdóttir*** ræddi við rökstólapar vikunnar.

Á RÖKSTÓLUM

Hafið þið hist áður? Hvað vitið þið um hvort annað?

Auður: Já, við höfum hist einu sinni.

Jakob: Ég gekk niður Frakkastíg í sumar og rakst þá á Auði þar sem hún var að dytta að eigum sínum við Bergþórugötu. Ég sá þar fallega mynd á húsvegg og minnugur orða byggingafulltrúans, um það að ef menn hefðu málað hús sín eða garða án vitundar yfirvalda væri óskað eftir því að menn sendu umsókn eða tilkynningu, staldraði ég við og benti Auði á þetta. Svona til að koma í veg fyrir að verkið yrði óvart fjarlægt í því átaki sem stendur yfir gegn óumbeðnu veggjakroti.

Auður: Þú gafst nú eiginlega í skyn að þessir sem borgin sendir út til að mála sæju ekki mun á listaverki inni á lóð og veggjakroti úti við götu. Mér fannst þetta yfirlýsing um andlega getu vinnuflokka borgarinnar og þeirra sem stjórna þeim.

Jakob: Þeim er ekki uppálagt að fara í mat á listrænu gildi.

[Hér fór á eftir löng umræða um sitthvað sem betur má fara í miðborginni. Hálkuvarnir á Frakkastíg voru til að mynda ræddar í þaula, án handalögmála þó, þar til blaðamaður minnti á nærveru sína.]

Jakob: En já við höfum sem sagt hist þarna einu sinni og Auði var mikið niðri fyrir. Ég var á hraðferð sjálfur svo ég náði ekki að ræða við hana til hlítar en tók ábendingar hennar alvarlega. Enda skil ég að fólki mislíki ef það er margsinnis búið að kvarta undan þjónustu hins opinbera án þess að nokkuð sé gert. Ég tek slíkum ábendingum vel ef þær eru fram settar í skíru og kurteisu formi.

Auður: Ég man nú ekki til þess að ég hafi verið neitt sérstaklega kurteis.

Jakob: En hvað veit ég um Auði. Ég veit að hún er þekkt fyrir að vera mikill andans jöfur og þekki það af skrifum hennar, en við sem sagt höfum ekki átt nein samskipti sem mig rekur minni til.

Auður: Og ég hef aldrei farið á Stuðmannaball. Ég hef alltaf verið svo góð stúlka.

Jakob: Hér er kjörið tækifæri til að bjóða Auði á Gróttuballið.

Auður: Auður fer ekki á svona villta mannfagnaði. Þetta er gott boð en ég fæ svo mikið af olnbogum í augun þegar ég fer á mannamót að ég bara megna ekki meira af því.

Fjöldasamkenndin er góð

Snúum okkur að málum vikunnar. Hvað fannst ykkur um móttökurnar sem landsliðið í handknattleik fékk á miðvikudag? Ýmsir hafa gagnrýnt ferðir menntamálaráðherra á Ólympíuleikana sem kostuðu ríkið á fimmtu milljón, hvað finnst ykkur um það? En gistingu þingmanna við Elliðavatn á kostnað ríkisins?

Jakob: Ég fylgdist grannt með frá því móttaka landsliðsins var á undirbúningsstigi og þar til þetta var komið á sviðið á Arnarhóli. Svo sá maður í sjónvarpinu þegar forsetinn framkvæmdi krossfestinguna. Þetta var í mínum augum alveg einstaklega skemmtileg og yndisleg athöfn sem tókst í alla staði frábærlega.

Auður: Ég fylgdist ekki með þessu en þurfti því miður að fara í verslun við Skólavörðustíginn og vissi ekki að þessi uppákoma væri þar. Þannig að ég lenti í mannþvögunni og þær eru mér mjög erfiðar vegna þess að ég næ flestum í öxl - nema þeim sem ég næ í mitti.

Jakob: Ég bendi á „platform“ tískuskó að hætti Abba.

Auður: Já, ég þyrfti 30 sentimetra og þeir eru mjög hættulegir. Vont að hjóla í svoleiðis skal ég segja þér, þá fæ ég hnéin á mér í augun og það er verra. En ég sem sagt braust þarna í gegn og hélt fyrst að það væri 17. júní en mundi svo að það er ágúst. Svo runnu þeir þarna niður Skólavörðustíginn meðan ég barðist í bökkum inni í versluninni og þegar ég kom út hugsaði ég: já, þegar það verður kraftaverk í Lourdes fellur fólk fram og biður hljóða þakkarbæn. Þegar verður kraftaverk á Íslandi þá fær fólk sér bjór og fer út á götu og öskrar.

Jakob: Ég sá nú enga bjóra þarna og fannst þetta bara dásamlegt. Skemmtileg þessi fölskvalausa gleði sem skein úr hverju andliti.

Auður: Jú, jú, það er eitthvað gott við það þegar maður finnur þessa fjöldasamkennd. Ég var reyndar óskaplega undrandi á þessari orðuveitingu.

Jakob: Það var ágætt að sjá þetta skref stigið. Oft finnst manni næstum að það sé verið að klappa einhverjum skrifstofumönnum á bakið fyrir það eitt að hafa mætt í vinnuna. Svo þegar eitthvað svona gerist og menn eru búnir að vinna hugi og hjörtu þjóðarinnar er flott að hópurinn sé heiðraður.

Auður: Já, þeir hafa verið röskir í peningasláttunni. En í sambandi við ferðir menntamálaráðherra, rúmar fjórar milljónir segir þú, var hún borin þangað? Mér finnst þessi kostnaður ekki eðlilegur.

Jakob: Ég tel að Þorgerður Katrín hafi gert rétt með því að fara aftur. Handbolti er hennar líf og yndi og það speglast í þeim gjörðum sem fylgdu í kjölfarið. Mér fannst þetta flott hjá henni. Þessi hótelgisting þingmanna við Elliðavatn er hins vegar skrítnara mál sem þarfnast frekari skýringa.

Auður: Kannski leið yfir þá alla og ekki þorandi að flytja þá.

Jakob: Kannski sáu þau fram á að þetta yrði löng nótt og ódýrara að gista en að taka leigubíl.

Auður: Gátu þau ekki tekið rútu?

Jakob: Ég veit ekki. Þetta var náttúrulega svona hópeflisferð, vonandi skilar það sér í verki.

Auður: Við skulum bara vona það, eigum við að ræða um árangurinn eftir tíu ár? Eða tuttugu?

Jakob: Sjáum til. Ef Frakkastígurinn verður sveltur af bæði salti og sandi þennan veturinn skulum við fara með lykilráðamenn borgarinnar upp í Kríunes, láta þá gista og sjá hvort það gerir ekki gæfumuninn.

Auður: Ég vil miklu frekar fara með þá upp á Frakkastíg, einn með sandfötu, annan með saltfötu og þann þriðja með kúst. Það er ódýrara fyrir okkur öll. Svo held ég að við þurfum að byrja svolítið aftar og kenna fólki umgengni.

Ég held að það sé þar sem hnífurinn, og bara allur lagerinn af hnífunum, stendur í beljunni.

Jakob: Spurning hvort við ráðum þig ekki bara sem götusópara.

Auður: Get ég fengið það á svörtu?

Jakob: Ég er hræddur um ekki.

Auður: Þá segi ég nei. Ég lofaði konu í tollinum að ég ætlaði bara að vinna svart hér eftir og ég stend við orð mín.

RITHÖFUNDURINN OG MIÐBORGARSTJÓRINN Ef Auður og Jakob þyrftu að skipta um hlutverk í einn dag myndi Auður beita sér fyrir bættri löggæslu. Jakob færi út í sveit og skrifaði smásögu. „Af hverju þarftu að fara út úr bænum, ertu heimilislaus?“ spyr Auður enda ekki vön að hætta sér út fyrir miðborgina. „Það er bara svo gott að komast í kyrrðina í sveitinni,“ svarar Jakob. „Iss, þig skortir bara einbeitingu,“ segir Auður um hæl. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

> Þegar það verður kraftaverk í Lourdes fellur fólk fram og biður hljóða þakkarbæn. Þegar verður kraftaverk á Íslandi þá fær fólk sér bjór og fer út á götu og öskrar

Þjóðlegur Öndvegissúludans

Borgarráð hefur heimilað nektardans á Óðali og Vegas en vill að ríkið banni nektardans með öllu. Hvað finnst ykkur um það? Hafið þið farið á nektardansstað og gætuð þið hugsað ykkur að vinna fyrir ykkur sem fatafellur?

Auður: Ef ég gæti fengið einhvern til þess að kaupa sig inn á það þá væri ég til vegna þess að þetta er vel launað. Ég er samt hrædd um að þó ég geti það sem þessar ungu geta ekki, það er vafið brjóstunum utan um súluna, þá held ég að ég hefði ekki mikið upp úr því. En ef að karlmenn eru svona vitlausir, og ég veit að þeir eru það, að þeir vilji horfa á fólk klæða sig úr fötunum þá bara verði þeim að góðu. Ég held ekki að þetta leiði til afbrota og eiturlyfjaneyslu. Ég held þetta leiði til þess að þeir þurfi að þvo nærfötin sín oftar.

Jakob: Ég er hjartanlega sammála. það kemur mér ekkert við þó einhverjir staðir bjóði upp á nektardans. Núna þegar listrænn dans er leyfður formlega á Vegas ber að benda á að staðurinn þarf að líkindum að víkja fyrir nýjum Listaháskóla sem hlýtur þá að verða að bjóða upp á listdansdeild þar sem einhvers konar öndvegissúludans væri kenndur.

Auður: Það líst mér vel á.

Jakob: Já, er það ekki? Svona þjóðlegur öndvegissúludans, með þjóðlegum dansmeyjum.

Auður: Á sauðskinnsskóm.

Jakob: Já, já, svo fella þær íslenska þjóðbúninginn smám saman á öndvegissúlunni og í ljós kemur fjölþjóðlegur undirfatnaður og helst einhvers konar húðflúr.

Auður: Væntanlega skjaldarmerkið. Vættirnar á rasskinnunum jafnvel. Ég styð þetta.

Jakob: Á sama hátt og borgarstjórn vísar málinu til ríkisstjórnarinnar leggjum við til að ríkisstjórn vísi þessu til Evrópuráðs og Evrópuráð til alþjóðadómstólsins ...

Auður: ... og hann til Guðs.

Jakob: Og þar með er þetta komið í hring og ekkert verður aðhafst í málinu.

Auður: Ég held að nektardans skaði fólk minna en margt annað sem viðgengst hér.

Jakob: Nokkrir stjórnmálamenn eru afar uppteknir af hugtakinu mansal. Ég er ekki í nokkrum vafa um að það er staðreynd einhvers satðar og hugsanlega á Íslandi en það þarf þá að stíga fram með vitnin. Við viljum engan þrældóm á Íslandi og ég trúi því satt að segja ekki að hann viðgangist á þessum súlustöðum.

Svo ég svari nú allri spurningunni þá hef ég farið á strippstað. Ég fór á hinn fræga súlustað Stringfellows í London. Peter Stringfellow breytti næturklúbbnum sínum í súlustað og súlumeyjarnar fengu að dansa með því að borga 75 pund en fóru svo heim með 2.000 eða 2.500 pund eftir kvöldið. Ég hef í rauninni aldrei skilið þá fimi og það líkamlega atgervi sem þarf til þess að vinda sér öfugum upp á súlu. Ég myndi hrynja í gólfið og hálsbrjóta mig.

Auður: Ég var einu sinni í ballet en get þetta náttúrulega ekki lengur sjálf. En ég get þjálfað þig. Fyrir gæsapartýin til dæmis. Ég skal gera þig út, þú færð 75 pundin og ég tek afganginn.

Jakob: Hér eru viðskiptatækifærin bara að renna inn á borð til mín. Ég þarf smá tíma til að ígrunda þetta.

Auður: Svo prjóna ég bara á þig g-streng, við förum ekkert að kaupa hann. Ekkert bruðl.

Jakob: Þetta hljómar nú ágætlega. Ég get strax gert við þig samning um að prjóna þjóðlega hljómsveitarbúninga fyrir Stuðmenn, en hvort ég tek tilboðinu um g-strenginn... ég veit ekki nema það myndi stinga of mikið.

Auður: Það er til annað en lopi. Lambsull er örugglega alveg frábær í g-strengi. Hvað Stuðmannabúningana varðar þá vildi ég nú ekki vera í ljósunum uppi á sviði í lopabúningi.

Jakob: Ég var nú að hugsa um föt fyrir útihátíðarmarkaðinn.

Auður: Þá er lopinn fínn. Heyrðu ég get selt þér lopahúfu. Ég er meira að segja með hana á mér. *[Gramsar í bakpokanum sínum og dregur upp poka með fjórum húfum.]*

Jakob: Ég er aldrei með húfu.

Auður: Sérðu, *[Dreifir úr húfunum á borðið]* hvaða lit má bjóða þér? Þetta er íslenskur lopi.

Jakob: Jahá... og þetta prjónar þú með eigin hendi.

Auður: Báðum.

Jakob: Og hvar selur þú þessar húfur.

Auður: Ég er að fara með þetta í Rauðakrossinn.

Jakob: Selurðu þetta þar?

Auður: Nei, ég gef það sem ég er ekki nógu ánægð með. En ég hafði nú hugsað mér að selja þér þetta samt.

viltu vera í HRESSA liðinu?



OPIÐ HÚS

Hress opnar nýja og glæsilega heilsurækt í sundmiðstöðinni að Ásvöllum í dag.

BodyAttack kl. 9.30
Les Mills blanda kl. 10.30
Tækjasalurinn er opin til kl 16.00, þjálfari aðstoðar.
Frír aðgangur í dag að Ásvöllum og Dalshrauni.
Frí fitumæling kl. 9.00–11.00.

TILBOÐ Á ÆFINGAKORTUM: Síðasta tækifærið er í dag

Tilboð I fjórir mánuðir á kr. 21.990.-
Tilboð II Átta mánuðir á kr. 31.990.-
Tilboð III Árskort á kr. 39.000.-
Aðgangur að sundmiðstöðinni fylgir öllum æfingarkortum.

HRESS

Dalshrauni 11, Hafnarfirði, sími 565 2212
Ásvöllum 2, Hafnarfirði, sími 565 2712
www.hress.is

Grafika 2008

ÚTSALA -30% ÚTSALA -50

ÚTSÖLUNNI LÝK

30%
afsláttur
af öllum
búsáhöldum



30%
afsláttur
af öllum
ljósum

20%
afsláttur
af öllum
smáraftækjum



30-60%
afsláttur
af öllum
flíspeysum

25%
afsláttur
af öllum
garðhúsgögnum

30%
afsláttur
af öllum
reiðhjólum

RÝMINGARSALA

Í TIMBURSÖLUNNI SÚÐARVOGI

ALLT AÐ 50% AFSLÁTTUR AF HEILUM BÚNTUM

Allt að **50%** afsláttur

Girðingarstaur
fúavarinn

70 mm, lengd 180 sm 600008	**369**	120 mm, lengd 270 sm 600010	**1.549**
100 mm, lengd 240 sm 600009	**999**	140 mm, lengd 270 sm 600011	**2.569**



Járnstaur
40x40 mm, 180 sm
224981

799 kr/stk

*Útsöluafsláttur gildir ekki af öðrum tilboðum eða stjörnumerktum vörum. Birt með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl.

% ÚTSALA -80% ÚTSALA

UR UM HELGINA

35% AFSLÁTTUR

17.999
27.639

Borhamar
Worx SDS WU330.2
710W, 2.7 joule.
Borar og meitlar, venjuleg patróna og taska fylgir
5244827

Innimálning

Hefðbundin málning úr akrýlblöndu á veggi innanhúss, gljástig 10

3.999
8.795

10 ltr
Beinhvítt/hrímhvítt
719963-7

26.990
31.990

Trooper
7.87 Kw, grillflötur 48x40 sm, tveir ryðfríir brennarar
3000236

16.995

Hleðsluborvél
Hitachi, 13 mm patróna 14.4V, 3 rafhlöður.
5247254

9.990
15.490

Hengirúm
Með tjaldi
3900609

3.499
5.929

Smáhlutabox Keter
Cantilever, 572x307x167mm
5024639

Electrolux

Frábært verð

76.990

3 ÁRA ÁBYRGÐ

Ofn, Electrolux EO8 63100X
8 eldunarkerfi, 3falt gler í hurð.
Barnalæsing.
1830118

Allar Disney plastvörur

30% AFSLÁTTUR

Ótrúlegt verð

Reiðhjólahjálmar
dömu/herra/barna,
5872037-5872067

999

Við berjum niður verðið!

HÚSASMIÐJAN
...ekkert mál

BAKKAHÖFÐI Fagurt er um að lítast á Kaliforníuströnd Norður-Atlantshafsins, eins og einn bóndinn kallar hana. Hér, í nokkurra mínútna akstursleið frá Húsavík, kemur álverið líklega til með að rísa. Bakkafjara og Bakkahöfði eru á náttúruminjaskrá, ásamt Lundey, sem er skammt undan. FRÉTTABLAÐIÐ/VÖLUNDUR

Húsvíkingar vilja uppbyggingu

Sveitarstjórn Norðurþings rær að því öllum árum að álver Alcoa rísi á landsvæði Bakka, sem er í nokkurra mínútna akstursfjarlægð frá Húsavík. Allir segja þörf á uppbyggingu í bænum og vilji meirihlutans er svo sterkur að efasemdarfólk viðrar helst ekki skoðanir sínar. Þeir *Klemens Ólafur Þrastarson* blaðamaður og *Völundur Jónsson* ljósmyndari heilsuðu upp á Húsvíkinga.

Það er sérstakt andrúmsloftið á hinni fögru Húsavík, dæmt út frá tveggja daga ferð þangað. Hugsanlegt álver á Bakka er auðvitað mál málanna.

Mun það rísa og þá hvenær? Hversu stórt og hversu margir fá vinnu? Mun það hugsanlega skaða okkur? spyr fólkið og skiptist í nokkra hópa eftir svörum.

Sumir vilja álver, alveg sama hvað það kostar. Því stærra því betra. Bærinn sé hvort eð er kominn á grafarbakkann. Öðrum geðjast ekki að hrárri og orkufrekri álframleiðslu. Nær væri að fá hingað hátækni eða minni iðnað og fjölbreytilegri, segja þeir.

Eitt sameinar Húsvíkinga þó. Það vantar eitthvað í atvinnulífið, svo bærinn dafni um ókomna tíð og fóstri börn sín. Einnig sakna margir þess að vita hvað gæti komið í stað álvers. Nýta eigi orkuna, vissulega, en gott væri að hafa fleiri valkosti sjáanlega. Þangað til einhver leiði þá í ljós, verði álver eina raunhæfa valið.

Sveitungunum mislíkar einnig mörgum að látið sé óáreitt að álver rísi í Helguvík, en svo eigi að beita ýmsum ráðum, svo sem heildstæðu umhverfismati, til að hindra að svipuð innspýting verði fyrir norðan. Það er léleg byggðarstefna, segja Húsvíkingar.

Húsavík er í Norðurþingi, sveitarfélag sem nær frá Húsavík og allt austur á Raufarhöfn. Á rölti um bæinn var fjöldi fólks tekinn tali. Tveir þeirra reyndust vera sveitarstjórnarmenn. Annar úr meirihluta en hinn úr andstöðu. Það kemur á óvart að hvorugur þeirra virðist yfir sig hrifinn af álverinu, ólíkt ríkjandi skoðun.

Og það eru íbúar í Tjörneshreppi ekki heldur, í það minnsta ekki þeir sem koma til með að búa næst álverinu. En svo vill til að Tjörneshreppur er ekki hluti Norðurþings.

Þar, til dæmis á Héðinshöfða, andspænis Bakka, er vægast sagt dapurleg framtíðarsýnin. Bændur sjá fram á að bregða búi, sem verður verðlaust, ef álver rís.

En jafnvel þar neitar fólk því ekki að tómahljóð sé í þingeysku atvinnulífi.

KALIFORNÍUSTRÖND ATLANTSHAFSINS

Tjörneshreppur liggur hinum megin við þjóðveginn frá fyrirhuguðu álveri á Bakka. Fólkið þar er fólkið sem mun hafa álverið daglega fyrir augum, jafnvel út um gluggann á húsum sínum.

Íbúarnir, sem Fréttablaðið talaði við, óttast álversframkvæmdirnar og telja þær geta lagt jarðir sínar í eyði. Þeir vildu ekki allir koma fram undir nafni og vísuðu sumir til þess að í sveitinni, sérstaklega á Húsavík, væri því sem næst bannað með lögum að vera á annarri skoðun en sveitarstjórnin. Nokkrir íbúar Húsavíkur höfnuðu einnig viðtalsbeiðni blaðamanns.

En íbúum Tjörneshrepps er annt um sína sveit og óttast áhrif álvers; bæði loft- og sjónmengun. Sjávarsíðan í og við Bakka sé eitt fallegasta svæði Íslands. Kaliforníuströnd Norður-Atlantshafsins, sagði einn þeirra.

Sveitarstjórn Norðurþings og Alcoa hefðu ekki spurt þá sérstaklega álits sem búa næst álverinu. Alcoa hafi hins vegar verið duglegra að kynna framkvæmdirnar en sveitarstjórnin.

Einn bóndinn efaðist um að mannskapur fengist í framkvæmdirnar, nema þá hann kæmi erlendis frá. Sjaldan væri talað um þetta, eða um arfavitlausa staðsetninguna. Nóg væri af plássi annars staðar í sveitinni, þar sem álverið væri í hvarfi, svo sem á skotsvæði við Húsavíkurfjall.

Konu einni í sveitinni var mikið niðri fyrir og sagðist vera búin að leggja allt sitt í búskapinn og hann væri sá lífsstíll sem hún kysi. Hún gæti hins vegar ekki búið áfram á jörð sinni, kæmi álver.

Húsið sagði ástandið ömurlegt og hafa verið svo í nokkur ár, að vita aldrei hvað verður. Áður hafi hún heitið því að yfirgefa aldrei land sitt og hana langi ekkert til þess, en einhæf umræðan á Húsavík hafi orðið til þess að líklegast sé að hún fari eitthvað langt í burtu, komi álverið. Hún sé orðin svo þreytt á þessu. En konan er fegin ákvörðun umhverfisráðherra, um heildstætt umhverfismat, og segir þetta fyrsta umhverfisráðherrann sem sé starfi sínu vaxinn. Norðurþing tali ekki við íbúa Tjörneshrepps, ekki síðan árið 2006. Eins og málið komi fólkinu ekki við.

BAKKI ER VIÐ LANDAMÆRI TJÖRNESHREPPS OG NORÐURÞINGS

EKKI HÆGT AÐ LIFA Í ÞESSUM BÆ

„Það er ekki hægt að lifa í þessum bæ, nema á láglaunastörfum," segir Ásgeir Þór Ásgeirsson, lyftaramaður hjá GPG-fiskverkun.

Ásgeir Þór var að flytja til Reykjavíkur, þar sem hann getur fengið meiri tekjur, þegar blaðamaður náði af honum tali.

„En maður kemur heim ef það kemur álver. Það er enga vinnu að hafa hérna og ekkert fyrir ungt fólk að gera. Það verða mun hærri laun í álverinu og við sem erum á lyftara erum með vinnuvélaréttindi og því skapast mikil vinna fyrir okkur," segir hann.

Um vandamál sem gætu skapast af álverinu, segir Ásgeir að það sem máli skipti sé vandamálið sem nú þegar er til staðar, fátæklegt atvinnulíf.

Meirihlutinn vilji álverið, þótt ekki séu allir á því. Einn og einn sé „grænn í sér" og segi að hann vilji fá eitthvað annað.

„En hvað er þetta annað? Það þýðir ekki að bíða bara og vona," segir Ásgeir Þór og skýst upp á lyftarann.

ÁSGEIR ÞÓR ÁSGEIRSSON

ALLS KONAR skemmtilegir hlutir, sem tengjast göldrum og eru vísir með að fegra heimilið, fást í Nornabúðinnni á Vesturgötu 12. Spábollaskrín og handmáluð rúnaborð, hvort tveggja íslensk hönnun, er meðal þess sem er í boði í búðinni. Allar nánari upplýsingar um verslunina er að finna á www.nornabudin.is.



;ALLT

Sölufulltrúar Jóna María Hafsteinsdóttir jmh@365.is 512 5473 **Hugi Garðarsson** hugi@365.is 512 5447

„Ég monta mig stundum á þessum 17. júní," segir Ágúst um elsta Land Roverinn sinn. FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR

Dettur í gang þótt hann standi mánuðum saman

Þótt Land Roverinn hans Ágústs Sigurðssonar sé módel sextíu og fjögur og bara fimmtíu hestöfl þá gaf hann þeim yngri ekkert eftir upp sandbrekkurnar við Heklu. En úti á þjóðveginum hurfu hinir.

„Ég ek nú ekki á þessum bíl dags daglega," segir sendibílstjórinn Ágúst Sigurðsson brosandi þar sem hann er að dedúa við gamlan og vel með farinn Land Rover í hlaðinu. Árgerðin er 1964 en allt vélarkramið er upprunalegt og örmjó aftursætin beltislaus, undir hliðargluggunum eins og í öndverðu.

Ágúst kveðst hafa keypt bílinn hálfuppgerðan af Hilmari Foss fyrir níu árum. „Ég notaði hann meira fyrstu árin bæði innanbæjar og í sumarferðalögum. Nú eru svolítið misjafnar skoðanir á því í fjölskyldunni hvort þetta sé skemmtilegur ferðabíll. Strákarnir mínir kvörtuðu ekkert meðan þeir voru minni en eru ekki eins spenntir í dag. Samt finnst þeim töff að hann sé til," segir hann kíminn.

Ágúst kveðst hafa farið í nokkrar hópferðir með félagi Land Rover-eigenda á Íslandi og alltaf verið á elsta bílnum. „Einu sinni fórum við upp með Heklu og þessi stóð sig ekki síður vel í sandbrekkunum en þessir nýrri. Á eftir fórum við í Landmannalaugar en þegar út á þjóðveginn kom þá varð ég langsíðastur."

Inntur eftir sögu bílsins segir Ágúst hann upphaflega hafa verið læknisbíl á Kristnesi. „Svo veit ég ekki eigendasöguna þar til Hilmar Foss fékk hann. Það er ómögulegt að segja hversu mikið hann hefur verið keyrður. En hann nánast dettur í gang þótt hann standi mánuðum saman þess á milli," segir hann og klappar gæðingnum.

gun@frettabladid.is

HEKLA mun frumsýna nýjan Volkswagen Passat CC í sýningarsal Volkswagen, HEKLU-húsinu, Laugavegi 174, í dag. Sýningin hefst klukkan 10 og stendur yfir til klukkan 16.

Notaðar vélar vinsælar

Á tímum niðursveiflu í íslensku efnahagslífi fer þeim fækkandi sem geta eignast nýjar vinnuvélar. Eftirspurn eftir notuðum vinnuvélum er mikil, en flestar eru seldar til útlanda vegna hærra andvirðis.

„Markaður fyrir notaðar vinnuvélar er mun líflegri nú en á sama tíma í fyrra, en því miður er lítið til af slíkum kosti í landinu. Nú fara heilu skipsfarmarnir utan vegna hagstæðrar gengisþróunar á slíkum vélakosti til útlanda," segir Gunnar Einarsson, sölustjóri hjá Vélum og þjónustu.

„Í fyrra keyptu verktakar nýjar vinnuvélar, en í dag velja margir þann kost að leigja því þeir eiga í verulegum erfiðleikum með að fjármagna vélakaup. Vinnuvélar eru dýr atvinnutæki, á verðinu 10 milljónir og upp úr, en í dag er enginn hægðarleikur að fá lánsfé og stendur aðeins til boða þeim sem standa vel. Í fyrra fékkst 100% fjármögnun, en í dag verða menn að eiga þriðjung til útborgunar, plús virðisaukaskatt," segir Gunnar alvarlegur í bragði.

„Verðgildi vinnuvéla fellur um 20% fyrsta árið og 15% árin á eftir. Þriggja ára vinnuvélar þykja gamlar þar sem Íslendingar nota þær á annan hátt en erlendis. Við notum eina og sömu vélina í allt; hvort sem það er mold, sandur, möl eða grjót, en erlendis er ein vél notuð fyrir hvert og eitt hráefni. Viðhaldskostnaður er því umtalsverður þegar aldurinn færist yfir, en kaup á notaðri vinnuvél geta verið hagstæð fyrir þá sem eru með verkstæði sjálfir, því vinnuhlutinn hefur hækkað, eins og annað."

Að sögn Gunnars Einarssonar, sölustjóra vinnuvéla hjá Vélum og þjónustu, fara flestar notaðar vinnuvélar frá Íslandi á uppboð erlendis. FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR

Í Vélaborg er einnig rólegra yfir vötnum en áður.

„Það er alltaf hreyfing í notuðum vinnuvélum en sala á nýjum vinnuvélum hefur snarminnkað," segir Ólafur Erlingsson, sölumaður hjá Vélaborg.

„Fjármögnun helst í hendur við gengisþróun og fyrsta árið rýrnar andvirði vinnuvéla um 20%. Innkaupsverð á nýjum vélum er 40 prósent hærra í dag en á sama tíma í fyrra og að sama skapi hafa notaðar vélar hækkað, miðað við afskriftareglur," segir Ólafur.

„Vel meðfarnar vinnuvélar eru alltaf eftirsóttar, en verra er með útjaskaðar vélar sem ekki hafa verið í höndum vandaðra vélamanna. Slælegt viðhald bitnar á verði, en æ fleiri vanda nú til viðhalds því þeir sjá ekki fram á að geta endurnýjað á næstunni og ætla sér að láta vélarnar duga lengur."

thordis@frettabladid.is

ÚTIVISTARRÆKTIN stendur fyrir berjaferð í Skógarkot 3. september. Sameinast verður í bíla og lagt af stað frá Toppstöðinni í Elliðaárdal klukkan 18.30 og ekið á Þingvelli. Sjá www.utivist.is.

Hér má sjá fjallaleigubíl.

MYND/ÚR EINKASAFNI

Steinunn Harðardóttir í einum af sínum gönguferðum um svæðið.

MYND/ÚR EINKASAFNI

Gengið um Pýreneafjöll

Steinunn Harðardóttir, dagskrágerðarmaður hjá Ríkisútvarpinu, er mikill göngugarpur og hefur margsinnis farið í gönguferðir erlendis. Síðast fór hún í slíka ferð til Pyreneafjallgarðsins.

„Ég byrjaði á að fara í gönguferðir til Mallorca árið 1991 og lærði spænsku í framhaldi af því. Ég hafði lengi verið spennt fyrir Pýreneafjöllunum og vegna spænskukunnáttunnar lá beinast við að fara í þjóðgarðana á Spáni en ekki Frakklandi," segir Steinunn.

Í Pýreneafjöllunum er að finna tvo mjög ólíka dali, Ordesa y Monte Perdido og Aiguestortes, sem Steinunn hefur gengið um í hópi Íslendinga. Þessir dalir teljast einstakir að hennar sögn og eru hluti af þjóðgörðum sem eru mjög vinsælir meðal Spánverja sjálfra.

„Í öðrum af þessum dölum er foss sem er mjög skemmtilegur og minnir mikið á Dynjanda á Vesturlandi. Ég tók með mér í eina ferðina dagatal sem Dynjandi prýddi meðal annars og gaf hótelstjóra á svæðinu, sem furðaði sig mikið á að hægt væri að kaupa póstkort af þeirra fossi á Íslandi," segir hún.

Í öðrum dalnum er líka að finna þúsund ára gamlar kirkjur sem Steinunn segir mjög áhugaverðar. „Þessar kirkjur voru settar á heimsminjaskrá árið 2000. Gaman er að vita af því að þegar verið var að skrifa lög hér á Íslandi þá var verið að vígja kirkjur lengst uppi í Pýreneafjöllunum," útskýrir hún og bætir við: „Þetta eru engar smá kirkjur. Í þeim voru kalkmálverk sem flutt voru á listasafnið í Barcelona til að koma í veg fyrir að kirkjuþjófar stælu þeim."

Steinunn stefnir á fleiri gönguferðir á þessu ári og fer í þeim tilgangi til eyjunnar Mallorca í næsta mánuði. *mikael@frettabladid.is*

Hægt verður að skella sér í ævintýralegt ferðalag til Dubai á næsta ári.

NORDICPHOTOS/GETTY

Á slóðir hirðingja

Ferðaskrifstofan Ferð.is býður upp á ferðir til Dubai frá 1. janúar til 12. mars á næsta ári.

Boðið verður upp á tengiflug með Icelandair frá Keflavík til Kaupmannahafnar og þaðan flogið til Dubai.

Þar verður hægt að skoða nýja og gamla Dubai; fara á markaði þar sem ávextir, krydd og gull eru meðal annars til sölu. Einnig verður Rahidi Fort skoðað, sem nú er safn, ásamt Jumerirah-moskunni, sem er eitt af helstu kennileitum Dubai. Farið verður í safarí þar sem grillað verður fyrir gesti og gefst þá tækifæri til að upplifa gyllta sandhóla á fjórhjóla drifnum bílum.

Hirðingjar verða heimsóttir í miðri eyðimörkinni, þar sem hægt verður að fara bak á kameldýrum og reykja vatnspípu. Frekari upplýsingar má finna á www.ferd.is eða í síma 491 2345. *- mmr*

Fortíð og nútíð mætast

HEIMSFERÐIR BJÓÐA UPP Á FLUG TIL SIKILEYJAR Í OKTÓBER.

Sikiley er stærsta og fjölmennasta eyja Miðjarðarhafsins. Heimsferðir ætla að bjóða upp á beint leiguflug til eyjarinnar 14. til 21. október.

Um er að ræða vikuferð þar sem í upphafi verður dvalið skammt fyrir utan Palermo í þrjár nætur. Frá Palermo verður farið til Giardino Naxos og gist þar í fjórar nætur.

Á Sikiley blandast saman fortíð og nútíð sem er ávísun á skemmtilega upplifun. Eldfjallið Etna er helsta kennileiti eyjunnar en þar má einnig finna margar fornminjar, meðal annars kirkjur og kastala frá miðöldum, grísk hof og hringleikahús. Matarmenningin er undir áhrifum bæði frá Ítalíu og arabískum löndum.

Frekari upplýsingar má finna á www.heimsferdir.is.

- mmr

KAUPMANNAHÖFN – LA VILLA

Heimagisting á besta stað í bænum.
Býður alla Íslendinga velkomna.
Geymið auglýsinguna.

www.lavilla.dk. S.0045 3297 5530. GSM. 0045 2848 8905

Montreal - Kanada

26. sept.

frá kr. 49.990



M. a. frábært sértilboð
Frá kr. 49.990

****** Helgarferð – síðustu sætin ******

Heimsferðir bjóða frábært tilboð á síðustu sætunum í helgarferð 26. sept. til Montreal í Kanada. Bjóðum frábært sértilboð á Best Western Ville Marie hótelinu sem er gott og vel staðsett fjögurra stjörnu hótel. Þetta er einstakt tækifæri til að njóta lífsins í þessari stórkostlega spennandi borg. Í borginni mætast gamli og nýi tíminn, rík sagan og iðandi nýbreytni. Það er frábært að versla og njóta lífsins í Montreal; fallegar byggingar, endalaust úrval verslana og veitingastaða og hagstætt verðlag. Gríptu tækifærið og smelltu þér til Montreal og njóttu þess besta sem þessi spennandi heimsborg hefur að bjóða.

Verð kr. **49.990**
Netverð á mann. Flug, skattar og gisting í tvíbýli á Travelodge Montreal í 3 nætur. Aukagjald fyrir einbýli kr. 12.000. Fjögurra nátta ferð 9.-13. okt. kr. 54.990. Aukagjald fyrir einbýli kr. 16.000.

Verð kr. **54.990**
Netverð á mann. Flug, skattar og gisting í tvíbýli á Hotel Best Western Ville Marie **** í 3 nætur. Aukagjald fyrir einbýli kr. 16.000. Fjögurra nátta ferð 9.-13. okt. kr. 59.990. Aukagjald fyrir einbýli kr. 21.000.

Heimsferðir

Skógarhlíð 18 • sími 595 1000
Akureyri • sími 461 1099 • www.heimsferdir.is

Birt með fyrirvara um prentvillur. Heimsferðir áskilja sér rétt til leiðréttinga á slíku. Ath. að verð getur breyst án fyrirvara.

Spennandi gisting fyrir fjölskyldur og hópa

Því ekki að skella sér útúr bænum og gista í flottum húsum hjá okkur á Minniborgum, aðeins 70 km frá Reykjavík. Hópar geta fengið grillveislu, morgunmat og að sjálfsögðu eru heitir pottar fyrir alla. Ekki slæmt að enda daginn á góðri slökun í heitu pottunum. Frábær aðstaða fyrir t.d ættarmót og fyrirtækjahópa. Internet tenging er í húsunum.

Hægt er að fá m.a.

- Grillveislur
- Umbúin rúm
- Morgunverðarhlaðborð
- Fjórhjólaferðir

Minniborgir.is • tölvupóstur info@minniborgir.is
sími: 868 3592

HEIMILI

VERSLUNIN Ljósin í bænum sinnir faglegri ráðgjöf um val á réttum lýsingarbúnaði ásamt hönnunar- og teiknivinnu. allar Nánari upplýsingar á www.ljosin.is og í síma 581 4488.

Gleðileg samfylgd heima

Smáfólk og unglingar kunna vel að meta flotta hönnun með svölu yfirbragði í sínar vistarverur.

Íslendingar eru víðförlir og margir sem þekkja af eigin raun freistandi verslanir Urban Outfitters í útlandinu, en keðjan sú er með útibú víða í Bandaríkjunum, Belgíu, Kanada, Danmörku, Englandi, Írlandi, Skotlandi og Sviþjóð. Þangað er vert að leggja leið sína þegar kemur að heimilisprýði og innanhússhönnun auk fatnaðar og fylgihluta, því heimilisdeildin er ævintýraheimur út af fyrir sig, með allt frá bosmamiklum sófum og flott munstruðum sængurfatnaði yfir í glitrandi ljós, öðruvísi raftæki og ferska skrifstofuvöru.

Auðvelt er að nálgast góssið og fá sent heim að dyrum með þægilegri verslun heima í stofu af heimasíðunni www.urbanoutfitters.com.

thordis@frettabladid.is

Þörf fyrir skipulag kemur snemma fram hjá börnum, en óreiða getur valdið þeim óróa og hugarangri. Það er því á höndum foreldra að veita börnum sínum svigrúm til fagurs umhverfis og góðs skipulags, ásamt því að útvega það sem til þarf svo halda megi umhverfi þeirra í röð og reglu. NORDICPHOTOS/GETTY

Eitursvalur lampahnöttur með svörtum úthöfum. Góður til að láta hugann reika um ókunn lönd yfir strembnum stærðfræðiþrautum um leið og hann er ómissandi í landafræðinámi.

Nám er vinna og vinna er strit. Þegar höfgi og svitakóf trufla einbeitingu við lærdóminn er gott að taka steypibað og ekki ónýtt að hafa meðferðis fjörlegan félaga í formi litríkrar sturtuhúfu.

Þetta apparat kallast Butt Station og geymir ómissandi félaga sem kemur manni í gott skap og hefur hemil á óskipulögðum vinnubrögðum með límbandsrúllu sinni, penna, nafnspjaldahaldi og bréfaklemmubás.

Rýmingarsala á skeljum

Opið í dag laugardag frá kl 10.00 - 18.00

Frontier skel,	verð áður 290.000,-	**Verð nú: 217.500,-**
Cub skel,	verð áður 290.000,-	**Verð nú: 217.500,-**
Yukon skel,	verð áður 290.000,-	**Verð nú: 217.500,-**
Fox skel,	verð áður 250.000,-	**Verð nú: 187.500,-**

Eigum gríðarlegt úrval af rafmagnspottum

Eigum gríðarlegt úrval af öllum fylgihlutum fyrir heita potta, tröppur, handriði, og fleira.

Arctic Spas

Arctic Spas • Kleppsvegur 152 • 104 Reykjavík • Sími 554 7755 • www.heitirpottar.is

ALLT SEM ÞIG VANTAR

Allar smáauglýsingar vikunnar á visir.is

Smáauglýsingasíminn er opinn alla daga kl. **8–17**

Smáauglýsingasíminn er **512 5000**
smaar@frettabladid.is / visir.is

Afgreiðslan er opin: alla virka daga **8–17**

BÍLAR & FARATÆKI

Einstakt tækifæri!!! Nýtt og stórglæsilegt 60fm sumarhús í Munaðarnesi. Verð 18.9m. Skipti möguleg. Sjá fleiri myndir á www.bilalif.is Rnr.112575. Frekari upplýsingar í síma 562-1717 og 899-3715.

Öflugur þessi!!! ISUZU TROOPER 33". Árgerð 8/1999, ekinn 146 þ.km, DÍSEL, 5 gírar. Flott eintak! Verð 980þ.Til sýnis og sölu hjá Bílalíf, Kletthálsi 2, s:562-1717. Sjá fleiri myndir á www.bilalif.is

Bílalíf
Kletthálsi 2, 110 Reykjavík
Sími: 562 1717
Opið virka daga 10-18 laug. 12-16.
www.bilalif.is

VOLVO XC90 2,5 T 4WD
árg. 2006, ek. 56 þ. mílur. Ssk, topplúga, 7 sæta, leðurinnrétting, fjarlægðarskynjarar, DVD skjáir í höfuðpúðum ásamt heyrnartólum, rafdr. sæti m/ minni, hiti í sætum, viðarinnrétting ásamt viðarstýri. Verð kr. 3.950.000.- Viðmiðunarverð kr. 5.300.000.- Væntanlegur til landsins eftir ca. 5-7 vikur. Sjá nánar á: www.interport.is

Bílaport / Interport ehf
Malarhöfða 2, 110 Reykjavík
Sími: 569 3300 / 897 1928
www.interport.is

TOYOTA LAND CRUISER 120 GX árg.9/2006, ek. 30þús.km, Diesel, Sjálfsk, 8 manna, cd, stigbretti, ofl. Mjög fallegur bíll!!! Ásett verð 5490 þús.kr!!!

Toyota LAND CRUISER 100, 2001, ek. 264þús.km, Diesel, Sjálfsk, Leður, stigbretti, Fallegur bíll og topp standi!!! Ásett verð 3390 þús.kr, áhvílandi 3000 þús.kr!!!

100 bílar ehf
Funahöfða 1, 110 Reykjavík
Sími: 517 9999
Opið virka daga 10-18.30 og laugardaga 12-16
www.100bilar.is

M. BENZ C320 Flott eintak vel með farinn. Árg 2002 Ek. 145 Flott þjónustubók Ásett 2.850.000.- Áhvílandi Hagstætt lán

Heimsbílar
Kletthálsi 2, 110 Reykjavík
Sími: 567 4000
Til sýnis og sölu á Heimsbílum Kletthálsi 2 S: 567-4000. Sjá fleiri myndir á www.heimsbilar.is
www.heimsbilar.is

Bílar til sölu

Nýir og nýlegir bílar frá öllum helstu framleiðendum. Við finnum draumabílinn. Yfir þrjár milljónir bíla á skrá. Allt að 30% lægra verð. Dæmi um 2007/2008: Acura TSX, frá 3.390 þús., Volvo XC-70, frá 4.070 þús., Porche Cayman, frá 6.500 þús. Sími 552 2000, www.islandus.com.

Hybrid í dag! Minni eyðsla, minni mengun, meiri kraftur. Tveir bílar tilbúnir í reynsluakstur. 2008 Toyota Highlander Hybrid og 2008 Toyota Camry Hybrid LTD. Pantaðu reynsluakstur í síma 552 2000. Hybrid-bílar eru nú fáanlegir frá fjölmörgum framleiðendum: Chevrolet, Ford, GMC, Honda, Lexus, Mazda, Mercury, Saturn, Toyota o.fl. www.islandus.com.

Vantar allar gerðir bifreiða á skrá, Mikil sala
Netbílar.is stórlækka þinn sölukostnað. Föst þóknun upp að tveimur milljónum aðeins 34.900 fyrirþitt ökutæki. Kynntu þér málið á Netbilar.is Gerðu verðsamanburð. Bílasalan Netbílar.is, Hlíðasmára 2, S. 588 5300

Til sölu MMC Galant station, árg. '99, ek. 126 þ.km. Ssk. Stgr. verð 390 þús. Uppl. í s. 696 2400.

Peugeot árg. '05, beinsk. Ek. 60 þ. V. 1,4 millj. S. 848 4974.

Toyota '98, ek. 180 þ., sk. '09. Tilb. 290 þ. BMW 740, árg. '00, ek. 170 þ., sk. '09. Tilb. 1690 þ. S. 892 0557

Til sölu Mercedes Benz ML 500 2006 ek. 73þ, mjög vel búinn. Leður, krókur, leiðsögukerfi o.fl. Verð aðeins 5.499 þús, eða 3.399 og yfirtaka á láni, 35 þús afb. á mán. uppl. í s. 822 5941.

Yamaha Virago 700 árg. 1991 í góðu standi. Ásett verð 350 þús. Uppl. í s. 897 1768.

M.Benz C55 AMG V8 '05 ek. 85þ Tilb. Yfirtaka(ca.5m)+sölulaun! Uppl. s:770-7255

Land Cruiser GX. 120 túrbó. Árg. '07. Diesel, ssk., dökkgrænn, sanseraður. Ek. 3500 km. V. 6,1 millj. Ekkert áhvílandi. S. 693 2391.

M5. 500 þús.
2001 árg. 400 hö. 20" felgur, billinn er sem nýr. Ný smurður, ekinn 145 þús. Individual með öllu. Verð. 3,9 áhv. 3,1 500 þús. kall út og spaðalegasti M5 landsins er þinn. Simi 847 7663 (ath. svara ekki sms).

M.BENZ 990 stgr.
E240 m/öllu ekinn 142 þús. 18" felgur fallegur bill. engin skipti. S.8477663

500 þús í vasann þinn!
Og eða yfirtaka! Bmw 540 Individual ssk. 03.02. flottur bíll ! 18" BBS álf. Leður, lúga ofl ofl. Skipti ath .uppl s. 898-8228

4 Runner ek. 178 þús. ný tímareim og púst. Fínn bíll. V. 259 þ. Fullur bensínt. S. 898 6033.

Toyota HiLux Double Cap 3,0 Diesel árg 2007 ekinn 33Þ. 33" Dekk Hús.Og fl fl. S: 898 2811.

Rauður Yaris árg. '05. ssk. ek. 23 þ. Einn eigandi. Ásett v. 1650 þ. Tilboð 1490 þ. Stgr. engin skipti. Lán getur fylgt . S. 846 2270.

Yaris 1300 cc.
Ekinn 127 þús. árg. '02, 5 dyra. Ásett 750 þús. Skoða skipti á dýrari. Uppl. í s. 846 8476.

Til sölu Nissan Pathfinder árg. 1996 ekinn 153 þús. Tilboð núna 160 þús. Tveir eigendur, vel með farinn bíll, reyklaus, viðhaldsbók, ný tímareim. Upplýsingar í síma 770 4149 og 565 3857.

Til sölu

BMW M5 ÁRG 06 2005 EKINN 22 Þ. KM.Innfluttur af umboði.EINN MEÐ ÖLLU. Ath öll skipti.898-2811.

Toyota Previa 7 manna sjálfsk. árg. '06 ek. 21.000 km. Dráttarbeisli, filmur, álfelgur. verð 3.400 þús. S. 696 1111.

VW Golf árg. '00 ek. 109 þús. sk. '09, 3ja dyra, beinsk. Bíll í góðu lagi. Verð 490 þús. Öll tilboð skoðuð. Uppl. í 587 9240 og 617 6171.

Yaris 1300vvti 5 dyra árg. '00. Ek. 120 þ. Einn eigandi. Tilboð 550 þ. S 868 3519.

Toyota Corolla, árg. 11/'98. Ek. 103,500 km. Nýskoðaður, ssk. V. 300 þ. S. 893 0496 eða 660 2555.

Til sölu Chevrolet Corvette, Algjör gullmoli. ssk. árg.'80. Verðtilboð óskast S. 690 3294

WV Golf Station árg. '00, ek. 121 þ. Ásett v. 400 þ. S. 660 2639.

Verðhrun! 699.000 kr!
PT Cruiser árg 11/00 nýsk. 09, sjálfsk, krómfelgur, topplúga, leður, filmur, ásett verð 1190 þús TILBOÐ 699 þús ATH öll skipti. S. 693 5053.

M.Benz E 500 árg. '03. Ek. 70 þ. Frúarbíll með öllu. V. 3690 þ. Ath. skipti á minni bíl. Uppl. í s. 869 5302.

Til sölu Hyundai Getz GLS 5/2005. Ek. 69 þ. bsk. sumar-og vetrardekk. V. 950 þ. Áhv. 320 þ. 692 2459.

Til sölu Hyundai Santa Fe II, árg. '07, diesel, ssk., ek. 10.000 þ.km. Gott stgr. verð. Uppl. í s. 894 2191.

Toyota Prius, (bensín/rafmagn) árg. '07, ek. 15 þús. km. sjálfsk. Listav. 3.250 þús. Eyðsla um 5 ltr. á hundraði! Uppl. í síma 862 3412.

Opel Zafira, árg. '03, ek. 97.000 km. 7 manna. Grár. Beinsk. 5 gíra með kúlu. Listav. 1.140 þús. Uppl. í s. 862 3412.

VW Toureg V10TDI. Árg. '06 ssk. Diesel. Ek. 18 þ. Ljóst leðurákl. Meðaleyðsla 12l/100. Gullfallegur bíll með endalausum aukabúnaði. V. 7.9 Góður strg. afsl. Uppl. í s. 897 4912 og gígja@raestir.is

Til sölu

BMW M5 2007

Til sölu glæsilegt og vel með farið eintak af M5. Billinn er innfluttur nýr og þjónustaður af B&L nýskráður 07.2007, hann er hlaðinn öllum hugsanlegum aukabúnaði, ekinn 14 þús og telur 508 hö. Einstakur bíll fyrir þá sem gera kröfur og vita hvað þeir vilja. Skoða öll skipti, mögulega á fasteign.

Upplýsingar í 899-1178 eða atliss@simnet.is

Til Sölu Toyota Tacoma árg. 2007 Ekinn 7 þ. mílur 35" breyttur, ssk. Ásett verð 4,5 mil., ýmis skipti koma til greina. Nánari upplýsingar í síma 893 8083.

VW GOLF GTI '05 ek 49þ. Sjálfsk.,18"felgur, xenon,tölvuk. Yfirt. + 300 þ. s.663 0680

M.Bens 200E '93. Ek. 227 þ. Sk. '09. Ssk., toppl., CD. V. 300 þ.Skipti mögul. á minni bsk. S. 864 1130.

01 duramax. ek. 139.000 km. 35" álkassi á palli. nýsk. 200 þús út. Uppl. í s. 862 0429.

VW Caddy, '07 ek. 35.000, verð 1.650.000,- áhv. 1.000.000, S. 483 4900 og 896 7967.

Toyota Rav4 til sölu!

árg 2006 ekinn 53þús. verð 3.3mi ákv 2.2mi afb um 32þús. ath skipti ódýrari+ yfirtöku láns uppl S:6950381

Til sölu Toyota Celica árgerð 2000 ek. 100 þús., sjálfskiptur, leður, lúga, 19" felgur, flottar græjur og fl. Verð 1.450.000, áhvílandi 1.100.000. Uppl. í s. 892 5478 skoða skipti.

Lexus IS 300 árg. '02 ek. 60 þ. Leður, lúga, ssk., bsk. Listav. 2,3 tilboð 1490þ. Skoða öll skipti & Raðgreiðslur mögulegar. S. 822 0350.

Yamaha YZF R6 til sölu !! árg. '03, nýmálað, nýtt púst og hólið yfirfarið. Sk. '09. Áhv. 360 þús. Ásett verð 800 þús. S. 868 2650.

Til sölu Land Rover Discovery 2 árg. '99. 7 manna, ssk., disel. 2 eigendur frá upphafi. Nýskoðaður '09. Án ath. Uppl. í s. 690 4930.

Gamall Izuzu jeppi til sölu. Dekk fylgja. Verð 60 þús. S. 861 4082.

Opel Corsa B, árg. '98, ek. 130 þ.km. Fæst fyrir 50 þús. Þarfnast smá lagfæringar. Uppl. í s. 868 4441.

Ford Focus árg. '03 Ekkert áhvíl. Sparneytinn og góður bíll á góðu verði. S. 669 1237

Til sölu flottur bíll, Peugeot 206, árg. '99, ek. 115 þ.km., litur rauður. Ásett verð 300 þús. Ný tímareim + bremsudiskar, verður nýskoðaður. Uppl. Bilasprautun SMS, Smiðshöfða 12, 868 8317 & 849 5768.

Nissan sunny árg. '93. Sumar-og vetradekk fylgja. S. 848 4362.

Til sölu Peugeot 406, árg. '97, ek. 186 þ.km. Góð vetrardekk fylgja. Verð 190 þús. Uppl. í s. 893 9207.

Fæst Gegn Yfirtöku

Toyota Rav 4. Fæst gegn yfirtöku á láni. 02'. ek. 140þ. álfelgur, krókur. Uppl. í S. 699-5358.

Til sölu Ford Explorer Eddie Bauer árg. '92 nýsk. '09 Uppl. í s. 862 9145.

Nissan Qashqai LE bensín árg. 2007 til sölu. Keyrður 14 þús. Fæst gegn yfirtöku á láni hjá Lýsingu. Uppl. í síma 898-7737.

Subaru Impreza WRX'03 ek:71þ.km. 5dyra.Silfurlitur.Toppeintak.1550þ.kr. S:6902484

Kia sportage 4x4 '98 sk'09, ek.130þús, ný tímareim, góður bíl ódýr. s.866-7807.

Vinalegur Pajero til sölu. Þarfnast aðhlynningar. Uppl. í s. 662 1982

Til sölu 3 Citroen Berlingo. Árg.'07. Tveir bensín, einn disel. Gráir á lit. Ek. rúm 20 þús. Fást á yfirtöku. Uppl. í s. 824 1450, Stefán.

Subaru Legacy 98' afmælisútgáfa, tvílitur grænn og gylltur. ek 150, sk. '09. Sjálfsk, 4x4, S+V dekk á felgum. Ásett 400þ, fæst á 250þ. Uppl. Gummi 821 9369.

Alfa Romeo 156 árg 2000 Sko'09 - álfelgur Ný dekk+vetradekk Verð 400þús - sími 6618653

Toyota corolla'99 ekinn 147þús,grár, 4dyra, CD, sumar-&vetrardekk verð 270þús. S. 554-6172/892-0565

Renault Megane árg. '98, ek. 120 þús. Sk. '09 án athugasemda. Fallegur bíll. Verð 330 þús. stgr. Uppl. í s. 898 2111.

Til sölu

0-250 þús.

Toyota Corolla árg.'99 skemmd eftir óhapp. Skipti á 2-400 þús. dýrari bíl mögul. S. 892-2854

Til sölu Bens 190E árg 92, skoðun 09. Vel með farin. upplýsingar 8968369 - 4268369.

Corolla '97 1.6 Xli, Bsk, Ek. 190 þús, Í toppstandi, mikið nýtt. verð: 250 þús S. 6973550

Til sölu Subaru Legacy 97mod. Ek. 110þ míl. SSK. Station.Ásett verð 350Þ.Tilboð 220Þ. Uppl í 6996296

Mitsubishi Lancer '93. Ekinn aðeins 118 þús. Þónokkuð endurnýjaður m.a. nýr dempari að framan og ný bremsurör að aftan. Sumar og vetrardekk. Skoðaður '09. Verð 150 Þús. Uppl. Gunnar s: 8933057

Ódýr, góður bíll !! Dodge Neon '96, ssk, 4d, nýsk, v. 70 þ. S. 692 6399.

Grand Cheeroke '93. Lítur vel út. V. 100 þús. S. 868 6974.

250-499 þús.

Nissan Almera, árg.2000, sk.'09. Ekinn 105 þús. Verð 340 þús. Uppl. í s:695-1105

Til sölu Hyunday Elantra 2,0L árg 2003 ekinn aðeinns 72,000KM mjög góður bíll, 2 eigendur. Verð 550.000 Visa raðgreiðslur í boði upplýsingar í síma 898-3888.

Pontiac Parisienne '86. Nýir demparar og gormar. Nýtt í bremsum, nýr bensíntankur. Nýr geimir orginal topplúga. Rafmagn í sætum og rúðum. Skoðaður '09. Verð 400þús. Þarfnast sprautunar. Uppl. í s. 699 8541 & 565 8541

Pontiac Parisienne '86. Nýir demp. og gormar. Nýtt í bremsum, nýr bensínt. Nýr geimir orginal topplúga. Rafm. í sætum og rúðum. Skoð. '09. Verð 400þús. Þarfnast sprautunar. Uppl. í s. 699 8541 & 565 8541

100 þ. út rest áhv. lán Hyundai coupe '98 Einstakt eint. Ek. 100 þ. vetrard. á felgum, leður, mp3CD. nýsk. S. 849 0377.

490 þús. stgr. Peugeot 206, árg. 2001, ek. 67.000. 5 dyra. S. 691-7946

Til solu Huyndai Sonada arg 2000 ekin 117000km samlæsingar ledur abs sjalsk innbyggdu barnabilstoll og fl verd 400 þ. Uppl i sima 8925567 8634394

Suzuki Vitara óskast. 4dyra. Árg 97-98. Staðgreiðsla. Upplýsingar í síma 8969625

Til sölu Hyunday Elantra 2,0L árg 2003 ekinn aðeins 72,000KM mjög góður bíll, 2 eigendur. Verð 550.000 Visa raðgreiðslur í boði upplýsingar í síma 898-3888.

500-999 þús.

Vantar þér bíl!!100% lán Hyundai Getz 1,4,"03,ekinn 112þúskm, 5gíra,5dyra,krókur,sk 09,afb af láninu 16þús/mán, sumar-vetrardekk á felgum.Verð 700þús.Uppl 8932147

Chevrolet lacetti Sport, árg '05, ek 43þ, verð 990þ, sk.'10, sumar/vetrardekk Uppl í s. 8467314

Chrysler Town&Country LX 01 til sölu á 750þ. Frábær fjölskyldubíll LANGT UNDIR LISTAVERÐI. 8950057

Toyota Corolla Verso árg.2002 ek.130. Þ Verð:850 Þ skoða öll tilboð og skipti Sími 6609795

Til Sölu gegn yfirtöku á láni sem stendur í ca 570þ. (ca 20.000kr á mánuði) Renault Megane Scenic 2001 árg. Beinskiptur Ekinn aðeins 89þ. Litur er rauðbrúnn uppl. í síma 8653499

Til Sölu góð Toyota Corolla'01, ek: 91.500, verð: 510þús, uppl: 8629740 Kolbrún

2 á sama verði og 1. 2stk Renault Kangoo eknir um 120þús fást saman á 580þús uppl. í s-8977781

1-2 milljónir

Chrysler Town & Country Limited 02 með öllu. Verð 1.9m. Skoða öll skipti á ódýrari. 8950057

Toyota Avensis 2002. 55 þ.km. Sjsk. krókur. Verð 1090 þús. áhv. erl. 733. þús. 856-7463

Toyota Previa árg, 03 ek, 63þús sjálfsk, 7manna sumar og vetrardekk á felgum, álfelgur, 1 eigandi frá upph. ath.skipti á ódýrari. v.2.1m stgr.1.85m uppl. í s-8977781

Til sölu: Hyundai Getz 1.4 árg 2006, hann er ekinn ca 39þúsund og sér ekkert á honum. Hann er 5gíra. Þessi er ekki að eyða neinu ca 6 lítrar á 100. upplýsingar í síma 8990023.

Toyota Corolla 07/'06 platínugrár 5 dyra, ek. 24 þ.km. Verð 1690 þús. Skipti á ódýrari. S. 899 7412

Subaru Legacy 2004 5dyra (nýrra lagið) ssk ekin 100þús km. Reyklaus, smurbók, 2 eigendur, vel með farinn. Ásett er 1850. Tilboð 1600stgr Áhvílandi 1260þ. S:6954697

2 milljónir +

Skiptu í hybrid og sparaðu hundruð þúsunda í eldsneyti. Allt að 40% minni eyðsla en samt meiri kraftur. Pantaðu hybrid-reynsluakstur í Reykjavík eða á Akureyri í síma 552 2000. Hybrid-bílar eru nú fáanlegir frá fjölmörgum framleiðendum: Chevrolet, Ford, GMC, Honda, Lexus, Mazda, Mercury, Saturn, Toyota o.fl. www.islandus.com.

Til sölu glæsilegur Isuzu D-Max. Sparneytinn og kraftmikill pickup. Fæst á yfirtöku Sími 8662945

Mazda 3 Sjálfskiptur, ekinn 23.000 verð 2,150 sumar og vetrardekk. Upplýsingar í síma 6623100

TILBOÐ 4.590þ stgr. 2007 VW Touareg V6 3.6L e.26þ km. Sjálfskiptur,leður,sóllúga. Áður 5.590þ S: 8967319

Auðveld kaup

Patrol Eleg. '00, 35" ek. 134 þ. í toppstandi. 2.190,000 yfirt. lán Sólarferð f. 2 fylgir S. 856 4213 & 692 2004.

Bílar óskast

Óska eftir 2-4 m kr. bíl í skiptum fyrir nýuppgerða 2-3 ja herbergja íbúð á svæði 101. íbúðin er í leigu til 1/6/09 leiga 120 þ. á mán. áhv. 18,4 m í nýju láni frá ILS. mism. greiddur með bíl. Uppls í S: 898-5254.

Vantar sjálfskiptann/framhjóladrifinn og skoðaðann bíl(eða bíl í lagi) á allt að 300Þúsund stgr. S 8936959. eða drf@simnet.is

Óska eftir VW Passat eða VW Golf árg. '00. 300 þ. stgr. S. 892 6958.

Óska eftir bíl ekki eldri en 1998 Fyrir 20 til 150 Þúsund. Margt kemur til greina. S: 895 2811.

Óska eftir góðum fólksbíl bíl með 09 skoðun á verðbilinu 200 - 350 þús stgr, civic,passat,golf eða eitthvað í þeim dúr s:6162821

Óska eftir sparneytnum sjálfssk. bíl á verðb. 100-300þús. Ekki eldri en '98. s. 663 4602

Óska eftir að kaupa lítið ekinn bíl á 300-500 þús. strg. Ekki eldri en '99 S. 551 9939.

Óska eftir Toyota Yaris '02-'04 Staðgreiðsla. S. 846 8865.

Óska eftir bíl sem eyðir litlu. Frá 0 - 60 þ. Uppl. í s. 823 3373.

Jeppar

Skiptu í Hybrid og sparaðu hundruð þúsunda í eldsneyti. Allt að 40% minni eyðsla en samt meiri kraftur. Pantaðu hybrid-reynsluakstur í Reykjavík eða á Akureyri, s. 552 000. Hybrid-bílar eru nú fáanlegir frá fjölmörgum framleiðendum: Chevrolet, Ford, GMC, Honda, Lexus, Mazda, Mercury, Saturn, Toyota o.fl. www.islandus.com.

Toyota LC 90 GX 38" Árg '97, diesel, ýmis aukabúnaður, verð 1700 þús, uppl 8609504

Tilboð 790.000 kr.

Toyota 4Runner, árg. 2000. Sjálfsk. Rafmagn í öllu, topplúga, krókur, Cruise Control. Í toppstandi. Sk. '09. Tilboð 790 þús. Uppl. í s. 821 4111.

Til sölu Nissan Patrol árg 10'99,bsk, keyrður 180 þús, 33" dekk, Webasto miðstöð. Bíll í góðu lagi. Ásett verð 1490 þús. Tilboð 990 þús. Uppl í síma 660-3694.

Ford Explorer árg 94 ek. 139Þkm Mjög heill bíll, skoð. 09 verð 195þ Uppl. S:8622025

Toyota Land Cruiser 120 GX dísel, sjsk. árg. '04. Ek. 80 þ. km. Uppl. s. 693 8510.

Range Rover Vogue dísel árg. '05, einn með öllu. Gullfallegur bíll. Verð 8.990 þ. Ath. öll skipti eða góðir lánamöguleikar. S. 898 2111.

Góður og vel viðhaldin Skoda Octavia. Árg. 1999. Nýr tímareimapakki, nýjar bremsur, ný smurður, skoðaður. 450 þús. David 861-0250

heimili&hönnun

LAUGARDAGUR 30. ÁGÚST 2008

INNLIT

Heimili með sögu

HÖNNUN

Beint af hvíta tjaldinu

HEIMILI OG HUGMYNDIR

Vel geymt leyndarmál

FRÉTTABLAÐIÐ

RÝMINGARSALA
ALLT AÐ 80%
AFSLÁTTUR

Verslunin Hobby Room er að flytja og býður þess vegna allar sýningarvörur á ofboðslegum afslætti!

Hobby Room

VIÐ BRÚNA HJÁ IKEA!
HAFNARFJÖRÐUR
REYKJAVÍK

HOBBY ROOM · MIÐHRAUN 2 · GARÐABÆR · HOBBYROOM.IS

HEIMILISHALD
MIKAEL MARINÓ RIVERA

Haustið er komið!

Fyrsta lægð haustsins er mætt á svæðið og gasgrillið var við það að fjúka til Borgarfjarðar. Nú fer veðrið að versna og við getum sagt bless við sólríkar stundir úti í garði eða á svölunum. Ég hef orðið mér út um kassa og er farinn að pakka niður öllu því er tengist sumrinu. Fyrir mér er sumarið búið enda ágústlok og septemberhandan við hornið.

Ég veit vissulega að ég er mjög svartsýnn og lagstur í hálfgert skammdegisþunglyndi en það er varla hægt annað þegar úti er rigning og rok og allt er að fjúka. Á haustin fer maður ósjálfrátt að eyða meiri tíma heima hjá sér í hlýjunni og því þarf að undirbúa heimilið undir það. Gott er að kynna sér hvað sjónvarpið hefur upp á að bjóða og fjárfesta í stöðvum sem bjóða best. Koma þarf sjónvarpinu í stand með því að pússa skjáinn vel svo myndin sé sem skýrust. DVD-spilarinn er nauðsynlegt tæki sem allir ættu að hafa ef ske kynni að sjónvarpsdagskráin skyldi klikka, en þá er hægt að hlaupa út á næstu leigu og taka eina mynd eða svo.

„Á haustin verður heimilið allt annað en yfir sumartímann og maður uppgötvar ýmsa hluti sem maður hefur ekki tekið eftir á sumrin.“

Námsmenn draga fram skruddurnar og fljótlega breytist heimilið í litla útgáfu af skólastofu. Útprentuð blöð og skólabækur verða heimilismublur á einni nóttu og því verður annað að víkja fyrir þeim. Sjálfur ætla ég að taka til í geymslunni og gera allt sem ég get til þess að útbúa þar lítinn lærdómshelli, þannig að stofan og svefnherbergið fái frið. Sannarlega er viss sjarmi yfir því að læra inni í lítilli kompu með dósum og óhreina tauinu.

Á haustin verður heimilið allt annað en yfir sumartímann og maður uppgötvar ýmsa hluti sem maður hefur ekki tekið eftir á sumrin. Veðrið var stórkostlegt í sumar og féllu hitametin hvert af öðru eins og íslenska krónan. Því var ekki gert ráð fyrir að maður væri að hanga heima hjá sér og bora í nefið, hvað þá að drekka rjúkandi kaffi. Vegna veðurfarsins hefur kaffivélin staðið nánast ósnert í sumar og í vikunni tók ég eftir henni í eldhúsinu í fyrsta skipti í mánuð. Ég fékk hálfgert samviskubit yfir að hafa ekki notað kaffivélina og hef síðustu daga drukkið kaffi á við tuttugu manns og hef um leið lítið sofið.

Sumarið er sannarlega tíminn og þar sungu meðlimir hljómsveitarinnar GCD ekki feilnótu. Allt iðar á sumrin. Allir eru kátir á götum úti en svo kemur eitt stykki lægð eins og skrattinn úr sauðarleggnum og eyðileggur alla stemninguna. Kæru Íslendingar nær og fjær, haustið er komið og það kom í gær.

Gott að allt sé vel geymt á einum stað

● Halldór Sturluson sá vinnuborð á yfirlitssýningu á verkum Joe Colomco í Mílanó á Ítalíu. Þegar Halldór gerði sér vinnuaðstöðu heima hjá sér fékk sér umrætt vinnuborð.

Halldór Sturluson, myndlistarmaður, er mikill fagurkeri og hefur nýlega sett upp vinnuaðstöðu til að starfa að myndlist á heimili sínu. Þar má finna vinnuborð sem er eftir ítalska hönnuðinn Joe Colombo sem hannaði það árið 1969.

„Ég sá þetta borð á yfirlitssýningu á verkum Joe Colombo í Triennale í Mílanó þar sem ég stundaði myndlistarnám um nokkurra ára skeið. Joe Colombo var þekktur fyrir það að hanna hluti sem höfðu mikið notagildi. Einnig var hann þekktur fyrir að hanna hluti sem hægt var að setja saman í litla einingu og spara þannig pláss í litlum rýmum,“ útskýrir Halldór áhugasamur og bætir við: „Það er í raun ótrúlegt hvað er hægt að nota borðið í margt. Geymslurými þess er miklu meira en maður heldur og á því eru fjölmargar skúffur og hólf sem koma sér vel.“

Í borðinu kemur Halldór fyrir öllu því sem fylgir myndlist hans, til dæmis öllum penslunum og málningunni.

„Að hafa allt á einum stað er mjög nauðsynlegt og það gerir ekkert annað en að auðvelda manni vinnuna. Ég er alveg laus við það að leita út um allt að einhverjum einum hlut en með borðinu er hægt að ganga að hlutunum vísum,“ útskýrir Halldór ánægður með vinnuborðið.

- mmr

Halldór Sturluson er mjög sáttur við vinnuborðið sem hannað var af Joe Colombo árið 1969. FRÉTTABLAÐIÐ/RÓSA

● **Forsíðumynd:** Gunnar V. Andrésson tók mynd á heimili Hildar Kristjánsdóttur **Útgáfufélag:** 365 miðlar ehf., Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík, s. 512 5000 **Ritstjórar:** Hrefna Sigurjónsdóttir hrefna@frettabladid.is, Roald Eyvindsson roald@frettabladid.is, Emilía Örlygsdóttir emilia@frettabladid.is **Auglýsingar:** Hlynur Þór Steingrímsson s. 517 5439 **Útlitshönnuður:** Kristín Agnarsdóttir kristina@frettabladid.is.



● **HOTMAN ER NAUÐSYNLEGUR Í ÖLL ELDHÚS.**

Hotman er hannaður til þess að halda heitum eldhúspottum á borðum og hann notar sterka fætur sína og hendur til þess. Hotman er alltaf með galopin munninn svo hægt sé hengja hann á öruggan stað í eldhúsinu og auðvelt er að finna hann þegar leggja á eldhúspottana á borðið. Nú er veturinn á næsta leyti og þá eru heitir pottar oft á borðum. Þá er Hotman ómissandi hlutur í eldhúsið. Hotman er hannaður af Peleg Design og fæst víða í netverslunum. Má þar meðal annars nefna http://www.giftlab.co.uk og http://www.drinkstuff.com.

:fá FJÖLBRAUTASKÓLINN VIÐ ÁRMÚLA

FJARNÁM

Skráning á haustönn fer fram 29. ágúst – 7. september
á slóðinni www.fa.is/fjarnam

Hannaðu þinn eigin sófa

Veldu saman einingar sem henta þér og búðu þannig til draumasófann þinn. Við bjóðum upp á 7 mismunandi tegundir af örmum og 5 mismunandi tegundir af fótum. Síðan fullkomnar þú verkið með vali á áklæði eða leðri í stíl.



LÍNAN

Línan | Bæjarlind 6 | 201 Kópavogur | Sími 553 7100 | Opið mán til fös 10-18 og lau 11-16 | www.linan.is

hönnun

Vasi á hreyfingu

Falling vase“ eftir sænska hönnunarteymið Front Design fangar augnablikið þegar vasi fellur um koll. Teymið, sem er einungis skipað konum, heldur því fram að það eigi fyrir öllum vösum að liggja að falla um koll og brotna í spað. Hönnuðirnir fanga augnablikið þegar vasinn snýst í hringi rétt áður en hann skellur í gólfið og splundrast. Útkoman er átta samfastir vasar sem til dæmis má láta hlykkjast niður enda á hillu, koma fyrir á borðbrún eða uppi á skáp. Þá er ekki einungis um skraut og skemmtilega hönnun að ræða því vel er hægt að stinga blómum í þá vasa sem snúa upp og því um talsvert notagildi að ræða. Þó sómir vasinn sér einnig vel án nokkurra blóma enda um óhefðbundinn mun að ræða er vekur athygli. Sjá nánar á frontdesign.se.

Pedro Almodóvar er snillingur í litasamsetningum eins og sjá má í öllum hans myndum og er Volver þar engin undantekning.

Af hvíta tjaldinu

● Innblástur fyrir heimilið er hægt að sækja víðar en á síður glanstímarita. Til dæmis í kvikmyndir þar sem hús og heimili eru oft fallega stílfærð.

Kvikmyndir eru kjörinn vettvangur til að sækja sér innblástur fyrir heimilið þar sem hús og heimili eru þar innréttuð til að skapa visst andrúmsloft.

Sex and the City-þættirnir og kvikmyndin hafa veitt mörgum innblástur í fatavali en þangað er líka hægt að sækja hugmyndir um hvernig innrétta megi heimilið. Fataskápur Carrie Bradshaw er heimsfrægur og svöl New York íbúð Big ætti að veita margar skemmtilegar hugmyndir.

Endilega hafið samband í síma 822 8835 eða www.nings.is

Pizza Hut

Hefur þú metnað og áhuga til að veita góða þjónustu?
Pizza Hut leitar að duglegu og stundvísu starfólki í sal. Starfmenn Pizza Hut fá alþjóðlega þjálfun sem byggir á þjónustugleði, gæðum og áreiðanleika. Vilt þú koma í Pizza Hut liðið? Lágmarksaldur er 18 ára, Góð tök á íslensku er skilyrði . Umsóknir sendist á www.pizzahut.is . Allar nánari upplýsingar veitir Abdhul veitingastjóri í Smáralind í síma 6929759.

Borgarafl
óskar eftir smiðum og verkamönnum.
Upplýsingar sendist á freyr@borgarafl.is

MOSFELLS BAKARÍ

Mosfellsbakarí
Mosfellsbakarí á Háaleitisbraut 58-60, Rvk. óskar eftir góðu fólki til starfa í afgreiðslu. Ýmsar vaktir í boði. Íslenskukunnátta skilyrði.
Nánari upplýsingar veitir Ellisif í s. 660 2153 eða á staðnum.

MOSFELLS BAKARÍ

Mosfellsbakarí
Mosfellsbakarí Mosfellsbæ óskar eftir góðu fólki til starfa í afgreiðslu. Ýmsar vaktir í boði. Íslenskukunnátta skilyrði.
Nánari upplýsingar veitir Áslaug í s. 660 2155, 566 6145, eða á staðnum.

Halló!!
Er ekki einhver hress og ungur (í anda) sem hefur áhuga á vélum, sem vantar vinnu. Erum lítið vélaverkstæði með hressum og skemmtilegum vinnufélögum. Möguleiki á að taka á samning
Umsóknir sendist á helga@bætir.com eða í síma: 567-2050

MT

Óskum eftir að ráða múrara og verkamenn í múrvinnu. Upplýsingar í síma 896 6614. Kolbeinn Hreinsson, Múrarameistari.

LÖÐUR
miðstöð bílaunnenda
sími 544 4540 | www.lodur.is

Afgreiðslustarf við kassa
Bílaþvottastöðin Löður leitar eftir starfskrafti á þvottastöðina að Fiskislóð 29. Um er að ræða fullt starf og að viðkomandi geti tekið að sér helgarvinnu. Starfið felst í því að taka á móti greiðslum hjá viðskiptavinum, svara í síma og sjá um kaffistofu. Áhugasamur þarf að geta hafið störf í september. Sótt er um starfið á heimasíðu okkar www.lodur.is

Hjá Jóa Fel Holtagarðar
Óskum eftir að ráða hressar og duglegar manneskjur í afgreiðslu í bakarí hjá Jóa Fel Holtagörðum og Kaffihúsið í Smáralind.
Upplýsingar gefur Dóra í síma 861 2417 eða Unnur í síma 893 0076, einnig umsóknir á unnur@joifel.is

Ísbar/Booztbar, Kringlunni og Borgartúni
Óskum eftir að ráða í eftirfarandi störf. Dagvinna á tímabilinu 10-14 & 8:30-16:30. Góð laun í boði fyrir réttan aðila. Einungis traust og heiðarlegt fólk kemur til greina. Uppl. í s. 898 7924, Kristinn eða senda umsókn á cyrus@simnet.is

Byggingarfyrirtæki / Building Company
Okkur vantar til starfa samviskusamt og laghent starfsfólk í eftirfarandi störf í viðhalds-og breytingarverkefni.

Múrbrot, Múrverk, milliveggjasmíði, almenn smíði, mann sem hefur ökuréttindi til að keyra vörubíl með krókheysi sem ber allt að 5t. (ekki þörf á meiraprófi) og yrði akstur aðeins hluti af störfum hans.
Garðafell ehf.

Stofnað 1981

S. 892 4730.

HENDUR.IS
Tugir starfa í boði á vefsíðu okkar.

Björnsbakarí-vesturbæ óskar eftir starfsfólki til starfa. Vinnutími er frá kl 13-18.30. uppl: Helga 699-5423.

Óska eftir smið og mönnum vönum alhliða húsaviðhaldi. íslenskukunnátta skilyrði. Góð laun fyrir rétta aðila. Uppl. í s. 616 1569.

Starfsfólk óskast í fiskvinnslu í Grindavík, handflökun á ýsu og fleira. Uppl. í s. 897 6302.

Óska eftir bókara sem hefur unnið með DK forriti í 50% starf. Þarf að geta sinnt öðrum tilfallandi störfum og þarf að geta hafið störf sem fyrst. Umsóknir með uppl. um aldur og fyrri störf ofl. sendist á diving@diving.is

Óskum eftir hressum starfsmanni í uppsetingar og þjónustu á bílskúrs og iðnaðarhurðum. Umsóknir sendist á hurdir@hurdir.is

Vaktavinna-Egilsstaðir
Vantar starfsfólk til afgreiðslustarfa, í vaktavinnu. Grill og sjoppa - Uppl. í s. 861 7756. Bensínsstöð, S. 864 6680.

Gröfumaður - Egilstaðir
Vantar vanan gröfumann í 3 mánuði. Vinna við grunn og lagnir. Malarvinnslan. Uppl. í s. 860 0120.

Starfsfólk óskast til afgreiðslustarfa í Bakaríi í Rvk. Uppl. í s. 699 3677.

AU-PAIR óskast til 5 manna ísl. fjölsk. á Tenerife. Vinamlegast sendið umsókn á jonadis@hotmail.com

Eðalparket ehf. óskar eftir starfsmönnum til parketlagna og -slípunar. Æskilegt er að umsækjendur búi yfir vandvirkni, dugnaði, reglusemi og útsjónarsemi. Góð laun í boði fyrir rétta menn. Umsækjendur hafi samb. við Sigurð í 820-0024

Ræstingar
Vantar 3 manneskjur í 100% störf á daginn. Ráðið verður strax. Uppl. gefur Stefán í s. 824 1450 eftir helgi.

Atvinna óskast

Vantar þig Smiði, múrara eða járnabindingamenn?
Höfum á skrá menn sem að óska eftir mikilli vinnu. Geta hafið störf nú þegar.
Proventus starfsmannaþjónusta s. 661 7000.

HENDUR.IS
Auglýstu FRÍTT eftir starfskrafti á vefsíðu okkar.

Sjálfstæður smiður getur bætt við sig verkefnum. Uppl. í s. 770 0970.

Starfsfólk frá Lettlandi: smiðir, verkamenn, meiraprófsbílstjórar, vélamenn, suðumenn, fiskvinnslufólk o.fl. S. 845 7158.

Ég er öryrki með langa starfsreynslu bæði til sjós og lands. Get tekið að mér ýmisstörf. Er á bíl. Upplagt fyrir menn sem misst hafa bílpróf í lengri eða skemmri tíma en þurfa að vera mikið á ferðinni. s. 553 1760 & 892 2001

27 ára kvk leitar framtíðarvinnu, er nýkomin utan að landi eftir að hafa séð um kaffihús ásamt eldhúsi, er ýmsu vön, reglusöm og dugleg. Margt kemur til greina. Lágmarkslaun 250 þ. Ahugasamar hafið samband í s. 661 9851. Þuríður.

Viðskiptatækifæri

Naglastofan Sculture
Naglaaðstaða til leigu fyrir naglafræðing á naglastofu í Kópavogi . Mjög flott og góð aðstaða.
Uppl. í s. 868 6695.

TILKYNNINGAR

Tapað - Fundið

Tölvunni minni var stolið !
- Fundarlaun í boði.
Það vill svo til að það var brotist inn til mín og stolið tölvunni minni. Það eru mjög persónulegir hlutir inni á henni eins og t.d. myndir af dóttur minni. Tölvan er af gerðinni HP, 4ra ára gömul með 19" skjá og svört á litinn. Góð fundarlaun í boði.
Vinsamlegast hafið samband við Írisi í s. 867 1757.

Tilkynningar

HUNDARÆKTUNAR FÉLAGIÐ ÍSHUNDAR

Skráning á haustsýning íshundar er hafin. Sýningin fer fram helgina 4. og 5. okt. n.k. loka skráningardagur er 12 sept. www.ishundar.is S. 577 2474.

Lokaumferð Íslandsmótsins í Torfæru
verður haldin laugardaginn 6. september kl:13:00 í malargryfjum við Sandskeið v/Bláfjallaveg. Skráning stendur yfir til 03.09. kl 23:00 Keppendur skulu senda póst á stjorn@formulaoffroad.net með kennitölu keppanda og nöfnum bílstjóra og bíls.
Keppnisgjöld skulu greidd inná reikning klúbbsins: 527-26-5555 kennitala: 510501-2090 til að skráning sé gild.
Keppnisgjöldin eru krónur 5.000, STJÓRNIN.

Einkamál

SÍMAÞJÓNUSTUR

Stefnumót
905-2000 (símatorg)
535-9920 (kreditkort)
535-9923 (frítt, karlar)
555-4321 (frítt, konur)
Spjall
904-5454 (símatorg, karlar)
535-9940 (kreditkort, karlar)
555-4321 (frítt, konur)
Gay spjall
535-9988 (kreditkort)
Sögur
905-2002 (símatorg)
535-9930 (kreditkort)
Spjalldömur
908-6000 (símatorg)
535-9999 (kreditkort)

908 6666
Tvær nýjar byrjaðar og eru í góðum gír. Hver verður kærastan þín í kvöld ? Opið allan sólarhringinn, engin bið.

MAKALAUS.IS er síða sem þú ættir að sjá á netinu. Engin þarf að vera makalaus á Íslandi. Þekkirðu ekki einhvern sem er makalaus ? Ókeypis silfurskráningar og svo auðvitað gullskráningar fyrir kröfuharða. MAKALAUS.IS

Atvinna

Byggingafélagið Rætur

Óskar eftir vandvirkum og stundvísum smiðum í vinnu. Almenn smíðavinna, tímabundið verkefni.

Nánari upplýsingar í síma 894 0067 eða tolf@btnet.is

ZOO.IS
HÁRSTUDIO

Óskum eftir þrælduglegum nema til starfa á stofu með skemmtilegu starfsfólki og frábærum kúnnum.

Upplýsingar veitir Einar í síma 899 4240.

ALLT, ATVINNUBLAÐ FRÉTTABLAÐSINS
– mest lesna atvinnublað landsins

Allt, atvinnublað Fréttablaðsins er með 77,8% meiri lestur en atvinnublað Morgunblaðsins.

Allt sem þú þarft... ...alla daga

52,46% Allt, Atvinna

29,5% Atvinna, Morgunblaðið

Meðallestur á tölublað m.v. höfuðborgina, 18-49 ára. Könnunartímabil: febrúar – apríl 2008.

Atvinna

VANTAR ÞIG
SMIÐI, MÚRARA, JÁRNABINDINGAMENN, MÁLARA EÐA AÐRA STARFSMENN?
Höfum á skrá fólk sem óskar eftir mikilli vinnu.
Getur hafið störf nú þegar.
Proventus starfsmannaþjónusta s. 661 7000

STÁL SUÐA
Vegna góðrar verkstöðu óskum við eftir vönum rafsuðumönnum (electrode pipewelders)
Til vinnu strax uppl í síma 693-5455 693-5454

Afgreiðslustarf
Álafoss óskar eftir hressum og glaðlegum starfskrafti í verslun okkar í miðbænum.
Góð þjónustulund og tungumálakunnátta æskileg. Um er að ræða fullt starf
Nánari upplýsingar í síma 8229104 (Arnar)

Fasteignir

HRAUNHAMAR
FASTEIGNASALA
Bæjarhrauni 10 - Hafnarfirði - Sími 520 7500 - www.hraunhamar.is
Laufás 1 - Gbæ. Jarðhæð
Opið hús í dag frá kl. 15.00 til 16.00

Hraunhamar kynnir mjög glæsilega mikið endurnýjaða 113.4 fm. jarðhæð í þríbýli þar af er bílskúr 28,5 fm. Eignin skiptist í forstofu, hol, eldhús, stofu, herbergi, hjónaherberbergi, baðherbergi, geymslu, sameiginlegt þvottahús og bílskúr. Fallegar innréttingar og gólfefni. Afgirtur 35 fm. pallur. **Verð 23,9 millj. Laus strax.**
Páll og Unnur taka á móti áhugasömum væntanlegum kaupendum í dag milli 15 til 16.
Magnús Emilsson, löggiltur fasteignasali

FASTEIGNA-MARKAÐURINN
ÓÐINSGÖTU 4, SÍMI 570 4500, OPIÐ VIRKA DAGA KL. 9–17.
Netfang: fastmark@fastmark.is - www.fastmark.is
Jón Guðmundsson, sölustj. og lögg. fast.sali. Guðmundur Th. Jónsson, lögg. fast.sali.
Hléskógar 15 - 109 Reykjavík
Opið hús í dag frá kl. 14-16

Frum



Glæsilegt 284 fm einbýlishús á tveimur hæðum með um 30 fm innbyggðum bílskúr, vel staðsett á útsýnisstað í neðra Breiðholti. Eignin skiptist m.a. í stórar og bjartar samliggjandi stofur, rúmgott eldhús, sex herbergi, sjónvarpshol/setustofu og rúmgott baðherbergi auk gesta snyrtingar. Tvennar svalir út af stofum og svefgangi. Stór verönd til suðausturs. Ræktuð lóð með fjölda trjáa og plantna. **Verð 72,5 millj.**
Eignin verður til sýnis í dag, laugardag, frá kl. 14-16
Verið velkomin.

Til sölu

Bílexport

Nýr Man 35.480 8x6 HBL
Með HIAB XS 1055 HI PRO 105 tm Krana. Sex lappir færanlegur stóll og pallur 6,3 mtr. Til afhendingar strax.
Verð 54.000,000+ vsk

Nánari upplýsingar gefur:
Bóas Eðvaldsson
0049-1751891550
www.bilexport.is

Styrkir

Jöfnunarstyrkur til náms
- Umsóknarfrestur er til 15. október 2008 -

Nemendur á framhaldsskólastigi sem ekki njóta lána hjá LÍN geta sótt um styrk til jöfnunar á námskostnaði. Styrkurinn ræðst af búsetu og er fyrir þá sem verða að stunda nám fjarri heimili sínu.

- Dvalarstyrkur (fyrir þá sem verða að dvelja fjarri lögheimili og fjölskyldu sinni vegna náms).
- Styrkur vegna skólaaksturs (fyrir þá sem sækja nám frá lögheimili og fjölskyldu fjarri skóla).

Nemendur og aðstandendur þeirra eru hvattir til að kynna sér reglur um styrkinn á vef LÍN (www.lin.is).

Umsóknarfrestur vegna skólaársins 2008-2009 er til **15. október nk.** Sækja má um styrkinn á heimasíðu LÍN. Móttaka umsókna hefst í september nk.

Lánasjóður íslenskra námsmanna
Námsstyrkjanefnd

SPENNANDI VIÐSKIPTATÆKIFÆRI!
Til sölu aðstaða undir veitingarekstur á Stjörnutorgi Kringlunnar. 16 m2. Hagstætt verð: 2,5 m.
Upplýsingar veitir Kristinn í síma: 898-7924

Tilkynningar

Sundfélagið Ægir,
skráningardagur
Nú er að hefjast nýtt sundár og verið að nýskrá í alla hópa. Næsti skráningardagur félagsins verður laugardaginn 30. ágúst í Breiðholtslaug frá kl. 10 - 14. Hvetjum áhugasama sudmenn til að mæta og kynna sér starfsemi félagsins.

Skagfirska söngsveitin
Söngfólk óskast
Stjórnandi er Renáta Iván
Æfingar í Breiðagerðisskóla
www.skagfirska.is
Skagfirska söngsveitin

KÓR HÁTEIGSKIRKJU
getur bætt við söngfólki í allar raddir. Einhver reynsla af söng og nótnalestri æskileg
Áhugasamir hafi samband við kórstjórann
Douglas A. Brotchie
í síma 899 4639 og
douglas@hateigskirkja.is
Háteigskirkja

Fasteignablaðið
512 5469
694 4103

Ruth Bergs
ruth@365.is

ÞURFUM AÐ HALDA OKKUR Á JÖRÐINNI

FRIÐRIK SIGURÐSSON

„Við þurfum að halda okkur á jörðinni, það eiga sjálfstæðismenn að vita eins og aðrir," segir Friðrik Sigurðsson, verslunarmaður, sem situr í sveitarstjórn Norðurþings fyrir Sjálfstæðisflokk og óháða.

Hann segist vera fylgjandi álversframkvæmdum, svo fremi sem þær hafi ekki neikvæð áhrif á samfélagið. Hann fari ekki á taugum þótt framkvæmdirnar tefjist um eitt ár, af sökum ákvörðunar umhverfisráðherra um heildstætt umhverfismat.

„Við höfum verið án álvers frá örófi alda og ef við deyjum út af tólf mánaða töf, þá er illa komið fyrir okkur. Og í prinsippinu er ég sammála því að líta á þetta heildstætt," segir hann og líkir við ef maður vildi byggja hús með bátaskýli og bryggju, og sækti um leyfi fyrir húsi fyrst, svo skýli og svo bryggjunni, en léti sem eitt kæmi öðru ekkert við.

„En því miður er ein stór álglýja í augunum á allt of mörgum hér. Ég er einn af fáum bæjarfulltrúum, allavega í meirihlutanum, sem hefur ekki miklar áhyggjur af hugsanlegum töfum," segir Friðrik.

Hann telur að umhverfismatið eitt og sér stöðvi ekki framkvæmdir, nema það leiði í ljós óafturkræf áhrif á umhverfið. Betra hefði þó verið að ráðherra hefði tekið ákvörðunina fyrr.

Friðrik er sannfærður að einhver iðnaður komi á svæðið, hvort sem það verði endilega Alcoa eða eitthvað annað. Hann vill að í orkuöflun verði framkvæmdir í Gjástykki „alveg aftast á listanum".

ALLT AFTURKRÆFT

BERGUR ELÍAS ÁGÚSTSSON

Bergur Elías Ágústsson, sveitarstjóri Norðurþings, segir „fráleitt" að sveitarfélagið hafi hótað eignarnámi á Héðinshöfða, eins og íbúar þar halda fram. Eignarnám þar sé fyrir það fyrsta ómögulegt. Eitt sveitarfélag geti ekki numið land í öðru.

Hann hafi reynt að upplýsa sveitunga um framgang mála eftir bestu getu, þótt ef til vill sé svolítið langt um liðið frá síðasta fundi, en hann man ekki hvenær sá fundur var haldinn.

Norðurþing hafi aldrei kynnt þynningarsvæði álversins, enda sé það álframleiðandans að gera, þegar sú skýrsla verður tilbúin.

Um staðarvalið segir Bergur það hafa verið í höndum Alcoa. „Ákveðnir staðir voru valdir og svo vegnir og metnir af framkvæmdaraðilum. Þeirra niðurstaða var að Bakki væri heppilegastur."

Hann fullyrðir að ákveðins misskilnings gæti um framkvæmdirnar. „Því þetta er allt afturkræft. Við getum skrúfað fyrir holurnar, það er einn stútur, við getum fjarlægt virkjanir og það er hægt að taka sundur álverið. Og hér setjum við ströngustu skilyrði."

Framhald á bls. 30

Viltu skjól á veröndina?

www.markisur.com og www.markisur.is

Veðrið verður ekkert vandamál

Hrein fjárfesting ehf, Dalbraut 3, 105 Reykjavík
Upplýsingar í síma 567 7773 og 893 6337 um kvöld og helgar

PIPAR • SÍA • 81624 • Ljósmynd: Oddur Björnsson

Haustið er upphaf skólaársins. Börnin verða um leið afar áberandi meðal gangandi vegfarenda og kröfur um öryggi þeirra aukast til muna. Gangstéttir eru þeirra leið í skólann. Það er óviðunandi að þau, ásamt fötluðum og fólki með barnavagna, þurfi að fara stóran hluta leiðar sinnar á götunni.

Reykjavíkurborg
Bílastæðasjóður

VERÐUR EKKI HÆGT AÐ BÚA HÉR EF ÁLVERIÐ KEMUR

JÓNAS JÓNASSON OG RÓSA KJARTANSDÓTTIR Á HÉÐINSHÖFÐA OG SKOTTA, HUNDURINN ÞEIRRA
Segja ósamræmi milli kynningar Norðurþings og Alcoa á áætluðu þynningarsvæði álversins.

Jónas Jónasson hefur búið á Héðinshöfða frá því hann fæddist árið 1962 og býr þar enn með konu sinni, Rósu Kjartansdóttur. Hann segir viðbúið að byggð leggist af á höfðanum ef álver rísi hinu megin vegarins.

Þeim hjónum líst illa á blikuna. Húsvíkingar virðist ekki skilja þeirra afstöðu og telji jafnvel að þau geti búið við mengunina. Hús þeirra stendur skammt frá veginum, um 350 metra, að þeirra mati, og um 400 til 500 metra frá hugsanlegu álveri.

„Og ég hef ekki trú á því að það verði vinsælt að búa hér, hvorki með skepnur né annað," segir Jónas. Hann kveður allar upplýsingar þeirra hjóna um álverið hafa komið frá Alcoa, en ekki Norðurþingi.

„Fyrir utan einn fund þar sem þeir hótuðu eignarnámi, sem var svo ekki framkvæmanlegt," segir hann. Sem betur fer geti sveitarfélag ekki tekið land eignarnámi í öðru sveitarfélagi.

Þá hafi mengunin verið áætluð inni á landi þeirra, en síðan hafi þynningarsvæðið, áætlað áhrifasvæði loftmengunar, minnkað mjög.

„En ef álverslóðin nær hér að ánni og þynningarsvæðið yfir öll túnin, þá verður ekki hægt að búa hér," segir Jónas. Í fyrstu hafi sveitarstjórn og Alcoa heldur ekki farið í grafgötur með að byggð leggðist af á Héðinshöfða.

„En síðan hefur verið dregið í land með það og þynningarsvæðið minnkað. Ég er hræddur um að það sé bara á pappírunum," segir hann og minnir á að nýlega var drögum að álveri breytt. Þau gera nú ráð fyrir allt að 346.000 tonna álveri, en það var 250.000 tonn að stærð þegar mengunin átti að ná inn á landið.

„Og ég held að þetta sé bara orðagjálfur, því ég hef aldrei séð skýrslu eða teikningu frá Alcoa þar sem þynningarsvæðið liggur ekki yfir 80 prósent af mínum túnum. En það er annað þegar Norðurþing er að kynna þetta, þá er mengunin fyrir utan," segir Jónas.

Bóndinn er vonlítill um að barátta gegn Norðurþingi og Alcoa borgi sig, þrátt fyrir nýkynnt heildstætt umhverfismat.

„Þeir byggja þetta sennilega, alveg sama hvað við segjum eða segjum ekki. Þegar hið pólitíska vald er komið með þeim í lið, eins og virðist vera, nema kannski umhverfisráðherra, þá hef ég ekki orðið var við annað en að á Íslandi sé valtað yfir einstaklingana. Hafið þið séð einhver dæmi um annað? Og virðist sérstaklega vinsælt að valta yfir landeigendur," segir Jónas Jónasson.

Á næsta bæ, nær Bakka, búa þau Jónas Bjarnason, Valgerður Jónsdóttir og Stefán Jónasson, sonur þeirra.

JÓNAS BJARNASON
Hefur búið á Héðinshöfða alla sína tíð.

„Maður hefði náttúrulega ekki verið eins mikið á móti þessu ef þeir hefðu skellt þessu niður sunnan við bæinn, í Saltvík," segir Stefán. Spurður hvort rætt hafi verið við hann um hugsanlegar bætur, segir hann að afar lítið hafi verið rætt við sig og sína yfirleitt.

Hann býst við að gera athugasemdir fyrir umhverfismatið, en segir „út í hött" að meiri kröfur séu gerðar til álvers á Húsavík en í Helguvík. „Fyrir sunnan er fyrir sunnan."

Árið 2006 sagði Alcoa að álverið hefði „óveruleg áhrif á dýralíf í grennd við álverið".

„En það verður ekki hægt að búa hér með skepnur," segir Jónas, faðir Stefáns, en hann hefur búið á Héðinshöfða frá fæðingu, árið 1932. „Þeir hafa sagt að þetta yrði bætt, en meira hafa þeir ekki sagt. En hvað eru bætur, ef þarf að rýma heila jörð?" spyr hann.

Fjallskil og annað í sambandi við skepnur brenglist allt vegna mengunarinnar.

„Maður hefði haldið að þeir væru komnir það langt að hægt væri að byggja eitthvað sem gerði minni mengun," segir hann. Bændur geti þó lítið gert. Vilji hinir álver, þá verði þeirra vilji. „En við gerum það sem við getum," segir hann og vísar til væntanlegs umhverfismats. Hann muni senda inn sínar athugasemdir.

STEFÁN JÓNASSON Stendur hér við hlið húss síns og er vægast sagt ekki hrifinn af álverinu, sem mun líklega rísa við sjóinn, vinstra megin á myndinni.

FÓLK VILL EKKI ENDILEGA ÁLVER

„Mikill meirihluti íbúa á Húsavík er fylgjandi álverinu, en mér sýnist að fólkið vilji fyrst og fremst einhverjar breytingar. Það telur kannski að álver sé það eina sem geti hjálpað þeim. En það vill ekki endilega álverið sem slíkt, heldur eitthvað sem getur verið til uppbyggingar atvinnulífinu," segir Aðalsteinn Örn Snæþórsson, sem er sveitarstjórnarfulltrúi VG og starfar hjá Náttúrustofu Norðausturlands.

Hann rifjar upp orð iðnaðarráðherra um að erlendir aðilar séu sífellt að hafa samband við ráðuneytið með hugmyndir um orkufreka atvinnustarfsemi.

„En þessu er aldrei deilt út. Þetta hefðum við viljað sjá til að vita hvað annað sé í stöðunni en álver."

Aðalsteinn varar við því að álverið verði sveitarfélaginu of stór biti og samningsstaða sveitunga verði engin.

„Svipað og fiskvinnslan og kaupfélagið áður, en miklu stærra. Ég hefði viljað byggja á fleiri og smærri einingum."

Hann er ekki á móti orkunýtingu, Þeistareykjum verði ekki bjargað, hins vegar er hann algjörlega mótfallinn framkvæmdum við Gjástykki, þar sem eru ósnortnar landslagsheildir.

„Þetta er ofboðslega fallegt svæði og dásamlegt," segir Aðalsteinn. Hann segir fleiri Húsvíkinga á þessari skoðun, en þeir hafi sig lítið í frammi.

AÐALSTEINN ÖRN SNÆÞÓRSSON

MIKIL FÆKKUN EFTIR 10. BEKK

DANÍEL ANNISIUS
Langar ekki að vinna í álveri en er samþykkur því að atvinnulíf Húsavíkur þurfi að fá upplyftingu.

„Húsavík þarf klárlega eitthvað, svo þessi bær drepist ekki. Það eru svo margir sem flytja burtu, svo mikil fækkun eftir 10. bekk," segir Daníel Annisius, sem vinnur við hvalaskoðun á Húsavík og er að klára framhaldsskólann.

Hann segir ferðaþjónustuna halda bænum á floti yfir sumartímann en annar iðnaður hafi ekki gengið. Hann telur ekki að álverið hafi mikil neikvæð áhrif á ferðamennina, ekki miðað við þá ákvörðun sjávarútvegsráðherra að hefja hvalveiðar að nýju.

Hugsanlega hafi álverið þó neikvæð sjónræn áhrif, en það kemur til með að sjást úr hvalaskoðunarbátum. Þótt hægt sé að sigla fram hjá Bakka, ráði hvalirnir mestu um siglingarleiðina.

Honum sjálfum hugnast ekki að vinna við stóriðjuna. „Ég á eitt ár eftir af framhaldsskólanum og svo fer ég eitthvert. En ef ég fer út að læra þá heillar mig ekki að koma til baka til að vinna í álveri. Engan veginn," segir Daníel. Sama gildi um flesta vini hans og kunningja.

Hann efast um að margir Íslendingar vilji yfirleitt vinna í álveri, það komi líklega mikið af útlendingum til þess.

Hliðaráhrifin, og sérstaklega afleidd störf í þjónustu, séu þó afar jákvæð.

„Því ef þú ætlar að læra eitthvað þá ferðu í burtu og ef þú ert búinn að læra, þá er ekkert hér að vinna við, nema kannski sem læknir."

FLEIRA FÓLK OG MEIRA LÍF

Silju Árnadóttur hjá Norðursiglingu líst vel á álversframkvæmdirnar, því hún vill fá fleira fólk í bæinn og meira líf.

Spurð hvort hún óttist neikvæð áhrif, svo sem mengun, segir hún: „Jú, auðvitað geri ég það, en álverið verður sett einhvers staðar og hvers vegna ætti að láta það menga þar frekar en hér?"

Silja hefur skoðað Gjástykki og Þeistareyki og segir það fallega staði. „En það eru bæði kostir og gallar við allt og það verður að fórna einhverju."

Hún segir skiptar skoðanir meðal félaga sinna um álverið.

SILJA ÁRNADÓTTIR

VANTAR KJÖLFESTU Í ATVINNULÍFIÐ

Vinnuflokkur sem steypti gólf við hliðina á Grafarbakka á Húsavík var allur á einu máli um álverið, að sögn Eiðs Árnasonar múrarameistara.

„Það hefur bara jákvæð áhrif. Það fjölgar fólki og verður meiri atvinna. Það vantar einhverja stóra kjölfestu hingað," segir hann.

Verkstjóri hópsins sagðist ekki hlakka til vetrarins, ekki væri mikið á sjóndeildarhringnum að þessu verkefni loknu.

EIÐUR ÁRNASON



VILJA VINNA Í ÁLVERI

KOLBEINN KARLSSON OG SIGÞÓR GEIR GUÐLAUGSSON

Húsvíkingarnir Kolbeinn Karlsson, 16 ára, og Sigþór Geir Guðlaugsson, 18 ára, voru að dytta við höfnina í blíðunni, þegar blaðamann og ljósmyndara Fréttablaðsins bar að garði. Þeir sögðust báðir vilja vinna í álveri. Fínt væri að fá eitthvað að gera.

Spurðir hvort þeir teldu bæjarbúa upp til hópa á þessari skoðun, svöruðu piltarnir já að bragði: „Nema kannski einhverjir gamlir og sjúskaðir."

ÞYNNINGARSVÆÐI ENN Á REIKI

Kristján Þ. Halldórsson, verkefnisstjóri samfélagsmála hjá Alcoa á Norðurlandi, tekur ekki undir að áhrifasvæði mengunarinnar, þynningarsvæðið, komi til með að ná yfir 80 prósent túna á Héðinshöfða, eins og Jónas Jónasson bóndi heldur fram hér á öðrum stað.

Ótímabært sé að ályktа mikið um þetta, því enn sé unnið að útreikningum á loftdreifingu.

„En við stefnum að því að þynningarsvæðið verði einungis inni á iðnaðarlóðinni," segir hann.

Um áhrif á búsetu treystir hann sér, af sömu sökum, ekki til að ræða mikið heldur, en tekur fram að þar spili fleiri atriði inn í, svo sem sjónræn áhrif og hljóðvist. Þetta komi allt fram í mati á umhverfisáhrifum, sem nú sé unnið að.

Alcoa hafi ekki skoðað hugmyndir um álver á öðrum stað, svo sem á skotsvæði við Húsavíkurfjall eða í Saltvík.

„Bakki var sá staður sem heimamenn töldu heppilegastan, að undangenginni staðarvalsskýrslu," segir Kristján.

KRISTJÁN Þ. HALLDÓRSSON

„Krassandi, kraftmikil og átakanleg … mergjuð minningabók"

Árni Matthíasson / Morgunblaðið

Áhrifarík uppvaxtarsaga frá Bandaríkjunum – seigla og lífsvilji í miskunnarlausu umhverfi.

Sláandi frásögn um brotna fjölskyldu sem hrekst á milli staða og er hvergi velkomin, saga um fátækt, vanrækslu og óbugaða trú á lífið.

„Glerkastalinn er ekkert annað en stórbrotin bók."
Entertainment Weekly

JPV ÚTGÁFA
www.forlagid.is

Hvernig áræðin hugmynd verður að öflugum veruleika

Hamingjuóskir til Norðuráls á 10 ára afmæli!

Tíu ár eru liðin frá því að Norðurál á Grundartanga tók til starfa. Eins og gerist í öðrum góðum sögum þurfti að takast á við krefjandi úrlausnarefni og yfirstíga hindranir, en allar slíkar fyrirstöður voru yfirunnar með samstarfi og mikilli vinnu. Þessi áratugur í sögu fyrirtækisins ber vitni um þann árangur sem næst þegar áræðnir einstaklingar, traustir samstarfsaðilar og harðduglegt starfsfólk leggst á eitt við að skapa skilvirkt fyrirtæki sem býður örugg störf og reynist aflvaki nýrrar grósku í nærliggjandi byggðarlögum.

Við settum markið hátt og stefndum að því að gera Norðurál að best rekna álveri í heimi. Ljóst er að núverandi eigendur, Century Aluminum, hafa hvergi hvikað frá þeirri stefnu og það hefur verið ánægjulegt að fylgjast með metnaðarfullri framþróun Norðuráls undir nýrri forystu.

Allt frá upphafi lögðum við ríka áherslu á að sníða framkvæmdir að þörfum íslenska hagkerfisins og fylgja "íslensku leiðinni" sem felst í því að nýta íslenskt vinnuafl og sérþekkingu, starfa í sátt við samfélagið og stuðla að velferð þess. Núverandi stjórnendur hafa einnig fetað þá slóð og staðið myndarlega að framgangi fyrirtækisins í samræmi við þarfir samfélagsins.

Það hefur verið mér sönn ánægja að taka þátt í uppbyggingu þessarar farsælu og framsýnu atvinnustarfsemi á Íslandi. Á slíkum tímamótum vil ég þakka öllum sem hjálpuðu til við að láta drauminn um nýtt álver rætast. Ljóst virðist að íslenskt efnahagslíf er sterkara fyrir vikið. Bestu árnaðaróskir frá okkur öllum hjá Columbia Ventures til starfsfólks og stjórnenda Norðuráls í tilefni af merkum áfanga.

Ken Peterson, Jr.
stjórnarformaður og forstjóri Columbia Ventures Corporation og stofnandi Norðuráls

vísir.is
"...ég sá það á vísi"

ERICA OG CALUNA
3 STK AÐ EIGIN VALI
999

POTTAPLÖNTUÚTSALA
Í BLÓMAVALI

30-50%

AFSLÁTTUR

ALLAR
POTTAPLÖNTUR

ALGROW
lífrænn áburður
699

ÁSTARELDUR
149

SMÁKRÝSI
199

ORKIDEA
1299

Soldis
Silkitré & silkiblóm
30-50%
afsláttur

blómaval
heillandi heimur

Skútuvogur - Grafarholt - Akureyri - Egilsstaðir
Selfoss - Reykjanesbær - Kringlan - Smáralind

Langar í sörf, sólsetur og kaldan bjór í Kaliforníu

Þórir Sæmundsson hefur vakið mikla athygli í hlutverki sínu sem Nonni rokk í söngleiknum Ástin er diskó, lífið er pönk. Hann hefur einnig birst á sjónvarpsskjáum allra landsmanna í SPRON-auglýsingunni undanfarna mánuði og tekur næst að sér eitt aðalhlutverkanna í uppfærslu Þjóðleikhússins á Hart í bak eftir Jökul Jakobsson. *Anna Margrét Björnsson* tók Þóri í þriðju gráðu yfirheyrslu.

ÞRIÐJA GRÁÐAN

STARFSFERILL Í HNOTSKURN:
Búinn að vera að leika síðan ég útskrifaðist úr norska leiklistarháskólanum 2002. Fyrst fimm ár úti og síðan flutti ég heim 2007. Bíó og sjónvarp og leikhús.

FÆÐINGARÁR OG HVAÐ GERÐIST MARKVERÐAST Á ÞVÍ ÁRI:
1980. John Lennon var skotinn til bana. Yoko Ono stóð við hliðina á honum. Bandaríkin fóru inn í Afganistan ...

VILL LEIKA OSVALD IBSENS Þórir Sæmundsson leikara finnst að Ólafur Stefánsson eigi að vera næsti forseti Íslands. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Hvenær varstu hamingjusamastur? 15. maí 2008. Skjöldur Þórisson fæddist.

Ef þú værir ekki leikari hvað myndirðu þá vera? Líffræðingur eða auglýsingadólgur.

Hvað er það dýrasta sem þú hefur nokkurn tímann keypt þér? Holtsgata 25. 15,7 kúlur. Má segja kúlur þegar það er kreppa?

Hvað er það versta sem nokkur hefur sagt við þig? „Ég hata þig!“ og „Þú ættir ekki að vera að leika“.

Ef þú byggir ekki í Reykjavík hvar myndirðu vilja búa? Baja Kalifornía í Mexíkó. Bara sörf og sólsetur og kaldur bjór.

Draumahelgin þín í einni setningu? Góður matur, partí og slökun.

Hlutverkið sem þú verður að leika áður en þú deyrð? Osvald í Afturgöngum eftir Ibsen.

Hvert er versta starf sem þú hefur nokkurn tímann gegnt? Statisti í sjónvarpsþætti. Það var dauði hins hugsandi listamanns.

Uppáhaldsstaðurinn þinn á jörðinni? Lazy boy-stóllinn heima hjá mér.

Hvers konar tónlist hefur mest áhrif á þig og hvaða lag ertu að hlusta á mest í dag? Er alger alæta, en er búinn að kryfja In Rainbows með Radiohead í hálft ár. Þeir eru bestir í heimi og málið er dautt.

Ef þú ættir tímavél, hvert myndir þú fara og af hverju? Ísland í kringum árið 1000. Hljóta að hafa verið spennandi tímar. Þar fyrir utan voru allir þessir gaurar pínulitlir. Maður gæti kannski klofið þá í herðar niður væru þeir með einhvern kjaft.

Er eitthvað sem heldur fyrir þér vöku á nóttunni? Það er þá blundurinn um kvöldmatarleytið.

Ef þú gætir breytt einhverju í fortíð þinni, hvað myndi það vera? Hefði lagt mig fram við að læra á eitthvert hljóðfæri.

Hvenær fékkstu síðast hlátursskast? Í gær þegar kötturinn minn reyndi að drepa á sér skottið.

Áttu þér einhverja leynda nautn? Kókómjólk og kleinur.

Uppáhaldsbókin þessa stundina? Ævisaga Jökuls Jakobssonar.

Hvaða núlifandi manneskju lítur þú mest upp til? Ólafs Stefánssonar. Hann á að verða næsti forseti Íslands.

En hvaða núlifandi manneskju þolirðu ekki? Þarf að segja það? Hann er að hætta í vinnunni sinni eftir átta ömurleg ár.

Uppáhaldsorðið þitt? Fortíðarhyggja.

Hvaða eitt atriði myndi fullkomna lífsgæði þín? Hófsemi.

Hvað er næst á dagskrá? Hart í bak í Þjóðleikhúsinu, Ástríður á Stöð 2, og pabbahlutverkið.

Hentar vel í vetur

HLÝJAR TÁSUR

VATNSHELT

Verð: 3.900 kr.

CAPTAINS

Stígvél

Captains stígvélin voru að koma í hús. Þetta eru loðfóðruð gúmmístígvél á krakkana. Stígvélin fást í stærðum 22-38 í svörtu og rauðu.

66° NORÐUR

MÆLISTIKAN

■ Á uppleið

Medister-pylsur og kjötfars. Almúginn neyðist til að borða unnar kjötvörur á þeim síðustu og verstu.

Vísindamenn í Kaliforníu. Búnir að semja mikla fræðiritgerð um hvernig á að drepa flugur rétt með dagblaði. Enda bráðnauðsynleg vitneskja.

Vaðstígvél. Eini praktíski fótbúnaður íslendinga. Mælum með þeim háglansandi og í sixtís- geimstíl.

Megrunarkúrar. Nýjasti kúrinn í Bretlandi er kúrinn þar sem maður borðar aðeins annan hvern dag. Hljómar vel á krepputímum.

The Ting Tings. Þessi hljómsveit á eftir að hertaka eyru okkar í vetur.

■ Á niðurleið

Möndlumjólk og lífrænn matur. Hver hefur efni á því að vera með óþol í kreppunni?

Mannfagnaðir í miðbæ. Gay-pride, menningarnótt og hátíð heilags Ólafs Stefs er yfirstaðin. Nú þarf enginn að fara niður í bæ fyrr en á Þorlák. Sem betur fer.

Fatnaður í reiðfatastíl. Á hverju hausti er þetta myndað í Marie Claire konur að halla sér upp að rauðum gæðingi í leðurbættum tweed-jökkum. Virkar ekki í Reykjavík.

Tækifærissinnaðir ráðamenn. Hvað voru heilbrigðis- og umhverfisráðherra að gera upp á svið til að hossa sér þegar fólk vildi bara klappa fyrir Strákunum okkar?

Steggjanir og gæsanir. Ekki hægt að þverfóta fyrir fullu fólki að gera sig að algjörum fíflum á Laugaveginum. Þetta fyrirbæri þarf að stöðva strax.

OPIÐ ALLA HELGINA

FARTÖLVUR Á FRÁBÆRU 3 DAGA TILBOÐSVERÐI

MICROSOFT OFFICE 2007
9.990
Á TILBOÐI MEÐ FYRSTU 50 FARTÖLVUNUM

FYRSTA GREIÐSLA
2DES
RAÐGREIÐSLUR TIL ALLT AÐ 48MÁN

ALLT AÐ
40
ÞÚSUND
AFSLÁTTUR AF TÖLVUM OG FARTÖLVUM

FRÍTT HEIM AÐ DYRUM*
HVERT Á LAND SEM ER

* Þar sem Pósturinn býður upp á þá þjónustu annars á næsta pósthús

OPIÐ ALLA HELGINA
OPIÐ Í DAG
11:00 - 18:00
SUNNUDAG
13:00 - 17:00

TÖLVUTEK

Borgartúni 33 • 105 Reykjavík • 563 6900 • www.tolvutek.is

VE - Upphæðin er meðalgreiðsla á mánuði og miðuð við Visa/Euro skuldabréf með hagstæðum vöxtum, stimpil og lántökugjaldi inniföldu.

GÓÐ VIKA / SLÆM VIKA

Góð vika fyrir ...

... Strákana okkar

Það er náttúrlega löngu orðin klisja að hrósa íslenska handboltalandsliðinu fyrir frábæran árangur á Ólympíuleikunum. Silfurverðlaunin eru þó svo einstakt afrek að hjá því verður ekki komist. Til hamingju, strákar!

... grúskara

Reyndar er ekki rétt að tala um góða viku fyrir grúskara, nær væri að telja sumarið allt fyrir þann þjóðfélagshóp. Varla líður nú sú helgi að ekki er efnt til markaða í Reykjavík. Auk Kolaportsins sem alltaf stendur fyrir sínu hefur verið markaður í Vesturbænum og nú um helgina verða markaðir í Laugarneshverfinu og í Álafossi í Mosfellsbæ. Þess utan er svo umtalaður Jemenmarkaður í dag.

... fyrirsætu og fótboltaeiginkonu

Um leið og Ásdís Rán Gunnarsdóttir lýsti því yfir í Fréttablaðinu að hún væri að leita sér að styrktaraðilum fyrir þátttöku í áströlskum raunveruleikaþætti gerði eiginmaður hennar samning við búlgarska stórliðið Lokomotiv Sofia. Fótboltamaðurinn Garðar Gunnlaugsson fær að eigin sögn mun hærri laun en hann fékk í Svíþjóð svo þetta vandamál Ásdísar virðist vera úr sögunni.

Slæm vika fyrir ...

... sagnfræðinga

Þessi vika leiddi í ljós að alþingismenn virðast auðveldlega geta breytt ræðum sínum eftir á, áður en þær eru prentaðar í Alþingistíðindum. Þetta gerði Guðni Ágústsson og sagði ástæðuna að hann hefði ekki sagt það sem hann meinti. Undanfarið hefur einnig mikið verið rætt um það heimildargildi sem felst í birtingu dagbóka Matthíasar Johannessen á netinu. Hann var þó fljótur að taka út eina færslu um Guðjón Friðriksson þegar sá síðarnefndi sagði hana lygi frá upphafi til enda. Það virðist ljóst að sagnfræðingar framtíðarinnar munu eiga fullt í fangi með að greina hvað er satt og rétt í skrifum málsmetandi manna nú á dögum.

... ritstjóra og göngugarp

Sigurjón M. Egilsson varð fyrir því óhappi að ökklabrotna á göngu í ítölsku ölpunum. Fyrir vikið þarf hann að haltra á hækjum næstu sex vikurnar og kemst ekkert út að ganga. Sigurjón getur þó huggað sig við að hann getur unnið heiman frá sér.

... gamlar landsliðskempur

Í kjölfar silfurverðlauna Íslendinga á Ólympíuleikunum var gamalt leyndarmál úr tónlistarbransanum grafið upp. Fréttablaðið greindi frá því í vikunni að upptökur með röddum landsliðsmanna í laginu Gerum okkar besta fyrir tuttugu árum hefðu að miklu leyti misheppnast. Vissulega heyrist eitthvað í söng manna á borð við Kristján Arason og Þorgils Óttar Mathiesen en útkoman var slík að Ásgeir Jónsson, söngvari Baraflokksins, á einar tíu eða tólf raddir í kór landsliðskempnanna.

HORFT ÚT Í HEIM
Vigdís Þormóðsdóttir

Hæ, hó, Silver! Engir kommúnistar hér, bara frelsi!

Nýverið stóð breska áskriftarstöðin Sky Movies fyrir vestraviku. Um sjö daga skeið var boðið upp á kúrekafjör frá morgni til kvölds með tilheyrandi hestum, byssum og indíánum. Í þessu samhengi er vert að rifja upp að á sjötta og sjöunda áratug síðustu aldar greip hálfgert kúreka-sjónvarpsþáttaæði bandarísku þjóðina. Í tíu ár eða svo höfðu áhorfendur þar í landi ótæmandi lyst á því að fylgjast með kúrekum flengjast um hrjóstrugt eyðimerkurlandslag og taka í lurginn á óþekkum indíánum. Þættir á borð við The Lone Ranger, Bonanza, Gunsmoke og The Roy Rogers Show hreiðruðu á þessum árum rækilega um sig í meðvitund hins vestræna, sjónvarpsglápandi heims.

Nú, um hálfri öld eftir gullaldarskeið kúreka í sjónvarpi, er gaman að velta fyrir sér grundvelli vinsældanna. Á þessum árum óttuðust Bandaríkjamenn fátt meira en hina ógnvænlegu kommúnista sem réðu sínum ráðum í fjarlægum og framandi löndum. Ógnin var dularfull og óljós og því skiljanlegt að bandaríska þjóðin hafi leitað huggunar og hughreystingar í skemmtiefni sem ekki aðeins bauð upp á skýra skiptingu góðs og ills, heldur sótti einnig efnivið sinn í glæsta (en umdeilanlega) sögu þeirra ágæta föðurlands. Þessi hughreystingaráhrif má einnig sjá í annarri grein sjónvarpsefnis sem naut mikilla vinsælda um svipað leyti: geimþáttunum. Í þeim tókust bandarískir vísindamenn á við ógnir utan úr geimnum og báru ávallt sigur úr býtum vegna hugrekkis síns og yfirburða vísindakunnáttu. Í báðum þáttagreinunum fjösuðu hetjurnar að auki stanslaust um mikilvægi frelsis og bandaríska draumsins, bara til þess að það færi alveg örugglega ekki fram hjá neinum hvert inntak þáttarins var í raun og veru.

Bandaríkjamenn standa nú í byrjun 21. aldarinnar enn og aftur frammi fyrir dularfullri og illskiljanlegri ógn frá fjarlægum heimshlutum. Nálægðin í tíma gerir það að verkum að erfiðara er að rýna í áhrif hennar á afþreyingarmenningu núna en það verður tíu árum eftir dauðdaga Osama bin Laden. Fjölmiðlafræðingar heimsins bíða þess spenntir að einhver afgönsk hellarassían leiði til þeirrar niðurstöðu. Þá verður söguþráður Lífsháska-þáttanna kannski loksins skiljanlegur.

HELGARKROSSGÁTAN

MYND/chispita_666



MYND/PD

MP & BH	131		HEIMSÁLFA		HEFÐAR-KONA / PÚÐUR			TVEIR EINS		FISKUR / LEMSTRA			UMRÓT									
SAMTAL																							
STRÁ / DANS-LEIKUR								HVIÐA / SVIKULL									JAPLA / MÝKJA		SKÓLI				
	KURTEIS		TVEIR EINS		MARG-VÍSLEGAR		HRYGGUR				FÆÐDI / RÝMI	3			BAREFLI / ÍÞRÓTTA-FÉLAG								
YLUR / KORNSTRÁ								SÝNISHORN / REIKA								TÓNLEIKAR / STANDA VIÐ							
					HÁLFAPI / ÓLJÓS	4								ÚRKOMA / SÚRSA						FRÁ-RENNSLI			
GRÍSK GOÐSAGNA-VERA		SKÓBOTN / FARMRÚM							NAGDÝR / FORFAÐIR						SJÁVARMÁL / BAKMÆLGI			2					
						LEITA AÐ					DVÍNA / LÖGG								KIND / DRABBA				
STARF						BÓK / VEIÐA						STILLA / BASI						VÖRU-MERKI / FISK				ÞÝÐA	
KLAKI			ERTA			1			STREITA / HESTUR							SKOÐUN / ÞRÁÐUR							
STJÓRN-TÆKI							TITILL / SÖNG-HÓPUR					FUGL / RJÚKA							5	TRJÁ-TEGUND			
					SJÁÐU					HJARA								SEGI UPP / HÆÐ					
														RÖNDIN									
					KK NAFN					KANNA													

MYND/Colin M.L. Burnett

Lausn krossgátunnar, ásamt eldri gátum og lausnum, er birt á vefnum, www.this.is/krossgatur

BÍLMAGNARAR
FERÐATÆKI
BÍLTÆKI
HÁTALARAR
MP3 SPILARAR
DVD SPILARAR
ÞRÁÐLAUSIR SÍMAR
BÍLHÁTALARAR
SJÓNVÖRP
MYNDAVÉLAR
HEYRNARTÓL
HLJÓMBORÐ
REIKNIVÉLAR

ÚTSALA

LOKADAGUR

ALLT AÐ 75% AFSLÁTTUR

UPPÞVOTTAVÉLAR
ELDAVÉLAR
ÍSSKÁPAR
HÁFAR
HELLUBORÐ
OFNAR
FRYSTIKISTUR
SAMLOKUGRILL
HRÆRIVÉLAR
ÖRBYLGJUOFNAR
ÞVOTTAVÉLAR
KAFFIVÉLAR
BLANDARAR
ÞURRKARAR
VÖFFLUJÁRN
STRAUJÁRN
RAKVÉLAR
RYKSUGUR

NOKKUR VERÐDÆMI

Panasonic 32” sjónvarp – Verð áður kr. 119.995 – Nú kr. 79.995
Pottar og pönnur með 25% afslætti
Brauðristar, kaffivélar, sléttujárn, hárblásarar og fleira frá kr. 995
Þvottavélar og þurrkarar með miklum afslætti
Philips sjónvörp með allt að 200.000 kr. afslætti
Örbylgjuofnar – Verð frá kr. 5.995

Útlitsgallaðar vörur með miklum afslætti

Útsölunni lýkur í dag!

Opið á laugardögum 10–16

Heimilistæki
www.ht.is

REYKJAVÍK	AKUREYRI	HÚSAVÍK	SELFOSS
SUÐURLANDSBRAUT 26	GLERÁRGÖTU 36	GARÐARSBRAUT 18A	EYRARVEGI 21
SÍMI 569 1500	460 3380	464 1600	480 3700

CASIO · Lenco · NAD · KENWOOD · PHILIPS · Panasonic · UNITED · BEKO · DeLonghi · elna · exido
ide line · Melissa · TecnoWind · Bauknecht · Bompani · OBH NORDICA · INDESIT · VESTFROST · Whirlpool

LEIKKONAN CAMERON DIAZ ER 36 ÁRA

„Ég bíð í ofvæni eftir að komast á þann aldur að geta hangið í golfi og á ströndinni alla daga með jafnöldrum mínum. Við munum hlæja og hafa gaman; fara á kenderí á ellilyfjunum og keyra um á golfkerrum. Ég get ekki beðið.“

Cameron Diaz varð fyrirsæta 16 ára. Henni var óvænt boðið aðalhlutverk í The Mask 1994 og hefur síðan verið með vinsælli leikkonum samtímans.

tímamót

timamot@frettabladid.is

ÞETTA GERÐIST 30. ÁGÚST 1979

Kanína ræðst á Jimmy Carter

Það var þennan dag fyrir 29 árum að heimspressan ljóstraði upp sérstæðu atviki þegar Jimmy Carter, þáverandi forseti Bandaríkjanna, hafði lent í því sem fjölmiðlar vestra kölluðu „árás drápskanínu“.

Carter hafði skotist með veiðistöng á árabát sínum út á stöðuvatn í heimabæ sínum Plains í Georgíu þegar hvæsandi mýrarkanína synti hratt upp að bát hans. Að sögn forsetans var umrædd kanína ekki krúttleg páskakanína, heldur stór og virkilega ógnvekjandi þar sem hún sýndi tennurnar og þandi út nasavængina þegar hún gerði sig líklega til að stökkva upp í bát forsetans.

Þegar Carter kom aftur á skrifstofu sína í Hvíta húsinu átti samstarfsfólk hans bágt með að trúa sögunni og hélt því fram að kanínur væru ósyndar eða réðust aldrei með ógnandi hætti að mönnum. Fljótlega kom í ljós að ljósmyndari Hvíta hússins hafði náð ljósmyndum af atvikinu, en á þeim sést Carter stugga við trylltri skepnunni með árum bátsins.

Fjölmiðlar komust óvænt á snoðir um málið og þeir birtu forsíðufréttir með fyrirsögnum á borð við: „Forsetinn verður fyrir árás kanínu“, en atvikið þótti vatn á myllu andstæðinga Carters sem gripu hverja gæs sem gafst til að undirstrika ólánlega og þróttlausa forsetatíð hans.

MERKISATBURÐIR

1720 Jón Vídalín Skálholtsbiskup deyr á leið sinni norður Kaldadal.

1779 Hið íslenska lærdómslistafélag stofnað í Kaupmannahöfn.

1874 Efnt til þjóðhátíðar í Reykjavík í annað sinn í blíðskaparveðri eftir misheppnaða hátíð fyrr í mánuðinum.

1945 Hong Kong fær sjálfstæði eftir að hafa verið undir stjórn Japans.

1967 Tvær vöruskemmur Eimskipafélagsins brenna í Borgarskálabruna sem varð mesta eignatjón í eldi til þess tíma.

1987 Kanadamaðurinn Ben Johnson setur heimsmet í 100 m hlaupi á 9,83 sekúndum.

AFMÆLI

TINNA OG DALLA ÓLAFSDÆTUR, DÆTUR FORSETA ÍSLANDS eru 33 ára.

KARL PÉTUR JÓNSSON, ALMANNATENGILL OG TENGDASONUR FORSETA er 39 ára.

Sirkus Agora á Akureyri

Fjölleikahúsið Sirkus Agora sýnir á Akureyri í dag klukkan 17 og aftur á morgun sunnudag klukkan 18.

Sýningarnar fara fram á flötinni fyrir framan Samkomuhúsið og eru liður í Akureyrarvöku sem stendur yfir nú um helgina.

Fólk getur nálgast miða á www.midi.is eða við innganginn.

- rat

FÖGUR OG FIMMTUG Sigrún Edda Björnsdóttir hefur margoft á leikferli sínum leikið smástelpur, en segir nú leikhúsin færa henni viðeigandi hlutverk miðaldra kvenna.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

SIGRÚN EDDA BJÖRNSDÓTTIR LEIKKONA: FÆDDIST FYRIR FIMMTÍU ÁRUM

Var kölluð Spútlú á sænginni

„Mig langar mest til að vera innan um fólkið mitt, sjá það hlæja og njóta lífsins saman,“ segir afmælisbarn dagsins, Sigrún Edda Björnsdóttir, þegar hún er innt eftir óskagjöf á fimmtugasta afmælisdaginn.

„Ég er þakklát fyrir að vera fimmtug og við hestaheilsu. Ég á yndislegan mann, heilbrigð og mannvænleg börn, æðislega fjölskyldu, mikið af góðum vinum og starfa við það sem draumar mínir stóðu til. Það gaman að vera til en lífið er hverult og maður þarf að vanda sig og njóta hverrar stundar,“ segir Sigrún Edda sem fæddist í rúmi foreldra sinna, Guðrúnar Ásmundsdóttur leikkonu og Björns Björnssonar flugvirkja, á Reynimel.

„Þá hafði komið upp pest á fæðingardeildinni og flest ágústbörn 1958 fæddust í heimahúsum. Í móðurkviði var reiknað með að ég yrði strákur og kölluð Spútnik, því fyrsta geimfarið fór á loft 1958, en þegar ég reyndist vera stelpa var ég kölluð Spútlú í staðinn,“ segir Sigrún Edda.

„Fyrsta minningin er um mömmu, þegar hún var að setja slaufur í hárið á mér. Ég minnist þess að hafa verið dramatískt barn sem hugsaði mikið um líf og dauða, en átti þá ósk heitasta að verða fyndin þegar ég yrði stór. Það lá svo beinast við að ég yrði leikkona þar sem ég ólst upp í Iðnó þar sem mamma var leikkona. Leikhúsið varð því minn hversdagur, en líka hátíð, því mér fannst svo gaman að vera í Iðnó innan um allt það góða fólkið sem þar var,“ segir Sigrún Edda.

„Svo sá ég auglýsingu frá nýstofnuðum leiklistarskóla, skellti mér í inntökupróf og bara lenti í þessu; en auðvitað sló hjarta mitt alltaf í leikhúsinu. Leikhúsin láta mig nú vita að ég sé standi á fimmtugu og tvö verk framundan sem fela í sér staðreyndir um miðjan aldur; fyrst hlutverk Milljarðamærinnar sem heitir á frummálinu Sú gamla kemur í heimsókn og hitt uppistandfarsinn Fúlar á móti sem á frummálinu heitir Geðvondar, gamlar konur!“ segir Sigrún Edda og skellir upp úr.

„Í dag ætla ég að taka lífinu með ró, en á morgun bjóða ástvinum til konungsveislu eins og þær voru bestar í stóru borðstofu Iðnó. Til þessa hefur þrítugsafmælið verið skemmtilegast, þar sem eiginmaðurinn kynnti sig fyrir fjölskyldunni í fyrsta sinn. Þá var hann, eins og enn í dag, alveg æðislegur gæi, í hljómsveitinni Langa-Sela og Skuggunum. Ég hafði aldrei séð hann í öðru en leðurdressi með svaka greiðslu, en svo birtist hann í grænum jakkafötum af því hann vildi koma vel fyrir og ég ætlaði ekki að þekkja hann! Ég hlakka því alltaf til afmælisveislna og finn alltaf betur og betur hvað ég má vera þakklát fyrir margt. Ætla að njóta þess að syngja, borða og vera til.“

thordis@frettabladid.is

†

Innilegar þakkir færum við öllum þeim sem sýndu okkur samúð og hlýhug við andlát og útför eiginmanns míns, föður okkar, tengdaföður, afa og langafa,

Aðalbjarnar Benediktssonar

frá Grundarási.

Einnig færum við læknum, hjúkrunarfólki og öðru starfsfólki Landspítalans við Hringbraut á skilunardeild og deild 13-E sérstakar þakkir fyrir afburða aðhlynningu og þá stöku alúð og virðingu sem hann naut þar. Sömuleiðis færum við starfsfólki Droplaugarstaða alúðarþakkir fyrir umhyggjuna síðastliðna mánuði.

Guðrún Benediktsdóttir
Sigrún Aðalbjarnardóttir
Inga Hjördís Aðalbjarnardóttir
Aldís Aðalbjarnardóttir
barnabörn og barnabarnabörn.

Þórólfur Ólafsson
Helgi Jón Jónsson
Páll Sigurðsson

†

Elskulegur faðir okkar, tengdafaðir, afi, bróðir og vinur,

Ólafur Þ. Hafberg

fyrrverandi bifreiðastjóri,
Þjóðólfsvegi 14, Bolungarvík,

lést á heimili sínu fimmtudaginn 14. ágúst.
Jarðarförin hefur farið fram í kyrrþey.

Þórarinn Hafberg
Sigrún Ólafsdóttir
Ingibjörg Þ. Hafberg
Engilbert Þ. Hafberg
Sigurður Þ. Hafberg
Krystyna Brzeziak
og barnabörn.

Ásthildur Halldórsdóttir

Leifur E. N. Karlsson
Auður Sæland
Janina Hafberg

†

Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

Soffía Ólafsdóttir

Viðjugerði 12, Reykjavík,

lést fimmtudaginn 28. ágúst.

Björg Ingólfsdóttir
Ágústa Ingólfsdóttir
Ólafur Ingólfsson
Hrafnhildur Ingólfsdóttir
Finnbogi Ingólfsson
barnabörn og barnabarnabörn.

Bjarghildur Jósepsdóttir
Magnús Á. Magnússon
Kristín Birna Jakobsdóttir

†

Ástkær móðir mín, amma okkar og langamma,

Karólína Ragnheiður Petersen Bye

frá Akureyri,

verður jarðsungin frá Fossvogskapellu miðvikudaginn 3. september kl.13.00.

Fyrir hönd vandamanna,
Guðrún Sólveig Högnadóttir.

Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli og útfarir má senda á netfangið **timamot@frettabladid.is.**

Accord

HONDA
The Power of Dreams

Hvar dregurðu mörkin í lífi þínu?

Umhverfis sjálfan þig?

Umhverfis fjölskyldu þína?

Umhverfis vini þína?

Eða umhverfis umhverfið?
Framtíðin er í dag. Nýr Honda Accord markar breytta tíma. Hann er glæsilegur í alla staði með nýjustu tækni sem dregur úr mengun og skynjar vel umhverfi sitt. Það verða náttúrulega allir sigurvegarar um borð í Honda Accord:
Ökumaður, farþegar, næsta kynslóð og síðast en ekki síst - móðir jörð.
Dragðu ný mörk og nýjar leiðir umhverfis lífið þitt
- komdu og skoðaðu nýjustu útfærsluna af Honda Accord.

Frumsýnum nýjan Honda Accord í dag milli kl. 12 og 16

www.honda.is

BERNHARD
Vatnagörðum 24 - 26 • Sími 520 1100

UMBOÐSAÐILAR: Bílver - Bernhard, Akranesi, sími 431 1985 • Höldur, Akureyri, sími 461 6020 • Bernhard, Reykjanesbæ, sími 421 7800 • Bragginn, Vestmannaeyjum, sími 481 1535

FJÖLSKYLDUTÓNLEIKAR

Sunnud.31 ág. Kl.14
Á KFUM/K Holtavegur 28 RVK
Miðapantanir: ester@herinn.is
verð: f.1200,-/b.600,-

Drengjakór Reykjavíkur auglýsir eftir
áhugasömum drengjum á aldrinum 8 til 10 ára.

Kórinn starfar í Hallgrímskirkju og inntökupróf í kórinn fara fram í kirkjunni mánudaginn 1. september frá kl. 17:00 - 19:00. Nánari upplýsingar á heimasíðu kórsins, drengjakor.is, eða í síma 896 4914.

TOPPSKÓR Í KULDANN

30% AFSLÁTTUR

Eldri gerðir af vinsælu ECCO barna kuldaskóm með 30% afslætti

Ice Breaker
78492 00809
Svartir
30% AFSLÁTTUR
ecco
GORE-TEX
Stærðir 27-35

Ice Breaker
78492 50667
Rauðir
30% AFSLÁTTUR
ecco
GORE-TEX
Stærðir 27-35

Mountain Peak
71771 52817
Rauðir
30% AFSLÁTTUR
ecco
GORE-TEX
Stærðir 21-28

Mountain Peak
71991 51527
Svartir
30% AFSLÁTTUR
ecco
GORE-TEX
Stærðir 21-30

Toppskórinn
VÍNLANDSLEIÐ 6 - S: 533 3109

OPIÐ: MÁN.-FÖS. 11 - 18, LAU. 10 - 16

SENDUM Í PÓSTKRÖFU

NOKKUR ORÐ
Ragnheiður Tryggvadóttir

Veðrinu skal sýna auðmýkt

Haustin eru svo hressandi. Sérstaklega þegar ekki er hægt að treysta á að sama veður og var þegar labbað var í vinnuna um morguninn, haldist út daginn. Þetta veit svo sem hvert mannsbarn sem býr hérna og óþarfi að ergja sig yfir því á hverju hausti. En veðrinu ber að sýna auðmýkt. Rigning er líka ekki svo slæm ef maður klæðir sig rétt en það er erfitt að vera við öllu búinn. Þegar sólin skein í heiði um daginn datt mér því ekki í hug að þramma af stað í stígvélum og sjóstakk í vinnuna. En ég hefði betur gert það. Upp úr miðjum morgni fór að rigna eins og hellt væri úr fötu. Það stytti þó upp fyrir hádegið og ég hljóp á þurrum skóm heim í mat. Horfði á gúmmíbomsurnar í forstofunni á leið minni aftur í vinnuna en lét þær vera því enn sást til sólar í hádeginu. Ég var þó ekki fyrr sest við gluggann minn í vinnunni en aftur tók að rigna. Það hlakkaði aðeins í mér að hafa getað stokkið heim og til baka, án þess að fá á mig dropa og var vongóð um að komast heim eftir vinnu á þurrum skóm, enda stytti upp fljótlega. En svo tók að rigna á ný. Um kaffileytið var ég orðin frekar óróleg í sæti mínu því frekar virtist bæta í rigninguna. Ég sá eftir því að hafa verið svona góð með mig í hádeginu, ég hefði betur hunskast í bomsurnar. Þegar kom að heimferð hafði þó dregið aðeins úr úrhellinu. Ég dreif mig því bjartsýn af stað enda ekki nema þriggja mínútna gangur heim. En þar sem ég stóð og beið eftir að komast yfir götuna var eins og himnarnir rifnuðu. Droparnir börðu mig niður í gangstéttina og ég sá ekki út úr augum. Meðan ég synti eftir götunni heim hugsaði ég um bomsurnar mínar.

myndasögur

Pondus

Eftir Frode Øverli



Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman

Handan við hornið

Eftir Tony Lopes



Kjölturakkar

Eftir Patrick McDonnell



Barnalán

Eftir Kirkman/Scott

TÓNLIST Þórunn Lárusdóttir leik- og söngkona.

Þórunn í Laugarborg

Á morgun hefst fimmta starfsár Tónlistarhússins Laugarborgar. Á upphafstónleikunum kemur fram Þórunn Lárusdóttir söng- og leikkona en hún syngur fyrir tónleikagesti þekkt lög úr leikritum og söngleikjum. Hefjast tónleikarnir kl. 15. Með henni leikur Hljómsveit hússins en hana skipa Daníel Þorsteinsson á píanó, Eiríkur Stephensen á kontrabassa og Halldór Hauksson á trommur. Eins og venja er á upphafstónleikum starfsárs reiða kvenfélagskonur í Iðunni fram sunnudagskaffi að tónleikum loknum.

Tónlistarhúsið Laugarborg hefur starfað frá því í ársbyrjun 2003 sem tónlistarhús eftir viðamiklar breytingar. Tónlistarfélag Akureyrar annast tónleikahald og fjölþætta tónlistarstarfsemi í húsinu.

Í Laugarborg er einn vandaðasti konsertflygill landsins sem er í eigu minningarsjóðs um tónlistarmanninn Ingimar Eydal og hefur húsið sjálft og hljóðfærið fengið mikið lof þeirra fjölmörgu listamanna sem þar hafa flutt tónlist.

HULD HAFSTEINSDÓTTIR

Kammersveit 21 í firðinum

Kammersveit 21 heldur sína fyrstu tónleika í Hásölum, sal Tónlistarskólans í Hafnarfirði, annað kvöld, sunnudaginn 31. ágúst kl. 20. Kammersveit 21 er strengjasveit samansett af ungum tónlistarnemendum, 21 talsins, sem eru langt komnir í námi, hér heima og erlendis. Flutt verða Kunst der Fuge, eftir Johann Sebastian Bach, Toccata per Archi eftir Oliver Kentish, Palladio for Strings eftir Karl Jenkins og Prélude op. 3 nr. 2 eftir Sergej Rakhmaninoff. Stjórnandinn Philip Lehmann er frá Þýskalandi og stundar þar nám í hljómsveitarstjórnun. Einleikarar eru Huld Hafsteinsdóttir og Guðbjörg Hlín Guðmundsdóttir. Þær stunda báðar framhaldsnám í fiðluleik, Huld í Þýskalandi og Guðbjörg Hlín í Hollandi.

Almanaksljóð séra Bolla

Á síðustu sumartónleikunum í Sigurjónssafni í ár flytja Gerður Bolladóttir sópran, Pamela De Sensi flautuleikari og Sophie Marie Schoonjans hörpuleikari verk eftir Joseph Jongen, Eugéne Bozza og Atla Heimi Sveinsson. Meginstoð tónleikanna verður þó flutningur þeirra á nýsömdu tónverki eftir Önnu S. Þorvaldsdóttur við Almanaksljóð séra Bolla Gústavssonar, fyrrverandi vígslubiskups og föður söngkonunnar Gerðar.

Gerður Bolladóttir sópransöngkona byrjaði ung að syngja í kirkjunni hjá prestinum og biskupnum föður sínum. Gerður hefur haldið tónleika víðs vegar á Íslandi, Bandaríkjunum, Grænlandi og nú síðast í Færeyjum í júní síðastliðnum. Hún hefur aðallega einbeitt sér að ljóðasöng og kirkjutónlist.

Sophie Marie Schoonjans hörpuleikari hefur leikið með ýmsum hljómsveitum á ferli sínum, meðal annars Fílharmóníuhljómsveitinni í Hong Kong, Sinfóníuhljómsveit Íslands, Orchestre du Festival de Bruxelles og verið virkur flytjandi kammertónlistar hér á landi og erlendis.

Pamela De Sensi hefur komið fram á fjölda tónleika bæði sem einleikari og í kammerhópum víða á tónlistarhátíðum í Evrópu og Ameríku. Hún starfar sem tónlistarkennari við Tónlistarskóla Árnesinga og Kópavogs.

Listasafn Sigurjóns Ólafssonar er til húsa að Laugarnestanga 70. Tónleikarnir fara fram þriðjudagskvöldið 2. september og hefjast kl. 20.30. **- vþ**

TÓNLISTARKONURNAR Gerður Bolladóttir og Sophie Marie Schoonjans koma fram á tónleikum í Listasafni Sigurjóns á þriðjudagskvöld.

Sjálfboðaliða vantar í fjölmörg verkefni Reykjavíkurdeildar!

Helstu verkefni eru:

- Konukot - athvarf fyrir heimilislausar konur
- Sölubúðir á sjúkrahúsum
- Bókasöfn á sjúkrahúsum
- Heimsóknarþjónustu
- Heimanámsaðstoð og málörvun fyrir börn af erlendum uppruna,
- Busl félagstarf með hreyfihömluðum krökkum
- Skyndihjálparhópur
- Hjálparsíma Rauða krossins 1717
- Fataflokkun

...auk fjölda annarra verkefna!

Viltu leggja lið í 2-12 tíma á mánuði?
Hver stund sem gefin er í sjálfboðavinnu er ómetanleg og þungt lóð á vogarskálarnar.

Frekari upplýsingar um verkefni fást í síma 545 0408
og á netfangið sjalfbodamidlun@redcross.is
og á www.redcross.is/reykjavik

Rauði kross Íslands
Reykjavíkurdeild

Körfubolti og hnignun ömmu

Myndlistarmennirnir Raquel Mendes og Siggi Eggertsson opna sýningarnar „Generosa“ og „Bíttar ekki máli“ í Gallerí BOXi, Kaupvangsstræti 10 á Akureyri, í dag kl. 14.30.

Siggi Eggertsson stundaði nám í grafískri hönnun við Listaháskóla Íslands árin 2003 til 2006 og útskrifaðist þaðan með BA-gráðu. Hann hlaut viðurkenningu Print's New Visual Artists 2006, hlaut tilnefningu til menningarverðlauna DV 2008 og er nú tilnefndur til Íslensku sjónlistaverðlaunanna í flokki hönnunar.

Sýningin „Bíttar ekki máli“ er að jöfnu hlutfalli listsýning og safnarasýning. Nýtt verk sem Siggi hefur framkvæmt á staðnum er nokkuð óhefðbundin mósaík, búin til úr safni körfuboltamynda frá æskuárunum.

Raquel Mendes útskrifaðist úr skúlptúrdeild listaháskólans í Lissabon árið 2002 og lauk mastersgráðu frá listaháskólanum í Glasgow 2007.

Athuganir á aðlögunarhæfni manneskjunnar eru megin uppspretta verka Raquel Mendes.

FRÍSKANDI BÚTASAUMUR
Verk eftir Sigga Eggerts.

Raquel fæst við skúlptúr, innsetningar og nú upp á síðkastið ljósmyndun og myndbandsverk. Verkefnið „Generosa“ var grundvallað á athugunum á ástandi og hátterni ömmu listamannsins, sem leiddu í ljós merki um andlega og líkamlega hnignun.

Sýningarnar standa til og með 14. september næstkomandi. - vþ

Opið Borgarleikhús

Borgarleikhúsið býður gestum og gangandi upp á opið hús á morgun á milli kl. 14 og 17. Almenningi gefst færi á að gægjast baksviðs, fara í skoðunarferðir um húsnæðið og að auki að gæða sér á ljúffengum vöfflum í boði hússins sem leikhússtjórinn Magnús Geir bakar af miklum myndarskap ásamt öðru starfsfólki leikhússins.

Leikarar og leikstjórar verða að störfum á sviðum leikhússins og verður meðal annars hægt að fylgjast með æfingum á söngleiknum Fólkið í blokkinni eftir Ólaf Hauk Símonarson, barnaleikritinu sívinsæla Gosa og farsanum Fló á skinni, svo nokkur verk séu nefnd. Leikhúsáhugafólk ætti sannarlega ekki að láta þetta tækifæri til að kynnast starfsemi atvinnuleikhúsanna framhjá sér fara. - vþ

Ný og sígild verk í vetur

Í Þjóðleikhúsinu í haust og vetur verður lögð áhersla á innlenda leikritun með frumflutningi á nýjum verkum og nýrri uppfærslu á einni af perlum íslenskra leikbókmennta. Erlend klassík skipar að vanda sinn sess, með verkum eftir meistara leikhússins, William Shakespeare. Erlend samtímaleikritun fær svigrúm og erlendir og hérlendir leikstjórar veita ferskum straumum inn í íslenskt leikhúslíf.

Nýtt verk eftir Sigurð Pálsson, leikskáld og handhafa íslensku bókmenntaverðlaunanna 2008, Utan gátta, verður frumsýnt í Kassanum í september. Kristín Jóhannesdóttir er leikstjóri og Gretar Reynisson gerir leikmynd en leikarar eru Kristbjörg Kjeld, Ólafía Hrönn Jónsdóttir, Arnar Jónsson og Eggert Þorleifsson.

Gamla Reykjavík og þorp

Í haust er minnst 75 ára afmælis Jökuls Jakobssonar. Hart í bak, sem var hans vinsælasta verk á sínum tíma, verður fyrsta frumsýning vetrarins á Stóra sviðinu og er það þriðja sviðsetning verksins í Reykjavík, en báðar hinar fyrri voru í Iðnó. Verkið verður mátað við samtímann í sviðsetningu Þórhalls Sigurðssonar, eins elsta og reyndasta leikstjóra Þjóðleikhússins um þessar mundir. Hann hefur áður átt gott samstarf við Gunnar Eyjólfsson sem snýr enn á svið ásamt Pálma Gestssyni, Elvu Ósk Ólafsdóttur, Þóri Sæmundssyni, Þóru Karitas Árnadóttur og fleirum.

Íslenska þorpið er viðfangsefni á jólum Þjóðleikhússins, en á sama tíma er annað þorpdrama í Borgarleikhúsi. Verðlaunaverk Jóns Kalmans Stefánssonar, Sumarljós og svo kemur nóttin, fer á svið í leikgerð og leikstjórn Hilmars Jónssonar, hljóðmynd og tónlist gerir Ragnhildur Gísladóttir en leikmynd Finnur Arnar Arnarsson. Viðtal við Hilmar er hér á síðunni. Hann hefur ekki unnið í Þjóðleikhúsinu um nokkurt skeið en hefur átt þar minnisverðar sviðsetningar, síðast Piaf sem naut mikilla vinsælda.

Frida og Makbeð

Atli Rafn Sigurðarson leikstýrir nú í fyrsta sinn í Þjóðleikhúsinu en hann þreytti frumraun sína í Brák, verki eiginkonu sinnar, Brynhildar Guðjónsdóttur, í Landnámssetrinu í fyrravetur. Brynhildur hefur nú samið verk upp úr ævi Fridu Khalo. Ólafur Darri Ólafsson mun fara með hlutverk Diego Rivera, eiginmanns Fridu, sem Brynhildur mun leika. Tónlist, sem er verulegur þáttur sýningarinnar, semur Egill Ólafsson, en hann hefur áður leikið sér með suður-amerísk þemu í tónsmíðum fyrir leikhús í söngleiknum Evu Lunu.

Hið dramatíska og áhrifamikla leikrit, Macbeth, er rannsakað og krufið af öflugum hópi leikara, með þá Stefán Hall Stefánsson og Vigni Rafn Valþórsson í forsvari í samvinnu við leikhúsfræðinga og leikhúslistamenn yngstu kynslóðarinnar. Þetta er í fyrsta sinn sem verkið er sýnt í Þjóðleikhúsinu, en fyrri sviðsetningar á því voru í Iðnó, hjá Frú Emilíu og á Hundadögum. Dramatúrgar eru að þessu sinni Tobias Munthe og Karl Þorbergsson. Leikararnir eru allir af yngri kynslóðinni. Ungt fólk setur einnig svip á samstarfsverkefni leiklistardeildar Listaháskóla Íslands og Þjóðleikhússins sem vinna saman undir leikstjórn leikstjórans Rafaels Bianciotto, í sviðsetningu á Þrettándakvöldi Shakespeare.

Tvö ný erlend verk

Í fyrra var lögð áhersla á ný erlend verk í Þjóðleikhúsinu og haldið er áfram á þeirri braut: Heiður eftir margverðlaunaðan ástralskan höfund, Joanna Murray-Smith um hjónabandið, fórnir og réttlætingar. Aðalpersónur verksins voru heiðurshjón í þrjátíu ár. Með hlutverk hjónanna fara þau Arnar Jónsson og Anna Kristín Arngrímsdóttir en auk þess leika María Ellingsen og Sólveig Arnarsdóttir í sýningunni. Bjarni Haukur Þórsson leikstýrir verkinu og er það hans fyrsta sviðsetning í húsinu.

Annað nýlegt verk er Sædýrasafnið, leikrit eftir eina af þekktustu skáldkonum Frakka í dag, Marie Darrieussecq, sem verður frumflutt í húsinu í samvinnu íslenskra og erlendra listamanna. Leikstjóri er Arthur Nauzyciel og leikmynd gerir Giulio Lichtner, en tónlist við sýninguna gerir Barði Jóhannsson. Sýningin verður fyrst sýnd í Kassanum, en síðan í ríkisleikhúsinu í Orléans í Frakklandi.

Barna- og unglingasýningar

Klókur ertu, Einar Áskell, eftir Bernd Ogrodnik, sem glatt hefur börn í Þjóðleikhúsinu og víða um lönd með hinum hrífandi brúðusýningum sínum, er fyrsta frumsýning vetrarins í dag í Kúlunni. Leikstjóri verksins er Kristján Ingimarsson.

Þá kemur Kardemommubærinn aftur í uppfærslu Selmu Björnsdóttur. Leikmynd gerir Brian Pilkington. Fólk og ræningjar í Kardemommubæ, eins og það hét í

HEILDSÖLU LAGERSALA

Við rýmum til á lagernum fyrir nýjum vörum og seljum því eldri lager og sýnishorn á ótrúlegu verði!

40-80% afsláttur

3 dagar eftir!

Mikið úval af: skíðafatnaði, útivistarfatnaði, Soft Shell peysum, golffatnaði, barnagöllum, barnaúlpum og mörgu fl.

Verðdæmi:	verð áður	verð nú
3. laga jakkar:	29.900,-	**11.900,-**
Skíðabuxur:	15.900,-	**8.900,-**
Skíðaúlpur	18.900,-	**7.900,-**
Golfjakkar	16.900,-	**7.900,-**
Útivistarjakkar	18.900,-	**7.900,-**
Super Stretch peysur	8.900,-	**2.900,-**
Soft Shell peysur	16.900,-	**4.900,-**
Barnaúlpur	9.900,-	**2.900,-**

Opnunartími:		
Laugardagur	30. ágúst	kl. 10-18
Sunnudagur	31. ágúst	kl. 11-18
Mánudagur	1. september	kl. 14-20

FYRSTUR KEMUR FYRSTUR FÆR

Lagersala ZO-ON - Nýbýlavegi 18 (Dalbrekku megin) - Kópavogi

ZO•ON ICELAND

LEIKLIST Gunnar Eyjólfsson leikur gamla strandkapteininn í Hart í bak eftir Jökul Jakobsson á stóra sviði Þjóðleikhússins. MYND: Þjóðleikhúsið/Eddi

upphafi, hefur í nær hálfa öld verið það verk sem oftast hefur komið upp í Þjóðleikhúsinu og notið stöðugra vinsælda. Aðeins Íslandsklukkan og Gullna hliðið standa nærri Kardemommubænum að vinsældum.

Skoppa og Skrítla halda áfram að gleðja yngstu börnin, Leitin að jólunum verður sýnt á aðventunni og Öskubuska heimsækir Kúluna í spunaverkinu Ökkubukka í umsjón Ásdísar Þórhallsdóttur. Báðar er reyndar af starfi í húsinu en taka nú upp leikstjórn. Leikferð með eina af athyglisverðustu sýningum síðasta leikárs, Sá ljóti, verður farin í framhaldsskóla landsins í október. Með aðalhlutverk fer Jörundur Ragnarsson.

Ópera aftur í Þjóðleikhúsi

Fyrsta færeyska óperan, Í Óðamansgarði, sem frumflutt var í Þórshöfn haustið 2006, verður sett upp að nýju í Þjóðleikhúsinu í samvinnu Þjóðleikhússins og Tjóðpallsins í Færeyjum. Verk Sunleifs Rasmussen byggir á samnefndri smásögu Williams Heinesen. Sýningar verða í samvinnu við Listahátíð í Reykjavík á Stóra sviðinu í maí. Hljómsveitarstjóri verður Bernharður Wilkinson, leikstjóri Ria Tórgarð, danshöfundur Lára Stefánsdóttir, en leikmynd gerir Elisa Heinesen. Söngvarar og dansarar verða íslenskir en sögumenn færeyskir leikarar.

Kristján Ingimarsson heimsækir Þjóðleikhúsið með nýja bráðfyndna látbragðssýningu um mannskepnuna, 7 songs about the CREATURE, í janúar. Gestaleikur þessi verður frumfluttur í Husets Teater í Kaupmannahöfn í haust.

Ævi og ferill

Þá verður einnig óvenjulegt samstarfsverkefni á fjölunum sem norski leikhúslistamaðurinn Reinert Mithassel leiðir. Eterinn er verk um og eftir listamanninn Þóri og hverfist um hugmyndafræði hans og listsköpun en segja má að einleikurinn sé í grunninn ævisöguleg könnun hans sett fram með hjálp margra ólíkra miðla. Leikari í sýningunni er Þórir Sæmundsson.

Hátíðardagskrá verður haldin á Stóra sviðinu í haust í tilefni af afmæli tónskáldsins Atla Heimis Sveinssonar þar sem sérstök áhersla verður lögð á leikhústónlist hans. Umsjón með dagskránni hefur Edda Heiðrún Backman.

Frá fyrra ári

Meðal sýninga frá fyrra leikári má geta þess að söngleikurinn Ástin er diskó, lífið er pönk heldur áfram. Skilaboðaskjóðan og Engisprettur fara aftur á fjalirnar sem og hið sívinsæla aðventuleikrit Leitin að jólunum. Eftir leikferð mun Sá ljóti koma aftur á svið á Smíðaverkstæðinu. Ívanov verður endurvakinn auk þess sem vonir standa til þess að Hamskiptin og barnasýning ársins, Gott kvöld, komi aftur á fjalirnar.

pbb@frettabladid.is

ÁSDÍS SIF GUNNARSDÓTTIR Bætir í dag við sýningu sína sem staðið hefur yfir í Skaftfelli frá því snemma í ágúst.

Þrír listamenn í Skaftfelli

Síðasta sýningin í sýningarröðinni Sjónheyrn verður opnuð í dag kl. 16 í Skaftfelli á Seyðisfirði. Þar sýnir myndlistarmaðurinn Darri Lorenzen kvikmyndina Passing by – Seyðisfjörður, en hún er tekin upp nú fyrr í mánuðinum á Seyðisfirði og í nágrenni hans. Hljóðið við myndina er í höndum hljómsveitarinnar Evil Madness. Myndin verður svo sýnd á skjá í einni af hillum bókasafns Skaftfells út árið, en til 6. september næstkomandi verður einnig hægt að sjá hana á netinu á slóðinni www.projectgentili.com/passing_by.html.

Það er ýmislegt fleira í boði í Skaftfelli í dag. Sigtryggur Berg Sigmarsson opnar sýningu á verki sínu The Shivering Man, sem sýnt hefur verið undanfarið í sýningarrýminu The Lost Horse í Reykjavík við mikinn fögnuð sýningargesta. Að auki bætir Ásdís Sif Gunnarsdóttir í sýningu sína Handan hugans, sem staðið hefur yfir í Skaftfelli frá því fyrr í mánuðinum. Þar sýnir Ásdís myndbandsverk og einnig teikningar á glæruvarpa og plastverk.

- vþ

MÁLVERKAUPPBOÐ Á HILTON-NORDICA-HÓTELI
Sunnudaginn 31. ágúst kl. 20.30

Jón Engilberts

VERKIN SÝND Í GALLERÍ BORG SKIPHOLTI 35
laugardag og sunnudag Kl. 13 til 17

> TÍSKUFRÉTTIR VIKUNNAR

Spennandi föt til styrktar konum í Jemen Glæsimarkaður verður haldinn í Perlunni í dag og á morgun en þar verður ótrúlegt magn af nýjum og notuðum fötum. Fjöldi vel klæddra kvenna hefur lagt málefninu lið, þar á meðal tískudívan **Björk**, en ágóðinn fer óskiptur í að byggja upp skóla fyrir börn og konur í Jemen. Opið verður í dag milli 10 og 18 og á sunnudag milli 12 og 17.

stíll

utlit@frettabladid.is

… **praktíska og flotta svarta tösku** með ótal hólfum frá MiuMiu. Fæst hjá Sævari Karli.

OKKUR LANGAR Í …

… **kynþokkafulla svarta hælaskó** frá Gucci. Fást hjá Sævari Karli.

… **fríska hreinsigel og andlitsvatn** frá Lancome sem ljáir andlitinu nýjan bjarma.



DAÐRAÐ VIÐ TÍSKUNA
Anna Margrét Björnsson

Hræðilegur sjúkdómur að nafni Ljótan

Hvaða kona kannast ekki við frasann, „Bad hair day“. eða vondur hárdagur. Þessir dagar þegar sama hvað maður gerir við hárið þá er eins og það sé lasið eða í uppreisn og angrar mann allan liðlangan daginn. En það er ekki aðeins hárið sem getur látið svona. Fleiri pirrandi hlutir geta komið upp á, bóla á ennið, frunsa, kílói ofaukið vegna blæðinga eða bara þessi almenna veiki sem við konur köllum „ljótuna“. Veikin sem enginn utanaðkomandi sér nema við sjálfar en við erum sannarlega búnar að ákveða þann daginn að okkur sé varla óhætt að stíga út úr húsi án þess að vekja óhugnað þeirra sem eru svo óheppnir að bera okkur augum. Um daginn vogaði samt vinkona mín sér út á lífið með þessa svokölluðu „ljótu,“ í gallabuxum og víðri mussu, strigaskóm og með ógreitt hár og sver það að aldrei nokkurn tímann á ævinni hafi hún notið jafnmikillar karlhylli á einu kvöldi. Sumsé, ljótan er aðeins til í okkar eigin hugarheimi eins og svo margt annað sem við kvenfólkið hrellum okkur yfir. „Ef ég lít ekki vel út þá fer ég í vont skap,“ sagði Carla Bruni forsetafrú og fyrrum fyrirsæta í einhverju frönsku slúðurblaði um daginn. Nú þykist ég viss um að hún líti aldrei illa út, að minnsta kosti ekkert svakalega, en ég skil hana samt mjög vel. Ef við vitum upp á okkur skömmina með að ganga út í búð án þess að hafa farið í sturtu með óþvegið hár og ekki snefil af farða þá er ekkert sérlega líklegt að við verðum í góðu skapi. Og fyrir mína parta er til dæmis frunsa ávísun á vondan dag. Auðvitað er þetta sorglega pjattað, svo pjattað að maður dauðskammast sín fyrir það. En hugsið ykkur allt sem við erum að lesa í tímaritum og á vefmiðlum á hverjum degi. Daglega opna ég fréttasíðu á netinu þar sem fyrirsagnir æpa á mann, „Jerry Hall sjokkerar með appelsínuhúð á ströndinni,“ eða „Heidi Klum vekur athygli óförðuð í stórverslun.“ Guð minn almáttugur! Er sumsé betra að vera dauður en að láta sjá sig ófullkominn á almannafæri? Maður mætti halda það. Munum eftir hinni skelfilega vondu Madame de Merteuil í bók Choderlos de Laclos. Hver voru hennar maklegu málagjöld eftir að hafa rústað lífi allra helstu sögupersónanna með svínslegum ástarplottum? Hún dó ekki, heldur fékk bólusótt sem eru verri örlög franskrar konu en örbirgð og bannfæring. Enda segir í bókinni að það hefði örugglega verið skárra fyrir hana að deyja úr veikinni en að fá öll þessi ör. Betur dauður en ljótur. Eitt óbrigðult ráð lærði ég við ljótunni þegar ég var sextán ára af jafnöldru minni, ráð sem ég hef ætíð munað. „Ef hárið á þér er skítugt, mundu þá að mála þig fallega um augun. Ef þú ert með bólu, gerðu þá hárið á þér æðislegt og enginn sér bóluna.“ Í stuttu máli sagt, gerðu það besta úr restinni og enginn tekur eftir neinu.

ALASKA-STEMNING Blár og hvítur Alaskajakki, kúrekahattur og klútur frá Number (N)ine.

SPORTLEGT Grænn jakkaföt með sportlegu ívafi ásamt blárri köflóttri skyrtu og kúrekaklút frá Rykiel Homme.

TÖFF Frábær og frumleg samsetning af köflóttum buxum og rokkuðum leðurjakka hjá Rykiel Homme.

Innblásið af skoskum hálendisherrum

Sjaldan hafa köflótt efni verið jafnáberandi á tískupöllunum en fyrir haust og vetur 2008. Hönnuðir virðast hafa sótt innblástur bæði til klassískra skoskra og breskra hefða en einnig til kúreka og „grunge“ tímabils tíunda áratugarins. Sonia Rykiel bauð upp á smart köflótt jakkaföt í þrengri kantinum á meðan snillingarnir hjá Number (N)ine sýndu hlýjar köflóttar skyrtur og jakka sem minntu á kanadíska skógarhöggsmenn. Þeir sem þora svo ekki að ganga alla leið með köflóttu efnin geta að minnsta kosti fjárfest í flottri köflóttri skyrtu í kúrekastíl sem ættu að gefa jakkafötunum nýjan blæ í haust.

amb@frettabladid.is

RAUTT Flottur rauðköflóttur sportjakki við prjónahúfu og peysu frá Rykiel Homme.

FANTASÍA Snillingur Galliano með sína útgáfu af köflóttu: blá skyrta við víðar sjóræningjalegar buxur.

ROKKAÐ Smart köflótt jakkaföt í sixtís „mod“ stíl frá Rykiel Homme fyrir vetur 2008.

LEGO WEAR
verslunin LEGOFÖT

Ný glæsileg verslun með Lego barnaföt. Full búð af vönduðum haust og vetrar fötum frá Lego.

Opið virka daga 12-18
laugardaga 11-16

Verslunin LEGOFÖT
Skútuvogi 11
(Á móti Blómavali)
Sími 563-63-63

Fjólublá blússa með púffermum við vínrauðan kjól.

Karrígul kápa með stuttum ermum en peysan gægist undan.

GULUR, RAUÐUR, GRÆNN OG BLÁR:

Proenza Schouler sýnir hvernig á að nota liti í vetur

Tískuhúsið Proenza Schouler leikur sér gjarnan með liti í gimsteina-litum og haustið 2008 var engin undantekning. Vetrarlínan var sérlega kvenleg en þar sáust alls kyns kjólar, pils og blússur með slaufum í fjólubláum, karrígulum og smaragðsgrænum litum. Sokka-buxur voru gjarnan einnig í lit og sömuleiðis skórnir, en þá var ekkert af þessu fyrrgreinda endilega látið passa saman og sáust skærbleikir skór til dæmis við gráa sokka og grænan kjól.

Proenza Schouler sýndi líka heilmikið af hvítu sem er mikil tilbreyting fyrir veturinn. **- amb**

Dömuleg græn slaufa í yfirstærð.

Vetrarhvítt. Fallegt við svartar sokka.

NOTALEGT Falleg köflótt skyrta við afslappaðar khaki-buxur og loðhatt hjá Number (N)ine.

KÚREKI Flottur og hlýr köflóttur jakki við appelsínugular buxur og hatt í anda Clint Eastwood. Frá Number (N)ine.

> HÁR A LA MADONNA

Madonna hefur í huga að setja á markað hárvörulínu. Hún hefur fjárfest í hárgreiðslustofu Andy LeCompte í Hollywood, en hann hefur lengi haft hendur í hári söngkonunnar. Poppdrottningin mun hafa séð hversu vel vörur Jessicu Simpson og Kens Paves hafa selst og langar að fylgja í fótspor hennar.

fólk

folk@frettabladid.is

JóJó er týndi sonurinn

„Ég held hún eigi að heita Týndi sonurinn," segir götulistamaðurinn JóJó.

Hann sér nú glitta í heimsfrægð því Jón Gústafsson kvikmyndagerðarmaður er með á prjónum heimildamynd um trúbador götunnar til alþjóðlegrar dreifingar. Það er þó ekki efst í huga hins hjartgóða trúbadors sem gjarnan gleður nátthrafna sem eiga leið um Austurstræti með gítarspili og söng: „Sko, ég fékk heilablóðfall í fyrra og hef átt í þessu. En helsta hvatning til að gera plötuna var þegar við þurftum að sjá á eftir hinum litríka og skemmtilega Gunna Tramp [Gunnar Ólafsson] sem dó vegna hjartaáfalls."

JóJó hefur verið önnum kafinn við að vinna merkilega plötu sem ráðgert er að komi út í október. Hún ber vinnuheitið „Að vera vitur eftir á" og er til styrktar málefnum um forvarnir Hjartaverndar og tileinkuð sjúkrastofnunum landsins. „Já, og því fólki sem þar er og starfar, er oft að vinna ótrúlegt starf og virðingarvert."

JóJó hefur þegar lokið við að taka upp grunna og nýtur þar aðstoðar nokkurra fremstu tónlistarmanna landsins: Pálma Sigurhjartarsonar og þeirra Sálarmanna: Guðmundar Jónssonar, Friðriks Sturlusonar og Jóhanns Hjörleifssonar. Og þeir sem syngja lög Jójós eru svo þeir Egill Ólafsson, Magnús Eiríksson, Pálmi Gunnarsson og Valgeir Guðjónsson. „Valgeir syngur lygarann. En þar er fjallað um frægasta lygara landsins, hann Marinó, sem var heilataugaskurðlæknir sem fór á veðhlaupabrautina á Osló og seldi alla hestana þar," segir Jójó brattur.

- jbg

JÓJÓ Vinnur nú plötu til styrktar forvarnarmálefnum Hjartaverndar og hefur fengið stórskotalið sér til aðstoðar.

TAL

SKEMMTILEG AUKAVINNA – GÓÐ LAUN

Tal óskar eftir hugmyndaríku og skemmtilegu starfsfólki til að þjónusta þúsundir Íslendinga á sviði fjarskipta.

SÖLUFULLTRÚAR:

Sölufulltrúar okkar bjóða Íslendingum að lækka símreikninga sína vegna GSM, Netsins og heimasíma. Vinnutími er a.m.k. tvö kvöld í viku frá kl. 17.40-22.10, alla daga nema laugardaga. Fast tímakaup ásamt góðum sölubónusum. Eftir vissan tíma í starfi njóta starfsmenn sérkjara á GSM og Interneti.

Æskilegir eiginleikar:

- Reynsla af þjónustu, sölu og kynningum
- Stundvísi
- Metnaður og heiðarleiki
- Jákvæðni
- Reynsla af fjarskiptamarkaði

Umsóknir skulu sendar á atvinna@tal.is merktar: sölufulltrúi – aukavinna. Upplýsingar í síma 615 4200.

Tal er þriðja stærsta fjarskiptafélagið á Íslandi og fer ört vaxandi. Við bjóðum landsmönnum lægra verð á Interneti, heimasíma og farsíma og stuðlum þannig að aukinni samkeppni á fjarskiptamarkaði. Við höfðum til skynsemi neytenda með einföldu vöruframboði og gagnsærri verðlagningu, störfum eftir skilvirkum ferlum og beitum markvissri þjónustustjórnun. Þannig hyggst Tal ná afgerandi stöðu á lággjaldamarkaði á sviði fjarskiptaþjónustu. Starfsfólk okkar býr jafnframt yfir metnaði, þjónustulund og starfsánægju sem skilar sér alla leið til viðskiptavina okkar.

www.tal.is | Síðumúla 32, 108 Reykjavík | Þjónustuver 1817 | Skrifstofa 445 1600 | tal@tal.is

GOTT FÓLK

Logi Geirsson safnar minningunum

Logi Geirsson, handboltakappi og Ólympíufari, veitti bókinni Strákarnir okkar – leiðin að silfrinu sérstakar viðtökur í fyrradag. Bókin fjallar, líkt og nafnið gefur til kynna, um Ólympíuævintýri íslenska landsliðsins í handbolta og er byggt á efni sem birtist í fjölmiðlum um landsliðið. Í bókinni má sjá hvaða áhrif sigurgangan hafði á þjóðina og hvernig viðbrögðin voru eftir að Ólympíuleikunum lauk.

„Við fengum þessa bók að gjöf daginn sem við komum heim, það er alveg ótrúlegt hvað þeir hafa náð að vinna hana hratt og vel. Þetta er alveg frábær gjöf og gaman fyrir okkur að eiga þetta. Við hefðum aldrei geta haldið utan um allt þetta efni sjálfir, þetta var orðið svo mikið. En þetta er alveg hiklaust bók sem maður á eftir að eiga og halda upp á alla ævi," segir Logi en það var Fjölmiðlavaktin sem tók efnið í bókinni saman.

Aðspurður segir hann að það sem standi upp úr í ferðinni sé heimkoman. „Móttökurnar sem við fengum þegar við komum heim voru magnaðar, þær toppa þetta allt. Við erum allir mjög þakklátir fyrir þann stuðning sem okkur var sýndur og þetta sýnir enn og aftur þá miklu samstöðuna sem ríkir hér á svona stundum."

Fréttablaðið greindi frá því í vikunni að viðburðarfyrirtækið Jón Jónsson hefði boðið strákunum í landsliðinu á tónleika með franska tónlistarmanninum Sebastien Tellier, Logi segist þó ekki hafa getað þegið það góða boð þar sem hann þurfti að fljúga aftur út til Þýskalands kvöldið áður. „Nú tekur vinnan við aftur þannig að mér gefst lítill tími til að slappa af," segir Logi.

- sm

ÞAKKLÁTUR Logi Geirsson heldur hér á bókinni. Hann segist þakklátur þjóðinni fyrir stuðninginn. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Blóðið er að roðna

Tango on Ice hófst á fimmtudagskvöldið með tangósýningu í Iðnó. „Kramhúsið á 25 ára starfsafmæli og þess vegna er hátíðin óvenju flott í ár. Sex erlendir danskennarar, sex af bestu dönsurum heims, koma frá Búenos Aíres til að sýna og kenna. Þau eru mjög þekkt í tangó-heiminum og eftirsótt," segir Þórunn Ásdís Óskarsdóttir, verkefnastjóri í Kramhúsinu.

„Þetta er fimmta alþjóðlega tangóhátíðin sem tangófélagið og Kramhúsið halda saman. Þessi er ein sú glæsilegasta hingað til."

Hátíðin samanstendur af sýningu, milongum, námskeiðum og lokahófi. „Í gær og í kvöld eru svona tangó-kvöld, eða milongur svokallaðar. Við erum með sérstakan tangó-plötusnúð og allir dansa fram á nótt. Svo er lokakvöld með tangóhljómsveitinni Astor á sunnudagskvöldið í Bláa lóninu," segir Þórunn.

Tangónámskeið Kramhússins eru sívinsæl. En hafa Íslendingar nógu heitt blóð fyrir svo ástríðufullan dans? „Blóðið er að roðna. Við höfum alltaf verið dálítið stíf. Við eigum ekki þessa hefð í okkur að dansa tangó og salsa. En við erum dálítið að smitast af þessu."

Allir eru velkomnir á milongu í kvöld. Dansað er í Iðnó frá klukkan tíu og kostar 1500 krónur inn.

- kbs

EFTIRSÓTT Cristian Duarte og Carolina Lafata sýna Íslendingum hvernig á að dansa tangó.

MIKIL DRAMATÍK Dóttir O.J. réðst á hann í bræðiskasti fyrr í vikunni.

Réðist á föður sinn

Lögreglan var kvödd að heimili O. J. Simpson fyrr í vikunni vegna mikilla láta. Fullorðin dóttir O.J. frá fyrra hjónabandi, Arnelle, hafði komið í heimsókn til þess að messa yfir föður sínum vegna þess að hann hefur ekki verið að sjá fyrir móður hennar. Móðir Arnelle og fyrrum eiginkona O.J. á rétt á framfærslupeningum frá O.J eftir skilnað þeirra en neyðist þess í stað til þess að vinna í Wallmart til þess að geta séð fyrir sér. Rifrildið á milli O.J. og Arnelle endaði á þann veg að Arnelle réðst á föður sinn og hrinti honum á skáp. Skápurinn brotnaði og O.J slasaðist töluvert við fallið. Þegar lögreglan kom á staðinn var Arnelle beðin um að yfirgefa staðinn og O.J var fluttur á sjúkrahús til aðhlynningar.

Þykir of kynþokkafull

Meðlimir í íslamska þingflokknum í Malasíu vilja að hætt verði við tónleika söngkonunnar Avril Lavigne á þeim forsendum að sviðsframkoma hennar sé of kynæsandi. Avril ætlaði að hefja mánaðarlangt tónleikaferðalag um Asíu í höfuðborg Malasíu, Kúala Lúmpúr, nú í lok ágúst. „Þetta er of kynþokkafullt fyrir okkur. Við viljum ekki að táningarnir okkar taki sér þetta til fyrirmyndar. Við viljum listamenn sem eru góð fyrirmynd fyrir táninga," sagði einn þingflokksmanna um væntanlega tónleika.

DAVID DUCHOVNY Farinn í meðferð vegna kynlífsfíknar.

Farinn í meðferð

X-Files-leikarinn David Duchovny hefur skráð sig í meðferð til að vinna bug á kynlífsfíkn sinni. Eiginkona hans til tíu ára, leikkonan Tea Leoni, mun víst standa þétt við bakið á honum á þessum erfiðu tímum. „David fór sjálfviljugur í meðferð til þess að fá lækningu við fíkninni. Hann vonar að hann og fjölskylda hans fái næði til þess að takast á við þennan vanda," var haft eftir talsmanni leikarans.

Markaði í Laugardal frestað

Markaði íbúa í Laugardal hefur verið frestað til morguns – en til stóð að halda hann í dag. „Veðurspáin fyrir daginn var svo slæm, en hún er hins vegar mjög góð fyrir sunnudag og það væri synd að nýta það ekki," útskýrir Sigríður Ólafsdóttir hjá Íbúasamtökum Laugardals.

Markaðurinn er nú haldinn í sjötta skiptið og fer fram undir hatti íbúasamtakanna. „Upprunalega hugmyndin var að blása til einhvers svona skemmtilegs meðal íbúanna, gera eitthvað jákvætt, skemmtilegt og vistvænt saman – því það er náttúrulega vistvænt að endurnýta hluti og láta þá rúlla á milli," segir Sigríður. „Við höfum líka látið hann flakka um hverfið til að vekja athygli á skemmtilegum svæðum sem hægt er að nýta til margvíslegra hluta. Núna ætlum við til dæmis að vera á opnu garðsvæði við Laugarneskirkjuna," útskýrir hún.

Framtakið hefur mælst afar vel fyrir meðal íbúa og segir Sigríður þátttökuna aldrei hafa verið meiri. „Fólk ætlar að selja hitt og þetta. Sumir eru með kompudót úr geymslunni, fatnað og skó, svo koma nokkrir með handgerða skartgripi úr gleri og öðru, einhver ætlar að vera með leðurvörur og aðrir selja rifsber og sultur, heilsuklatta og smákökur," segir Sigríður. Þá verður einnig kaffisala á svæðinu svo fólk geti nært sig á milli bása.

Markaðurinn hefst klukkan 12 og stendur til 16 á morgun. **- sun**

FRÁBÆRAR VIÐTÖKUR Markaðurinn í Laugardalnum hefur mælst afar vel fyrir og aldrei verið meiri þáttaka en nú, að sögn Sigríðar Ólafsdóttur.

FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR

Hrátt og skemmtilegt á Rúbín

Franski tónlistarmaðurinn Sébastien Tellier vakti mikla athygli fyrir framlag sitt í Eurovision í vor. Hann er búinn að vera að búa til tónlist í nokkur ár og á að baki að minnsta kosti fjórar plötur, sú nýjasta, Sexuality, kom út í ársbyrjun, en á henni er meðal annars lagið Divine sem var í Eurovision. Íslendingar gáfu Frökkum átta stig í keppninni og þess vegna ekki skrítið að fjölmenni hafi verið mætt á Rúbín á fimmtudagskvöldið þegar hann tróð þar upp.

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Villt spilamennska

Tellier mætti með þriggja manna hljómsveit með sér, tvo hljómborðsleikara og trommara, en sjálfur söng hann, spilaði á gítar og píanó. Plöturnar hans hafa sérstaklega „slikk“ og flottan hljóm, en eins og tónleikagestir komust að á Rúbín þá eru tónleikar með kappanum allt annað mál. Þó að hluti af tónlistinni hafi verið forritaður þá var meirihluti hennar handspilaður, spilamennskan var villt og hljómurinn hrár.

Svalur á sviðinu

Tellier byrjaði settið á laginu Kilometer og náði strax upp mikilli stemningu í húsinu. Ekki minnkaði hún þegar hann fór beint yfir í Divine. Bæði lögin voru brotin upp með hávaðaköflum og komu mjög flott út. Tellier var jafn svalur og vanalega, með skeggið, sólgleraugun og í silfurlituðum jakka. Það var greinilegt að hann hafði fengið sér svolítið neðan í því fyrir tónleikana og þambaði reyndar stíft á þeim sjálfum af stút, en sagði tónleikagestum til skýringar að þetta væri bergvatn, lyfti svo flöskunni, las á hana og bætti við „úr Bláa lóninu …“

Fyndnar furðusögur

Eitt af því sem einkennir alla framkomu Telliers hvort sem er á sviði eða í viðtölum er húmorinn og hann var ekkert að klikka á Rúbín. Hann sagði furðusögur á milli laga og sviðsframkoman var eitursvöl. Hann fór hamförum á gítarinn og steig upp á stól af og til að keyra upp stemninguna. Þegar leið á tónleikana duttu þeir samt svolítið niður. Tellier var sestur við píanóið og maður var ekki viss hvort hann væri að lognast út af eða hvað. Hann endaði dagskrána eftir rúman klukkutíma með laginu L'amour et la violence og svo hvarf bandið af sviðinu. Eftir uppklapp kom Tellier aftur endurnærður og tók aukalag við góðar viðtökur.

Vantaði fókus

Á heildina litið voru þetta skemmtilegir tónleikar með frábærum listamanni, en það vantaði aðeins upp á fókusinn hjá kappanum á seinni hluta þeirra.

Trausti Júlíusson

TÓNLEIKAR

Sébastien Tellier

Rúbín, 28. ágúst

★★★

Tónleikar Sébastiens Tellier og hljómsveitar á Rúbín á fimmtudagskvöldið einkenndust af hráum hljómi og villtri sviðaframkomu.

Nýtt í bíó
LAUGARÁS BÍÓ
Sími: 553 2075
- bara lúxus

500 kr. í bíó! Gildir á allar sýningar merktar með rauðu!

SÝNINGARTÍMAR

GRÍSIRNIR ÞRÍR - ÍSL. TAL	kl. 2 - FORSÝNING	L
TROPIC THUNDER	kl. 5.40, 8 og 10.15	16
GET SMART	kl. 5, 8 og 10.15	L
MAMMA MIA	kl. 2, 4.15, 6.30 og 9	L
WALL-E	kl. 2 og 3.40	L

SAMBÍÓIN

ÁLFABAKKA

TROPIC THUNDER	kl. 3:40 - 5:40 - 8 - 10:20	16
TROPIC THUNDER	kl. 5:40 - 8 - 10:20	VIP
SVEITA BRÚÐKAUP	kl. 3:40 - 5:50 - 8 - 10:10	L
GET SMART	kl. 1:30 - 3:40 - 5:50 - 8 - 10:10	L
DARK KNIGHT	kl. 5:40 - 8:30 - 10:20	12
DARK KNIGHT	kl. 2	VIP
STAR WARS	kl. 1:30 - 3:40 - 5:50	L
THE MUMMY 3	kl. 1:30 - 8	12
WALL-E m/ísl. tali	kl. 1:30D - 3:40D	L
KUNG FU PANDA m/ísl. tali	kl. 1:30	L

KRINGLUNNI

DARK KNIGHT	kl. 6:20 - 8 - 10	12
STAR WARS	kl. 1:30 - 3:40D - 5:50D	L
GET SMART	kl. 10:10	L
WALL-E m/ísl. tali	kl. 2D - 4:10D	L
WALL-E m/ensku tali	kl. 5:50 - 8	L
KUNG FU PANDA m/ísl. tali	kl. 1:30 - 3:40	L

SELFOSS

SVEITABRÚÐKAUP	kl. 3:40 - 5:50 - 8 - 10:10	L
MAMMA MÍA Síð. sýn.	kl. 1:30 - 3:40 - 5:50	L
WALL-E m/ísl. tal	kl. 1:30	L
SKRAPP ÚT	kl. 8	12
X-FILES 2	kl. 10:10	16

AKUREYRI

SVEITA BRÚÐKAUP	kl. 4 - 6 - 8 - 10	L
WALL-E. m/ísl. tali	kl. 2	L
GET SMART	kl. 8 - 10	L
STAR WARS	kl. 2 - 4 - 6	L

KEFLAVÍK

TROPIC THUNDER	kl. 8 - 10:20	16
SVEITABRÚÐKAUP	kl. 6 - 8 - 10	L
STAR WARS	kl. 1:30 - 3:40	L
WALL-E m/ísl. tali	kl. 1:30 - 3:40 - 5:50	L

SparBíó 550kr

NÝTT Í BÍÓ!
FRÁ BEN STILLER KEMUR EIN KLIKKAÐASTA GRÍNMYND ÁRSINS!
MAKE IT HAPPEN
TROPIC THUNDER
LÚXUS
GRÍSIRNIR ÞRÍR
550 kr. fyrir börn
650 kr. fyrir fullorðna
Forsýning á frábærri teiknimynd fyrir alla fjölskylduna með íslensku tali.
Sveitabrúðkaup
ROCKER
SKRAPP ÚT
MAMMA MIA!

SMÁRABÍÓ SÍMI 564 0000 TILBOÐSVERÐ

TROPIC THUNDER	kl. 1 - 3.20 - 5.30 - 8 - 10.30	16
TROPIC THUNDER LÚXUS	kl. 1 - 3.20 - 5.30 - 8 - 10.30	16
MAKE IT HAPPEN	kl. 1 - 4 - 6 - 8 - 10.10	L
THE ROCKER	kl. 1 - 3.20 - 5.40 - 8 - 10.20	7
MAMMA MIA	kl. 3D - 5.30D - 8D - 10.30D	L
GRÍSIRNIR 3 FORSÝNING	kl. 1	L

5%

HÁSKÓLABÍÓ SÍMI 530 1919 TILBOÐSVERÐ

SVEITABRÚÐKAUP	kl. 4 - 6 - 8 - 10	L
THE ROCKER	kl. 3 - 5.30 - 8 - 10.30	7
SKRAPP ÚT	kl. 6 - 8 - 10	12
MAMMA MIA	kl. 3 - 5.30 - 8 - 10.30	L
GRÍSIRNIR 3 FORSÝNING	kl. 4	L

5%

50 KR. AFSLÁTTUR EF ÞÚ KAUPIR BÍÓMIÐANN Á midi.is

REGNBOGINN SÍMI 551 9000 650 kr.
ÓDÝRT Í BÍÓ!

MAKE IT HAPPEN	kl. 3.20 - 5.40 - 8 - 10.20	L
X - FILES	kl. 3.20 - 5.40 - 8 - 10.20	16
THE STRANGERS	kl. 6 - 8 - 10	16
MAMMA MIA	kl. 3 - 5.30 - 8 - 10.30	L
GRÍSIRNIR 3 FORSÝNING	kl. 3	L

allar myndir - allar sýningar - alla daga

BORGARBÍÓ SÍMI 462 3500 TILBOÐSVERÐ

TROPIC THUNDER	kl. 6 - 8 - 10.10	16
THE ROCKER	kl. 10.10	7
MAMMA MIA	kl. 3.50 - 6 - 8	L
GRÍSIRNIR 3 FORSÝNING	kl. 4	L
SING A LONG SÝNING		

5%

FÆRÐ 5% ENDURGREITT EF ÞÚ BORGAR BÍÓMIÐANN MEÐ KREDITKORTI AUKAKRÓNUR

Sími: 553 2075 - bara lúxus
Ódýrt í bíó
GRÍSIRNIR ÞRÍR
WALL·E 2008
MAMMA MIA! THE MOVIE
500 kr. á fyrstu sýningar dagsins

SparBíó 550kr
laugardag og sunnudag
SAMbio.is SAMBÍÓIN

WALL-E með íslensku tali
kl. 1.30 í Álfabakka
kl. 2 í Kringlunni
kl. 2 Akureyri, kl. 1.30 í Keflavík og kl.1.30 á Selfossi

STAR WARS
kl. 1.30 í Álfabakka
kl. 1.30 í Kringlunni
kl. 1.30 í kefl og kl. 2 á Ak.

KUNG FU PANDA ísl. tali
kl. 1.30 í Álfabakka
kl. 1.30 í Kringlunni

MAMMA MIA
kl. 1.30 á Selfossi

TILBOÐSVERÐ
SMÁRABÍÓ HÁSKÓLABÍÓ BORGARBÍÓ
KL.3.50 BORGARBÍÓ KL.3 HÁSKÓLABÍÓ
KL.1 SMÁRABÍÓ
KL.4 HÁSKÓLABÍÓ KL.1 SMÁRABÍÓ KL.4 BORGARBÍÓ
KL.1 SMÁRABÍÓ
KL.3 HÁSKÓLABÍÓ KL.1 SMÁRABÍÓ

HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

Laugardagur 30. ágúst 2008

Kvikmyndir

Reykjavík Shorts&Docs Heimildar- og stuttmyndahátíð í Austurbæ, Snorrabraut 37.

15.00 Pétur og úlfurinn

17.00 Sagan um Svein Kristján Bjarnason, Kjötborg

19.00 FREEHELD, Að deyja í Jerúsalem

Miðasala opnar kl. 14.30. Hátíðinni lýkur á mánudag.

Opnanir

14.00 Gráir veggir Opnun sýningar götulistamanna í Reykjavík Art Gallery, Skúlagötu 30. Sýningin mun standa yfir í fjórar vikur. Opið þri.-sun.frá 14.00-17.00.

14.30 Bittar ekki máli og **Generosa Siggi Eggertsson** og **Raquel Mendes** opna sýningar í GalleríBOXI, Kaupvangsstræti 10, Akureyri. Opið fös.-sun. frá 14.00-17.00. Sýningarnar standa til 15. september.

15.00 Listasafn ASÍ opnar sýningu á verkum eftir listakonuna **Sólveigu Aðalsteinsdóttur.** Sýningin mun standa til 21. september. Safnið er opið alla daga nema mánudaga frá 13.00-15.00. Listasafn ASÍ, Freyjugötu 41.

16.00 Dulmögn djúpsins Anna Gunnarsdóttir, bæjarlistakona Akureyrar sýnir í Ketilhúsinu verk þar sem hún túlkar heim djúpsins með þrívíddarverkum. Sýningin er liður í Akureyrarvöku sem stendur yfir um helgina.

17.00 Kristjana Samper og **Baltasar Samper** opna samsýningu í Dalí Gallery, Brekkugötu 9 á Akureyri. Sýningin stendur til 14. september.

Sigrúnu Ólafsdóttur opnar í dag yfirlitssýning á teikningum og skúlptúrum. Sýningin stendur til 29. sept. Hafnarborg, Strandgata 34, Hafnarfirði. Opið alla daga nema þriðjudaga frá 11.00-17:00. Fimmtudaga til kl. 21.00.

Fyrirlestrar

Building designing thinking Ráðstefna um rannsóknir á nútíma byggingarlist fer fram í dag og á morgun í Norræna húsinu. Ráðstefnan fer fram á ensku, aðgangur er ókeypis og allir velkomnir.

Uppákomur

16.00 Skaftfell, Miðstöð myndlistar á Austurlandi, Seyðisfirði. Listamaðurinn **Darri Lorenzen** frumsýnir kvikmyndina **Passing by** á Vesturveggnum. **Sigtryggur Berg Sigmarsson** flytur **Shivering man** og **Ásdís Sif Gunnarsdóttir** bætir við verk í sýninguna **Handan hugans.**

Markaðir

11.00 Íbúar í Laugardalshverfunum standa fyrir **útimarkaði** á opnu garðsvæði við Laugarneskirkju. Markaðurinn stendur til kl. 15.00. Allir velkomnir.

Myndlist

Gyða Ölvisdóttir er með myndlistasýningu á veitingarhúsinu Af líf og Sál, Laugarvegi 55b. Sýningin stendur til 30. september og er opin alla daga frá kl. 11.00 - 23.00.

12.00 Ísbjörn, farðu heim Guðmundur Thoroddsen opnar sýningu í VeggVerk, Strandgötu 17, Akureyri.

Viðburður

17.00 Sinfóníuhljómsveit Norðurlands og **Leikfélag Akureyrar** flytja verkið **Saga Dátans** eftir Igor Stravinsky á Marína, Strandgötu 33. Þessi viðburður er liður í Akureyrarvöku sem stendur yfir um helgina.

15.00 Sjónlistarverðlaunin 2008 Í Listasafni Akureyrar verður opnun á verkum listamannanna sem tilnefndir eru í ár. Þessi viðburður er liður í Akureyrarvöku sem stendur yfir um helgina.

Upplýsingar um viðburði sendist á hvar@frettabladid.is

Tveir ráðnir í nýja mynd Coen-bræðra

Coen-bræður hafa ráðið tvo lítt þekkta leikara til að fara með aðalhlutverkin í sinni næstu mynd, A Serious Man. Annar þeirra heitir Michael Stuhlbarg og á að baki litla reynslu á hvíta tjaldinu. Hinn leikarinn, Richard Kind, er þekktastur fyrir aukahlutverk í sjónvarpsþáttunum Spin City. Myndin gerist árið 1967 og er svört kómedía. Tökur hefjast í Minneapolis í næsta mánuði.

Nýjasta mynd Coen-bræðra, Burn After Reading, skartar George Clooney, Brad Pitt og John Malkovich í aðalhlutverkum. Hún verður frumsýnd í Bandaríkjunum í næsta mánuði en hér heima í október.

COEN-BRÆÐUR Joel og Ethan Coen eru að undirbúa sína næstu mynd sem nefnist A Serious Man.

ENDURNÝJUN OG VIÐHALD
Löggiltur rafverktaki
Sími:
553 5600
rafsol@rafsol.is
RAFSÓL
Skúlagata 30 • 101 Reykjavík
Sími 553 5600 • rafsol@rafsol.is

>Fimmtugasti landsleikur Signýjar

Körfuknattleikskonan Signý Hermannsdóttir mun í dag spila sinn fimmtugasta A-landsleik fyrir Íslands í leik í Hollandi þar sem kvennalandsliðið spilar annan leik sinn í Evrópukeppninni. Signý mun líka bæta met Önnu Maríu Sveinsdóttur yfir flesta leiki sem fyrirliði A-landsliðs kvenna. Signý verður sjöunda landsliðskonan sem nær því að leika 50 A-landsleiki fyrir Íslands hönd en það eru liðin átta ár síðan Anna María Sveinsdóttir braut fyrst 50 landsleikjamúrinn í Lúxemborg 30. apríl 2000.

sport
sport@frettabladid.is

ÁGÚST BJÖRGVINSSON, ÞJÁLFARI KVENNALANDSLIÐSINS Í KÖRFUBOLTA: MÆTA HOLLANDI Í EVRÓPUKEPPNINNI Í DAG

Við þurfum toppleik til þess að vinna Holland

Íslenska kvennalandsliðið í körfubolta er komið til Hollands þar sem liðið mætir heimastúlkum í dag í öðrum leik liðsins í Evrópukeppninni. Ísland vann 15 stiga sigur á Sviss í fyrsta leiknum á miðvikudaginn en Ágúst Björgvinsson, þjálfari liðsins, segir að liðið þurfi að spila betur til þess að vinna Holland.

„Við erum klárlega minna liðið, bæði á pappírunum og líka í bókstaflegri merkingu því þær eru mjög hávaxnar," segir Ágúst og bætir við. „Við eigum enn eftir að ná þessum toppleik því mér finnst leikurinn okkar vera að batna," segir Ágúst. Holland vann tveggja stiga sigur í Slóveníu í fyrsta leik sínum og bæði lið eru því með fullt hús.

„Ég veit að hollensku stelpurnar eru mjög ánægðar með sinn sigur í Slóveníu. Við vorum ánægðar með að vinna Sviss en við teljum að við getum spilað miklu betur og það er það sem við stefnum á að gera á morgun," segir Ágúst en hvað þarf að ganga upp í leiknum til þess að íslenska liðið landi sigri.

„Það er mjög mikilvægt að vörnin haldi og að við séum að taka fráköst. Við erum að fara að spila á móti liði sem er töluvert hærri en við og ef við tökum fráköst og komum þeim í aðstæður þar sem þær skora ekki auðveldar körfur þá eigum við alltaf möguleika. Við erum með sterka sóknarleikmenn með Helenu fremsta í flokki. Hún matar liðsfélaga sína og ef að við erum að nýta okkar skot þá eigum við möguleika í öll þessi lið sem við erum að fara að spila á móti í þessari keppni," segir Ágúst sem var ánægður með að langskotin gegn Sviss.

„Við höfum ekki verið að nýta þau en mér finnst það vera koma betur hjá okkur, bæði á æfingum en líka í leiknum á móti Sviss. Þar vorum að skora mun fleiri þriggja stiga körfur en við vorum að gera til dæmis á Norðurlandamótinu," segir Ágúst. Landsliðsþjálfarinn stefnir á sigur en gerir sér vel grein fyrir því að þetta verður mjög erfiður leikur.

„Við ætlum samt ekki að koma með neina minnimáttakennd í leikinn, ætlum að stefna á sigur eins og í öllum leikjum en við vitum það að við þurfum toppleik til þess að vinna Holland."

SPENNANDI VERKEFNI Sverrir Sverrisson hlakkar til þess að takast á við þjálfarastarfið hjá Fylki og hér sést hann stýra sinni fyrstu æfingu hjá Árbæjarliðinu í gærkvöldi. Sverrir segir að aðalmarkmið hans með liðið verði að tryggja því áframhaldandi sæti í Landsbankadeildinni. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Forráðamenn Fylkis gengu frá ráðningu á nýju þjálfarateymi í gærdag:

Sverrir ráðinn þjálfari Fylkis

FÓTBOLTI Sverrir Sverrisson var í gær ráðinn þjálfari Fylkis í Landsbankadeild karla og mun hann stýra Árbæjarliðinu út yfirstandandi keppnistímabil. Fyrsta verkefni Sverris með Fylkisliðið verður undanúrslitaleikurinn í VISA-bikarnum gegn Fjölni á Laugardalsvelli á morgun.

„Þetta er bara spennandi verkefni og það verður gaman að takast á við þetta," segir Sverrir.

Þetta er í annað skiptið sem Sverrir tekur við Fylki undir þessum kringumstæðum. Núna tekur hann við af Leifi Garðarssyni sem var sagt upp störfum í fyrrakvöld en í september árið 2005 tók hann við Fylkisliðinu af Þorláki Árnasyni við sömu aðstæður.

Sverrir stýrði Fylkisliðinu þá í tveimur leikjum og þeir unnust báðir, þannig að hann hefur 100 prósent árangur að verja.

„Við náum vonandi að fylgja þeim árangri eftir," segir Sverrir og hlær við.

Sverrir er gamall Fylkismaður og lék þrjú tímabil í Árbænum frá árinu 2000 til ársins 2003.

„Ég er Fylkismaður út í gegn og á reyndar heima nálægt Fylkisvellinum þannig að það er ekki langt að sækja æfingarnar. Ég er búinn að sjá alla heimaleikina hjá liðinu í sumar og hef því fylgst vel með liðinu," segir Sverrir.

Annar gamall Fylkismaður, Finnur Kolbeinsson, verður Sverri til aðstoðar með liðið og Sverrir segir að markmið þeirra fyrir lokaátökin séu ekki flókin.

„Staða liðsins í deildinni er ekkert sérstök og það liggur ljóst fyrir að takmark okkar númer eitt, tvö og þrjú er að halda liðinu í deildinni. Það er ekkert flóknara en það," segir Sverrir.

Sverrir gerir samning við Fylki út yfirstandandi keppnistímabil og er ekkert farinn að hugsa lengra en það.

„Það eina sem ég hugsa um er að bjarga liðinu frá falli og síðan sjáum við hvað setur. Það er ótímabært að vera að horfa eitthvað lengra fram í tímann," segir Sverrir.

Sverrir stýrði sinni fyrstu æfingu með Fylkisliðið í gærkvöldi, en fyrsti leikur Fylkis undir hans stjórn í Landsbankadeildinni verður 13. september á móti Grindavík á útivelli.

Fylkir er sem stendur í tíunda sæti Landsbankadeildarinnar, fjórum stigum fyrir ofan HK sem er í fallsæti. Fylkir á fjóra leiki eftir í deildinni en HK á fimm. -óþ

NOTICE TO SHAREHOLDERS

Dear Shareholder,

Luxembourg, 30 August, 2008

The board of directors (the "Board") of KAUPTHING MANAGER SELECTION (the "Fund") has decided to amend the existing Prospectus of the Fund in order to reflect the following changes, to be effective from 1 October 2008:

1. Change of the deadline for subscriptions, redemptions and or conversion of shares to 12:00 p.m. (midday) (Luxembourg time) on the Business Day preceding the valuation date.

2. Closure and liquidation of the KAUPTHING MANAGER SELECTION-North America and KAUPTHING MANAGER SELECTION-Asia Pacific compartments.

   The assets of the KAUPTHING MANAGER SELECTION-North America and KAUPTHING MANAGER SELECTION-Asia Pacific compartments having fallen below USD 2.7 million, the Board has decided to close such compartments and subsequently to refuse any further request for subscription and/or conversion of shares in such compartments.

3. Merger of the KAUPTHING MANAGER SELECTION-Global Styles compartment into the KAUPTHING MANAGER SELECTION-Global Equity compartment by a contribution in kind.
   In exchange for their shares, shareholders of class A shares within the Global Styles compartment ("Absorbed Compartment") will receive a number of shares of the same class in the Absorbing Compartment equal to the number of shares held in the Absorbed Compartment multiplied by the exchange ratio. Holders of registered shares of the Absorbed Compartment will be removed from the list of shareholders of such Compartment and registered for the number of shares of the Absorbing Compartment on the list of shareholders of the Absorbing Compartment. The Board has consequently decided not to accept new subscriptions in and conversions into the Absorbed Compartment as from the date of this notice. Redemptions of class A shares and class I shares within the Absorbed Compartment will be accepted free of charge until 12:00 p.m. (midday) (Luxembourg Time) on 30 September 2008.
   The main differences between the Absorbed Compartment and the Absorbing Compartment can be summarized as follows:

	Absorbed Compartment	Absorbing Compartment
Investment objectives and policy	The compartment's objective is to offer shareholders a diversified investment by investing up to 100% of its net assets in UCITS and/or other UCIs as noted above, which foresee to invest substantially in equity markets globally with the aim to outperform its benchmark, the Morgan Stanley Capital International, World Total Return Net (MSCI World Total Return Net). The compartment adheres to the general investment principles and limits as outlined in chapter 3 (Investment principles) of the prospectus.	The compartment's objective is to secure long term capital growth by investing in a world-wide portfolio of shares of international equity funds, geographical funds and enhanced index funds as well as in equities principally drawn from the world's major stock markets. The benchmark will be the MSCI World Equity Index. The Board of Directors of the SICAV may deviate from such reference benchmark with the objective of an efficient portfolio management.
Reference currency	United States Dollars (USD), NAV available in Euro (EUR).	Euro (EUR)
Classes of shares available	A (C) and I (C)	A (C)-EUR, A (C)-ISK, A (D)-EUR and A (D)-ISK
Listing	The Luxembourg stock exchange The Icelandic stock exchange	The Luxembourg stock exchange
Investment Manager	Kaupthing Bank hf, Finnish Branch	Kaupthing Bank Asset Management Company hf

The above changes may be found in more details on the website www.kaupthing.com/fundcenter and at the registered office of the SICAV and shall be reflected in an updated version of the prospectus, dated October 2008, available at the registered office of the Fund.

Shareholders who do not agree with the changes at item 2 and 3 above may have all or part of their Shares redeemed, without any charges, during a period beginning on the date of this publication up to 30 September 2008, at the relevant net asset value per share.

The Board

KAUPPING

KAUPTHING MANAGER SELECTION
Société d'Investissement à Capital Variable
Registered office: 35a, avenue J.F. Kennedy L-1855 Luxembourg, www kaupthing.lu RC Luxembourg B 72.942

HISSA Leifur Garðarsson átti alls ekki von á því að verða vikið úr starfi þjálfara hjá Fylki. Leifur var þriðji þjálfarinn til þess að verða rekinn í Landsbankadeildinni í sumar á eftir Gunnari Guðmundssyni og Guðjóni Þórðarsyni. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Leifur Garðarsson bjóst ekki við að verða rekinn:

Kom mér á óvart

FÓTBOLTI Þjálfaranum Leifi Garðarssyni var sem kunnugt er vikið úr starfi hjá Fylkismönnum í fyrrakvöld en aðstoðarþjálfarinn Jón Sveinsson var einnig látinn fara. Leifur tók við Árbæjarliðinu haustið 2005 og var því að stýra liðinu á sínu þriðja keppnistímabili. Leifur gat ekki neitað því að ákvörðun stjórnarinnar hefði komið honum talsvert á óvart þegar Fréttablaðið heyrði hljóðið í honum í gær.

„Þetta kom mér bara mjög á óvart, verð ég að segja. Það er líklega fátt sem maður getur sagt í stöðunni," segir Leifur sem viðurkennir að staða liðsins á þessum tímapunkti sé ekki sérlega góð.

„Það er búið að vera að endurnýja liðið talsvert í sumar og það hefur bara ekki gengið nógu vel í deildinni. það er ekkert hægt að flýja það. Fylkir er hins vegar komið í undanúrslit VISA-bikarsins og þar er kjörið tækifæri til þess að snúa hlutunum við en forráðamenn félagsins ákváðu greinilega að það væri best að gera það með einhverjum öðrum þjálfara en mér," segir Leifur.

„Annars er aðal höfuðverkurinn hjá okkur í sumar búinn að vera sú staðreynd að okkur hefur gengið illa að skora mörk. Liðið var oft á tíðum að spila vel saman úti á vellinum en náði ekki að klára sóknirnar með marki. Það skipti líka sköpum hjá okkur að vegna meiðsla og leikbanna neyddumst við til þess að gera eina til tvær breytingar á varnarlínunni leik eftir leik. Það er náttúrulega ekki hægt að búa til alvöru fótboltalið undir þannig kringumstæðum," segir Leifur.

Leifur ætlar að taka sér sinn tíma í að ákveða hvað nú taki við.

„Ég ætla bara að byrja á því að horfa á Everton slátra Portsmouth í enska boltanum. Við sjáum hvað kemur upp á borðið í þjálfun næsta haust," segir Leifur. - óþ

MEIÐSLAGEMLINGUR Louis Saha hefur verið mikið meiddur síðan hann kom til United. NORDIC PHOTOS/GETTY

United að selja framherja:

Louis Saha á leið til Everton

FÓTBOLTI Framherjinn Louis Saha er nálægt því að ganga frá félagaskiptum sínum frá Manchester United til Everton. Félögin eru búin að semja um kaupverð, sem er óuppgefið, en hinn 30 ára gamli Saha á eftir að ganga í gegnum læknisskoðun.

Þeir sem þekkja til ferils Saha hjá United vita sem er að þá gæti enn brugðið til beggja vona því Frakkinn er búinn að vera mikið meiddur síðan hann gekk til liðs við Englandsmeistarana á sínum tíma.

Enginn efast hins vegar um hæfileika Saha þegar hann er heill heilsu en hann skoraði 42 mörk á ferli sínum með United. Fyrirhuguð sala Saha gæti þýtt það að eitthvað væri að birta til í leit Sir Alex Ferguson að framherja en Dimitar Berbatov hjá Tottenham hefur ítrekað verið orðaður við félagið í sumar. - óþ

Zenit vann Ofurbikarinn

UEFA-bikarmeistarar Zenit frá Pétursborg gerðu sér lítið fyrir og sigruðu Meistaradeildarmeistara Manchester United í úrslitaleiknum um Ofurbikarinn í gær.

FÓTBOLTI Zenit frá Pétursborg vann Manchester United í leiknum um Ofurbikarinn sem fram fór í Mónakó í gærkvöld. Zenit varð þar með fyrsta rússneska liðið sem vinnur Ofurbikarinn.

Sir Alex Ferguson stillti upp sterku byrjunarliði hjá Manchester United og greinilegt var að Skotinn sigursæli var ekki mættur með hálfum hug í leikinn enda sýndu Zenit menn úr hverju þeir eru gerðir á síðustu leiktíð þegar liðið vann UEFA-bikarinn nokkuð óvænt.

Jafnræði var með liðunum framan af leik en Meistaradeildarmeistarar Manchester United voru meira með boltann. UEFA-bikarmeistarar Zenit frá í Pétursborg voru þó vel skipulagðir varnarlega og beittu hættulegum skyndisóknum.

Fyrsta mark leiksins kom undir lok fyrri hálfleiks þegar Pavel Pogrebnyak ýtti boltanum yfir marklínuna eftir vel útfærða hornspyrnu Zenit-manna og staðan í hálfleik var 0-1.

Andrej Arshavin, helsta stjarna Zenit-liðsins, kom inn á strax í upphafi síðari hálfleiks og lét strax að sér kveða. Zenit-menn náðu svo að bæta við marki á 59. mínútu. Hinn portúgalski Miguel Danny fékk þá boltann nálægt miðju vallarins, hljóp með hann óáreittur upp völlinn og lék léttilega á Rio Ferdinand áður en hann skoraði framhjá Edwin van der Sar. Sannkallað gull af marki.

Zenit-menn féllu talsvert til baka í kjölfar seinna marksins og leikmenn United gengu vitanlega á lagið. Englendingarnir voru ekki lengi að nýta sér heimboðið og varnarmaðurinn Nemanja Vidic minnkaði muninn með skoti af stuttu færi þegar rúmur stundarfjórðungur lifði leiks.

United reyndi hvað það gat til þess að jafna leikinn á lokakaflanum og stundum reyndar of mikið; í blálokin sló Paul Scholes boltann með hendinni í markið með mjög áberandi hætti. Hann hlaut fyrir vikið sitt annað gula spjald og þar með rautt. Zenit-menn sigldu sigrinum svo í höfn og unnu Ofurbikarinn að lokum með 1-2 sigri og eru því meistarar meistaranna.

omar@frettabladid.is

FÖGNUÐUR Leikmenn Zenit frá Pétursborg höfðu fulla ástæðu til þess að fagna í gær eftir frækinn sigur gegn Meistaradeildarmeisturum Manchester United. Hér fagna markaskorararnir Pogrebnyak og Danny marki þess fyrrnefnda. NORDIC PHOTOS/GETTY

Fyrsta umferð UEFA-bikarsins:

Áttatíu félög í pottinum í gær

FÓTBOLTI Nokkur stór félög voru í pottinum þegar dregið var í fyrstu umferð UEFA-bikarsins í gær.

Sevilla var á meðal þeirra áttatíu félaga sem voru í pottinum í gær en spænska félagið reynir nú að vinna sinn þriðja UEFA-bikar á síðustu fjórum árum. En Sevilla mætir FC Salzburg frá Austurríki í fyrstu umferðinni.

Ítalska stórliðið AC Milan verður að teljast líklegt til þess að ná langt í keppninni en Ronaldinho og félagar mæta FC Zurich frá Sviss í fyrstu umferð.

Ensku félögin Aston Villa, sem sló sem kunnugt er FH úr keppni, Manchester City, Everton og Tottenham voru einnig í pottinum. - óþ

UEFA-BIKARINN Bíður sigurvegaranna í Istanbul. NORDIC PHOTOS/GETTY

1. UMFERÐ UEFA-BIKARSINS

- Helstu leikir 18. sept. og 2. okt.

AC Milan-FC Zürich
Portsmouth-Vitória
Hertha Berlin-Saint Patrick' Athletic
Sevilla-FC Salzburg
Sampdoria-FBK Kaunas
CS Marítimo-Valencia
Manchester City-AC Omonia
Everton-Standard Liege
Napoli-Benfica
Apoel FC-Schalke
Litex Lovech-Aston Villa
Vitória FC-Heerenveen
Brann-Deportivo La Coruna
Bröndby-Rosenborg
Tottenham-Wisla Kraków
Borussia Dortmund-Udinese

Íslandsmótið í holukeppni:

Frestað vegna veðurs

GOLF Íslandsmótið í holukeppni sem hefjast átti í gærmorgun á Korpúlfsstaðavelli var frestað vegna veðurs um sólarhring. Fyrirhugaðir rástímar í gær færast því yfir á daginn í dag og úrslitin í karla- og kvennaflokki, sem áttu að fara fram á sunnudag, verða nú á mánudag.

Meðal þátttakenda í mótinu að þessu sinni eru Íslandsmeistararnir frá því í fyrra, Ottó Sigurðsson úr GR og Þórdís Geirsdóttir úr GK. - óþ

UNDIRBÚNINGUR Kvennalið Vals og Fram eru bæði á meðal þátttakenda í Reykjavík Open. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Reykjavík Open í handbolta:

Styttist í handboltavertíðina

HANDBOLTI Það styttist í að handboltavertíðin byrji og þessa dagana stendur yfir æfingamótið Reykjavík Open.

Á mótinu eru saman komin flest af sterkustu liðum landsins í karla- og kvennaflokki en úrslitaleikirnir fara fram í íþróttahúsinu Austurbergi í dag.

Úrslitaleikurinn í kvennaflokki hefst kl. 15 og úrslitaleikurinn í karlaflokki hefst kl. 18.

N1-deild karla hefst 18. september en N1-deild kvenna 25. september. - óþ

dagsk

> **Viggo Mortensen**

„Að taka myndir, mála eða yrkja ljóð er hluti af mér. Í því er skynjun mín og tjáning“. Mortensen leikur í myndinni A History of Violence sem sýnd er á Stöð 2 í kvöld.

Á Ljósmyndasafni Reykjavíkur stendur yfir sýning á verkum hans til 7. september.

VIÐ TÆKIÐ: SARA MCMAHON HUGLEIÐIR FYRIR FRAMAN SKJÁINN

Leiðinlegt sjónvarpsefni er gott fyrir sálina

Síðustu daga hef ég verið dugleg að hlunka mér fyrir framan sjónvarpsskjáinn um leið og ég kem heim eftir vinnu. Þessi ávani kom í kjölfar rigningarsuddans sem hér hefur ríkt síðustu vikur og hausinn á mér er orðinn álíka grár og dimmur og þungskýjaður himninninn fyrir utan. Þegar svo er ástatt langar mig að gera lítið annað en ekki neitt.

Það sjónvarpsefni sem ég hitti á er oftast ekki upp á marga fiska, yfirleitt ameríkskir spjallþættir eða eitthvert barnaefni, en sjónvarpsefnið skiptir mig ekki öllu máli, það sem ég er á höttunum eftir er að geta kveikt á sjónvarpinu og slökkt á heilanum. Hálftíminn sem ég eyði fyrir framan skjáinn endurnærir mig og gefur mér aukna orku. Þetta er ekki svo ólíkt því að hugleiða. Fyrir framan skjáinn hleð ég batteríin og skyndilega hef ég orku til þess að elda kvöldmat, setja í eina þvottavél og jafnvel þurrka af.

Þetta er þó ekki í eina skiptið sem ég hef upplifað þessa tilfinningu. Þrátt fyrir að heimildarmyndir- og þættir séu mitt uppáhaldssjónvarpsefni þá eru þeir ófáir sunnudagarnir þar sem ég hef kosið einhverja Hollywood-klisjuna fram yfir góða heimildarmynd. Ástæðan er einföld; ég hef þörf fyrir að hugsa ekki. Mig vantar söguþráð sem auðvelt er að fylgja, fimmaurabrandara og einfalda persónusköpun til þess að ég geti enn og aftur slökkt á heilanum um leið og ég kveiki á sjónvarpsskjánum.

Þá daga sem ég er upp á tíu og langar að horfa á eitthvað uppbyggjandi eða fræðandi þá hef ég lítinn áhuga á að horfa á sjónvarpsefni sem þetta en aðra daga þá er þetta besta sjónvarpsefni sem völ er á. Lélegt sjónvarpsefni er því ekki endilega alltaf lélegt, stundum er það gott! Þá er ég ekki að meina að efnið sjálft hafi skyndilega farið úr slæmu efni í gott, heldur er það gott fyrir hugann og sálina. Stundum þarf maður einfaldlega bara að gera ekki neitt til þess að geta gert eitthvað.

EKKI MISSA AF

13.45 Bolton - WBA
STÖÐ 2 SPORT 5

19.45 America's Funniest Home Videos
SKJÁREINN

20.05 Little Manhattan
STÖÐ 2

20.55 Smallville
STÖÐ 2 EXTRA

21.25 Tilvonandi tengdapabbi
SJÓNVARPIÐ

SJÓNVARPIÐ

08.00 Morgunstundin okkar Gurra grís, Kóalabræðurnir, Herramenn, Snillingarnir, Skordýrin í Sólarlaut, Pip og Panik, Skúli skelfir, Hrúturinn Hreinn, Leyniþátturinn og Tobbi tvisvar.
10.30 Kastljós (e)
11.00 Út og suður (e)
11.30 Hlé
15.00 Gullmót í frjálsum íþróttum
17.25 Meistaramót barna og unglinga í frjálsum íþróttum
17.55 Táknmálsfréttir
18.05 Tímaflakk (Doctor Who II) (9:13)
18.54 Lottó
19.00 Fréttir
19.35 Veður
19.40 Vinir í raun (In Case of Emergency) (11:13) Bandarísk þáttaröð um fjögur skólasystkini sem hittast aftur löngu seinna og styðja hvert annað í lífsins ólgusjó.
20.05 Systkinin í Egyptalandi (Min søsters børn i Ægypten) Dönsk fjölskyldumynd frá 2004 um systkini sem fara í frí til Egyptalands. Frú Flinth, erkióvinur þeirra, á að hafa umsjón með þeim og það mislíkar þeim auðvitað mjög.
21.25 Tilvonandi tengdapabbi (Meet the Parents) Bandarísk gamanmynd frá 2000. Ungur maður þarf að biðja pabba kærustunnar sinnar um hönd hennar áður en hún getur tekið bónorði hans.
23.10 Lífi Blackpool (Viva Blackpool)(e)
00.40 Útvarpsfréttir í dagskrárlok

BÍÓ

08.00 Father of the Bride II
10.00 Thunderstruck
12.00 Lemony Snicket's A Series of Unfortunate events
14.00 Fantastic Four
16.00 Father of the Bride II
18.00 Thunderstruck
20.00 Lemony Snicket's A Series of Unfortunate events
22.00 Kiss Kiss Bang Bang Spennumynd með Robert Downey Jr. og Val Kilmer í aðalhlutverkum.
00.00 Man of the House
02.00 Hard Candy
04.00 Kiss Kiss Bang Bang
06.00 Wall Street

STÖÐ 2

07.00 Barnatími Stöðvar 2 Barney og vinir, Gordon Garðálfur, Funky Valley, Refurinn Pablo og Kalli og Lóa.
08.00 Algjör Sveppi Sveppi vaknar allar helgar klukkan átta og sýnir börnunum skemmtilegar teiknimyndir með íslensku tali.
09.45 Kalli kanína og félagar
09.55 Stóra teiknimyndastundin
10.20 Fat Albert Bráðfyndin fjölskyldumynd sem byggir á samnefndum teiknimyndaþáttum eftir Bill Cosby. Myndin fjallar um Albert, lítinn þéttvaxinn og rækilega uppátækjasaman dreng sem er sífellt að koma sér í klandur.
12.00 Hádegisfréttir
12.30 Bold and the Beautiful
12.50 Bold and the Beautiful
13.10 Bold and the Beautiful
13.30 Bold and the Beautiful
13.50 Bold and the Beautiful
14.15 So You Think You Can Dance
15.40 So You Think You Can Dance
16.40 The Moment of Truth (9:25)
17.30 Sjáðu
18.00 Ríkið (2:10)
18.30 Fréttir Stöðvar 2
18.49 Íþróttir
18.55 Lottó
19.01 Veður
19.10 The Simpsons (3:20)
19.35 Latibær (3:18)
20.05 Little Manhattan Hugljúf mynd um Gabe sem er tíu ára. Foreldrar hans standa í skilnaði og honum finnst lífið ansi flókið. Ekki batnar það þegar hann kynnist Rosemary í karatetíma verða þau yfir sig hrifin af hvort öðru og hann upplifir sitt fyrsta skot.
21.30 A History of Violence Hinn rólegi og yfirvegaði Tom Stall verður valdur hræðilegum glæp og fær þann vafasama titil að teljast hetja fyrir vikið. Þetta mun hafa mikil áhrif á líf hans og fjölskyldu.
23.05 While You Were Sleeping Lucy bjargar lífi draumaprinsins fyrir algjöra tilviljun. Í kjölfarið fellur kappinn í dá en fjölskylda hans stendur í þeirri meiningu að Lucy sé unnusta hans. Og hún er svo sem ekkert að neita því.
00.45 Eulogy
02.15 When A Man Loves A Woman
04.15 Everyday People
05.45 Fréttir

SPORT *besta sætið*

09.20 Liverpool - Standard Liege
11.00 UEFA Super Cup 2008 Man. Utd - Zenit.
13.00 Einvígið á Nesinu
13.55 Countdown to Ryder Cup
14.25 PGA Tour 2008 - Hápunktar Farið er yfir það helsta sem er að gerast á PGA mótaröðinni í golfi.
15.20 Inside the PGA Skyggnst á bakvið tjöldin í PGA mótaröðinni og tímabilið framundan skoðað.
15.45 Spænski boltinn Real Madrid - Barcelona.
17.25 King of Clubs Vandaður þáttur sem fjallar um stórliðin í heiminum í dag.
17.55 Þýski handboltinn Útsending frá leik Kiel og Hamburg í þýska handboltanum.
19.25 Spænski boltinn Hitað upp fyrir spænska boltann og liðin skoðuð sem leika í deildinni.
19.50 Spænski boltinn Bein útsending frá leik Valencia og Mallorca í spænska boltanum.
21.50 Evrópukeppni félagsliða Aston Villa - FH.
23.30 Box Miguel Cotto - Antonio M.

SPORT 2 *enski boltinn*

09.40 Premier League World 2008/09
10.10 PL Classic Matches Liverpool - Man. United, 93/94.
10.40 PL Classic Matches Chelsea - Liverpool, 01/02.
11.10 English Premier League 2008/09
11.40 Enska 1. deildin Bein útsending frá leik Southampton og Blackpool í ensku úrvalsdeildinni.
13.45 Enska úrvalsdeildin Bein útsending frá leik Everton og Portsmouth í ensku úrvalsdeildinni. Sport 3. West Ham - Blackburn Sport 4. Bolton - WBA Sport 5. Sunderland - Man. City Sport 6. Middlesbrough - Stoke
16.15 Enska úrvalsdeildin Bein útsending frá leik Arsenal og Newcastle í ensku úrvalsdeildinni.
18.30 4 4 2
19.50 4 4 2
21.10 4 4 2
22.30 4 4 2
23.50 4 4 2

SKJÁREINN

10.25 Vörutorg
11.25 Rachael Ray (e)
15.10 Trailer Park Boys (e)
16.00 Kitchen Nightmares (e)
16.50 Frasier (e)
17.15 Style Her Famous (e)
17.40 Robin Hood (e)
18.30 Life is Wild (e)
19.20 Family Guy (e)
19.45 America´s Funniest Home Videos Fjölskylduþáttur þar sem sýnd eru fyndin myndbrot sem venjulegar fjölskyldur hafa fest á filmu. Vinsælust eru alls kyns óhöpp, mistök og bráðfyndnar uppákomur með börnum, fullorðnum og húsdýrum.
20.10 What I Like About You (8:22) Gamansería um tvær ólíkar systur sem búa saman í New York. Vince reddar Holly miðum á tónleika sem Henry dauðlangar að fara á. Val fer í partí með eftirsóttustu piparsveinunum í New York þar sem Peter er ofarlega á blaði.
20.35 The King of Queens Tvöfaldur lokaþáttur. Hjónabandsvandræði Doug og Carrie halda áfram og þau hugleiða hvort framtíð þeirra liggi saman. Það koma líka upp vandræði á brúðkaupsdaginn hjá Arthur og Ava. (e)
21.00 The King of Queens (e)
21.25 Eureka (e)
22.15 C.S.I. New York (e)
23.05 Law & Order. SVU (e)
23.55 Criss Angel Mindfreak (e)
00.20 The Eleventh Hour (e)
01.10 Da Vinci's Inquest (e)
02.00 Da Vinci's Inquest (e)
02.50 Trailer Park Boys (e)
03.40 Jay Leno (e)
04.30 Jay Leno (e)
05.20 Vörutorg
06.20 Óstöðvandi tónlist

N4 SJÓNVARP NORÐURLANDS

12.15 Endursýnt valið efni frá liðinni viku. Endursýnt á klukkustunda fresti.
N4 Sjónvarp Norðurlands
Digital Ísland rás 15

OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.

2.000 KR
Tvöþúsund króna
inneign á skólatöskur

SAMÞYKKT
Betri fyrir bakið

Þessi miði gildir sem tvöþúsund króna inneign á skólatöskur hjá Office1.

Office1 Superstore
Skeifan 550-4110, Smáralind 550-4140, Hafnarfjörður 550-4120, Selfoss 550-4190, Vestmannaeyjar 550-4180, Egilsstaðir 550-4160, Akureyri 550-4150, Ísafjörður 550-4170

Í KVÖLD

STÖÐ 2 KL. 19.35
Latibær

Önnur þáttaröðin um Íþróttaálfinn, Sollu stirðu, Nenna níska, Glanna glæp og fleiri skemmtilega vini þeirra í Latabæ. Glanni glæpur heldur áfram að hrella íbúa Latabæjar. Hann reynir að spilla krökkunum sem hafa loksins áttað sig á því að Íþróttaálfurinn hafði á réttu að standa þegar hann sagði þeim að þeir þyrftu að hreyfa sig og borða hollan mat. Sjónvarpsþættirnir hafa verið sýndir í yfir eitt hundrað löndum og njóta sívaxandi vinsælda.

▶ VIÐ MÆLUM MEÐ
Bjorkestra, bein útsending
Rás 1 kl. 16.10

Bein útsending frá tónleikum í Háskólabíói þar sem Travis Sullivan stjórnar Stórsveit Reykjavíkur í gegnum útsetningar sínar á tónlist Bjarkar. Þessir tónleikarnir eru hluti af Jazzhátíð Reykjavíkur sem lýkur í kvöld.

RÁS 1 FM 92,4/93,5

06.30 Árla dags
06.40 Veðurfregnir
06.50 Bæn
08.00 Morgunfréttir
08.05 Út um víðan völl
09.03 Út um græna grundu
10.05 Veðurfregnir
10.15 Mánafjöll
11.00 Vikulokin
12.00 Hádegisútvarp
12.20 Hádegisfréttir
12.45 Veðurfregnir
13.00 Á sporbraut
14.00 Umhverfis jörðina
15.00 Tímakorn
15.40 Með laugardagskaffinu
16.00 Síðdegisfréttir
16.08 Veðurfregnir
16.10 Jazzhátíð Reykjavíkur 2008: Stórsveit Reykjavíkur - Bjorkestra
18.00 Kvöldfréttir
18.26 Betri stofan
19.00 Bravó, bravó!
20.00 Það vantaði alltaf brýni
21.00 Látún
21.45 Náttúrupistill
22.07 Veðurfregnir
22.12 Orð kvöldsins
22.15 Hinn frækni ungi maður svífandi í rólu
23.10 Villtir strengir og vangadans
00.07 Næturtónar

FM 90,9 Talstöðin FM 99,4 Útvarp Saga FM 98,9 Bylgjan FM 95,7 FM957 / Topp tónlistarstöðin FM 102,2 Útvarp Latibær / Fjölskyldu útvarp FM 102,9 Lindin / Kristilegt efni FM 96,7 Létt Bylgjan / Tónlist og afþreying FM 105,5 Útvarp Boðun / Kristilegt efni FM 88,5 XA-Radíó / 12 spora efni FM 97,7 X-ið / Enginn viðbjóður

2 EXTRA

16.00 Hollyoaks (1:260) Bresk unglingasápa sem segir frá lífi og ástum íbúa Hollyoaks í Chester.
16.25 Hollyoaks (2:260)
16.50 Hollyoaks (3:260)
17.15 Hollyoaks (4:260)
17.40 Hollyoaks (5:260)
18.20 So You Think You Can Dance
19.45 So You Think You Can Dance
20.30 Ríkið (2:10) Nýr íslenskur gamanþáttur þar sem vinnustaðagrín er allsráðandi. Þátturinn gerist á óræðnum tíma þar sem allt er kjánalegt s.s. húsgögn, vinnutæki, klæðaburður, hárgreiðsla en þó sérstaklega starfsfólkið.
▶**20.55 Smallville** (2:20) Sjöunda þáttaröðin um ofurmennið Superman á unglingsárum. Clark Kent heldur áfram að heldur áfram að berjast við ill öfl sem ógna honum og framtíð heimsins.
21.40 The Dresden Files (3:13) Harry Dresden er enginn venjulegur maður, hann er galdramaður og notar hæfileika sína við að upplýsa sakamál. Harry á sér dökka fortíð en hefur nú ákveðið að nýta sér reynsluna til góðs.
22.25 So You Think You Can Dance (14:23) Keppendur vinna með bestu og þekktustu danshöfundum Bandaríkjanna til að ná tökum á nýrri danstækni í hverri viku þar til að lokum stendur einn eftir sem sigurvegari.
23.50 So You Think You Can Dance
00.35 Smallville (2:20)
01.20 The Dresden Files (3:13)
02.05 Talk Show With Spike Feresten (11:22)
02.30 Tónlistarmyndbönd frá Skífan TV

BBC PRIME

10.00 The Weakest Link **11.00** Ballykissangel **12.00** Ballykissangel **13.00** No Going Back **14.00** No Going Back **15.00** No Going Back **16.00** No Going Back **17.00** Doctor Who **17.45** Doctor Who Confidential **18.00** Doctor Who **18.45** Doctor Who Confidential **19.00** May 33rd **20.30** Two Pints Of Lager & A Packet Of Crisps **21.00** Two Pints Of Lager & A Packet Of Crisps **21.30** Two Pints Of Lager & A Packet Of Crisps **22.00** Doctor Who **22.45** Doctor Who Confidential **23.00** Doctor Who **23.45** Doctor Who Confidential

DR 1

10.00 DR Update - nyheder og vejr **10.10** Troldspejlet **10.30** Boogie Lørdag **11.00** Hjerteflimmer. Pigerne mod drengene **11.35** Family Guy **12.00** Talent 2008 **12.55** Du kan selv, Jimmy Grimble! **14.40** De store bjørne **15.10** Før søndagen **15.20** Held og Lotto **15.30** Fanny Farveløs **16.00** De store bjørne **16.30** TV Avisen med vejret **16.55** SportNyt med SAS liga **17.05** De store katte **17.40** Robin Hood **18.25** Til døden jer skiller **20.00** Columbo **21.35** Speedway. Letlands Grand Prix

NRK 1

09.00 Eldrebølgen **09.30** Jessica Fletcher **11.00** Verdensserien i sandvolleyball, Kristiansand **13.10** Kjærlighet på bondelandet **14.00** Friidrett. Golden League fra Zürich **16.00** Gisle Wink på eventyr **16.25** Underbuksepiratene **16.30** Amigo **17.00** Lørdagsrevyen **17.45** Lotto-trekning **17.55** Etter at du dro **18.25** Komiprisen 2008 **19.45** Sjukehuset i Aidensfield **20.35** Fakta på lørdag. Utroskap i cyberspace **21.15** Kveldsnytt **21.30** Der det er hjerterom **23.25** Dansefot jukeboks med chat

SVT 1

10.35 Filmkrönikan special **11.35** Povel a la carte **13.05** Får jag lov - till den sista dansen? **14.20** Sixties **14.50** Doobidoo **15.50** Helgmålsringning **15.55** Sportnytt **16.00** Rapport **16.15** Lunas listiga plan **16.45** Pettson & Findus **17.00** Min vän Percys magiska gymnastikskor **17.30** Rapport **17.45** Sportnytt **18.00** Masjävlar **19.35** Amy Winehouse live **20.30** Patrioten **23.10** Rose och Maloney **00.20** Sändningar från SVT24

PERSÓNAN

Margrét Erla Maack

Aldur: 24 ára.
Starf: Skrifta hjá Evu Maríu, plötusnúður og magadansmær.
Fjölskylda: Laus, liðug og barnlaus. Á eina systur, Vigdísi Perlu Maack.
Foreldrar: Séra Pjetur Maack og Ragnheiður Ólafsdóttir.
Stjörnumerki: Naut.

Margrét Erla gerist poppprinsessa í Popplandi Rásar 2 innan skamms.

Idolstjarna opnar ástarsafn á Akureyri

Lokaatriði Akureyrarvöku fer fram í kvöld, en á meðal þess sem þar er á dagskrá er opnun ansi merkilegs safns. „Ástarsafnið byrjaði sem skapandi sumarstarf, sem ég leikstýri. Við ákváðum að safna ást og gá hvernig það myndi takast," útskýrir Jóhanna Vala Höskuldsdóttir, sem mætti titla safnstjóra, en landsmenn kannast eflaust við úr Idol-keppninni. „Við vildum prófa að safna einhverju sem fólk getur gefið og á nóg af, svona í öllu þessu krepputali," bætir hún við.

Hópurinn setti til dæmis upp borð í bænum þar sem fólki bauðst að „gefa ást". „Þar var stór blokk sem fólk gat skrifað í um hvað það elskar. Það gengu allir brosandi í burtu, sem er var ótrúlega gaman að sjá," útskýrir Jóhanna. „Út frá þessu fór Ástarsafnið að stækka, því allir vildu vera með – fólk vildi dansa ást og baka ást og ég veit ekki hvað og hvað," segir hún og hlær við.

Ástarsafnið er að finna í gömlum strætó sem mun fara fyrir Ástargöngu í kvöld, þar sem fjöldi fólks tekur þátt á óvæntan hátt. „Við erum búin að skreyta strætóinn með kossum. Við báðum ástfangin pör á Akureyri um að kyssast fyrir okkur á mynd og bjuggum svo til myndlistarsýningu utan á strætóinn," útskýrir Jóhanna Vala. Vagninn mun standa áfram á lokastað ástargöngunnar, við Menningarhúsið Hof, næstu daga, en Jóhanna Vala vonast til að verkefnið lifi enn lengur.

„Fyrir mér hlýtur þetta að vera byrjun á einhverju stærra, við erum ekki nærri búin að safna allri ástinni," segir hún brosandi. „Ég vona að þetta taki sig bara upp á öðrum stöðum líka. Það væri yndislegt í alla staði," segir hún.

Ástargangan hefst fyrir utan húsnæði Leikfélags Akureyrar klukkan 22.20 í kvöld.

- sun

ÁSTARSAFNIÐ OPNAÐ Jóhanna Vala Höskuldsdóttir fór fyrir hópi úr skapandi sumarstarfi sem hefur safnað ást á Akureyri í sumar. MYND/SINDRI SVAN ÓLAFSSON

FÆRIR ÚT KVÍARNAR Friðrik Weisshappel hefur keypt viðskiptafélaga sína út úr rekstri The Laundromat Café í Kaupmannahöfn. Hann rekur nú tvö kaffihús einn og stefnir að opnun þess þriðja. Þá eru uppi hugmyndir um að sams konar kaffihús verði opnað hér á landi innan tíðar.

FRIÐRIK WEISSHAPPEL: KAUPIR FÉLAGANA ÚT ÚR REKSTRINUM

Laundromat Café til Íslands

„Það er auðveldara að hafa einn skipstjóra en þrjá," segir Friðrik Weisshappel, athafnamaður í Kaupmannahöfn. Friðrik hefur keypt félaga sína, þá Ingva Steinar Ólafsson og Brynjólf Garðarsson, út úr rekstri kaffihúsanna The Laundromat Café sem þeir hafa rekið síðustu fjögur árin. Hann mun því reka kaffihúsin tvö, sem staðsett eru á Norðurbrú og Austurbrú, einn héðan í frá. Friðrik segir að viðskilnaður hans og viðskiptafélaganna hafi átt sér eðlilegar skýringar og þeir hafi skilið í góðu. „Þetta bara gerðist, einhverjir vildu halda áfram en aðrir ekki," segir hann.

Nóg hefur annars verið að gera hjá Friðriki síðustu daga því tvö ár eru nú liðin síðan kaffihús númer tvö var opnað. Afmælinu var fagnað með því að bjóða kaffibollann til kaups á tvær krónur danskar. „Við erum að nálgast 3.500 kaffibolla á fjórum dögum. Viðtökurnar hafa verið alveg geðveikar. Það er eiginlega búin að vera röð hjá okkur frá átta á morgnana og til ellefu á kvöldin," segir Friðrik.

Friðrik hefur nú tekið stefnuna á að opna þriðja Laundromat-kaffihúsið í Kaupmannahöfn innan tíðar. „Það hefur í raun alltaf verið stefnan. Ég er svona að hanna hann inni í höfðinu á mér en stefnan er að hann verði fjólublár og bleikur. Svo verða kannski smá útlitsbreytingar frá hinum stöðunum," segir Friðrik en áformað er að nýi staðurinn verði á Vesturbrú. „Ég er ekki búinn að finna húsnæðið en eigendur hússins sem við erum í á Austurbrú eru svo ánægðir með okkur að þeir segjast ætla að kaupa hús fyrir okkur á Vesturbrú. Það er mjög ánægjulegt að finna slíkan stuðning við það sem maður er að gera."

The Laundromat Café hefur verið vinsæll viðkomustaður hjá Íslendingum á ferð um Kaupmannahöfn. Nú er útlit fyrir að útibú frá kaffihúsinu gæti verið opnað hér á landi. „Það eru áhugasamir aðilar á Íslandi sem langar til að opna konseptið þar. Ég get ekki sagt meira um það í bili en ég veit að þeir eru að leita sér að húsnæði. Það yrði náttúrulega bara frábært ef af verður," segir Friðrik.

Að síðustu er rétt að upplýsa að Friðrik Weisshappel verður boðinn upp á umtöluðu uppboði til styrktar börnum í Jemen í dag. „Það verður boðinn upp hádegisverður með mér ásamt tveggja tíma persónulegri leiðsögn um Kaupmannahöfn. Það er alltaf gaman að geta látið gott af sér leiða."

hdm@frettabladid.is

FRÉTTIR AF FÓLKI

Ekkert lát virðist á aðsókn í MBA-nám við Háskólann í Reykjavík. Fjölmargir þjóðþekktir Íslendingar hafa síðustu ár kosið nám þetta til að styrkja stöðu sína á vinnumarkaðinum og nú í haust bættist enn í hóp þeirra. Meðal nýnema í MBA-náminu að þessu sinni eru **Eyjólfur Gjafar Sverrisson**, fyrrum atvinnumaður í knattspyrnu og landsliðsþjálfari, og **Pétur Hafliði Marteinsson**, leikmaður og starfsmaður hjá Knattspyrnufélagi Reykjavíkur.

Auk fótboltamannanna tveggja hefur **Hafliði Helgason**, ráðgjafi og fyrrum ritstjóri Markaðarins, sest að nýju á skólabekk. Það hefur **Fjalar Sigurðarson**, almannatengill og fyrrum sjónvarpsmaður, sömuleiðis gert. Af yngri kynslóðinni má svo nefna **Elínrósu Líndal** blaðamann og **Hrafnkel Pálmarsson**, gítarleikara hljómsveitarinnar Í svörtum fötum.

Einkaþjálfarinn **Ásmundur Símonarson** þykir einn af þeim færari í bransanum og sést það best á kúnnahóp hans í World Class. Þannig sér hann um að koma eins ólíkum hópi fólks í form og plötusnúðnum **Jóa B.**, alþingismanninum **Ágústi Ólafi Ágústssyni** og fjölmiðlakonunni **Sigríði Arnardóttur**.

- hdm



LÁRÉTT
2. margskonar, **6.** ógrynni, **8.** meiðsli, **9.** háð, **11.** íþróttafélag, **12.** glóra, **14.** rót, **16.** sjúkdómur, **17.** matjurt, **18.** ennþá, **20.** kusk, **21.** málmhúða.

LÓÐRÉTT
1. fuglsnef, **3.** tvö þúsund, **4.** afbrotamál, **5.** dýrahljóð, **7.** felustaður, **10.** haf, **13.** verkur, **15.** stígur, **16.** besti árangur, **19.** ónefndur.

LAUSN
LÁRÉTT: 2. Ýmsu, **6.** of, **8.** mar, **9.** gýs, **11.** kr, **12.** glæta, **14.** grams, **16.** ms, **17.** kál, **18.** enn, **20.** ló, **21.** tína.
LÓÐRÉTT: 1. gogg, **3.** mm, **4.** sakamál, **5.** urr, **7.** fylgsni, **10.** sær, **13.** tak, **15.** slóð, **16.** met, **19.** nn.



VÍSIR.IS
"...ég sá það á vísi"

ÓSKA EFTIR AÐ KAUPA ENSKT LINGAFON NÁMSKEIÐ

Óska eftir að kaupa enskt Lingafon námskeið útgefið 1978 eða síðar. En útgáfuár bóka er skráð áberandi fremst í bókum. Staðgreiði 20.000 krónur

Upplýsingar í síma 865 7013
Björgvin Ómar Ólafsson

Auglýsingasími
512 50 50

– Mest lesið

Óskagaldur á taílenskri strönd

Halla Frímanns, eða Halla Himintungl mun framkalla tunglgaldur í Hua Hin, Taílandi í kvöld. „Í dag er nýtt tungl í meyju og það er alveg tilvalið til að losa sig við gömul samskiptamynstur," segir Halla. „Eins hjálpar þetta tungl manni að ýta undir eigin styrkleika og sjálfstraust."

Tunglgaldurinn er svokallaður óskagaldur. „Fyrst kalla ég fólkið saman í hring. Svo bið ég það að fara aðeins inn á við og hugleiða. Þegar hópurinn er búinn að kirja í smá stund og virkja allar orkustöðvarnar, þá skrifar hver og einn niður ósk og les hana upp þrisvar sinnum í hverja átt, fyrst í Austur. Síðan einu sinni við jörðina, við hjartað og upp til himins. Svo rúllar þú óskinni upp og dýfir í hunang. Loks er kveikt í blaðinu. Þegar blaðið er orðið að ösku ferðu með það í flæðarmálið. Þú biður loks hafið um að þiggja óskina þína og færa hana út í alheiminn. Að gjöf fær hafið lítið blóm."

Hún segir galdurinn hafa gefist vel. „Ég geri yfirleitt svona galdur á hverju nýju tungli og mjög margt af því hefur ræst. Stundum þarf alheimurinn smá tíma til að vinna úr þessu og sumar óskir rætast ári síðar. En það er háð ósk hvers og eins."

Galdurinn skal framkalla við sólarupprás eða sólsetur. Halla mælir sérstaklega með Krísuvík, Snæfellsnesi, Hrísey og Höfn í Hornafirði, enda séu það töfrareitir.

-kbs

GÖLDRÓTT Halla framkallar tunglgaldur á reit sem Búdda er sagður hafa hugleitt á.

Gerum hús að heimili

AFSLÁTTUR 50 %

Borð + 6 stólar Verð 139.000
Nú 69.500

Glerskápur Verð 95.000
FIGARO **Nú 47.500**

Skenkur Verð 119.000
FIGARO **Nú 59.500**

AFSLÁTTUR 50 % – AFSLÁTTUR 80 %

Skenkur Verð 125.000
Nú 25.000

Sófi 4ra sæta Verð 159.000
Nú 79.500

Sófaborð Verð 45.000
Nú 22.500

Stóll LUCA
Verð 35.000
Nú 17.500

Stóll ELBA
Verð 39.000
Nú 19.500

AFSLÁTTUR 50 %

RELAX leðurstóll
Verð 79.000
Nú 39.500

AFSLÁTTUR 60 %

Borð 180x90 Verð 75.000
Nú 30.000

Hliðarborð Verð 58.000
Nú 32.200

Glerskápur Verð 145.000
Nú 58.000



ÚTSÖLUNNI LÝKUR Á SUNNUDAG

TEKK COMPANY

OPIÐ LAUGARDAG 10-18 OG SUNNUDAG 12-18

BÆJARLIND 14-16 | 201 KÓPAVOGI | SÍMI 564 4400 | FAX 564 4435 | TEKK@TEKK.IS | WWW.TEKK.IS

VERÐHRUN!

FABRIKAN

FRÉTTABLAÐIÐ

SÍMANÚMER FRÉTTABLAÐSINS: 512 5000, fax: 550 5099 **Ritstjórn:** 512 5313, fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is
DREIFING: dreifing@posthusid.is **Auglýsingadeild:** auglysingar@frettabladid.is **Veffang:** visir.is **EF BLAÐIÐ BERST EKKI:** 512 5060

VIÐ SEGJUM FRÉTTIR | SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER 512 5000

REYKJAVÍK JAZZ 2008
JAZZINN Í BORGINNI!
26.-30. ÁGÚST

BAKÞANKAR
Gerðar Kristnýjar

Eru ekki bara alltaf jólin?

Að undanförnu hafa borist fréttir sem fengið hafa hamingjustrauminn til að leika um þjóðina eins og ljúfur andvari. Sú fyrsta var á þá leið að taílensk fimm manna fjölskylda í Fellahverfinu hefði fengið stóra lottóvinninginn sem virtist aldrei ætla að ganga út. Við getum verið viss um að því fé verður ekki eytt í mengandi fjallajeppa sem aðeins verður notaður til Kringluferða. Ekki fyrr höfðum við jafnað okkur á láni Breiðhyltinga en íslenska landsliðið í handbolta vann til silfurverðlauna á Ólympíuleikunum.

VIÐ fengum líka silfur í almennilegheitum þegar Keníamaðurinn Paul Ramses fékk að snúa aftur til Íslands. Ekki spurning að við skörtuðum nú gulli um háls ef við hefðum sleppt manninum við að dúsa þessar vikur suður á Ítalíu fjarri eiginkonu og bráðungum syni. Af lýsingunum að dæma dvaldi Paul Ramses víst ekki á lúxushótelinu Luna 4 við Lignanoströnd þar sem íslenskir ferðamenn flatmöguðu eitt sinn hver um annan þveran. En gleðin heldur áfram því innan skamms mætir hópur palestínskra kvenna og barna þeirra á Skagann. Ég heyri á frænkum mínum sem þar búa að heimamenn ætli að bíða þeirra með heitt á könnunni og upprúllaðar pönnukökur. Að minnsta kosti verður flóttamönnunum tekið vel.

EN ÞAÐ eru ekki alltaf jólin því í sömu fjölmiðlum og flutt hafa þessar góðu fréttir blasa við frásagnir um þrengingar á lánamarkaði, aukna verðbólgu og börn sem ganga sjálfala um bæinn þar sem ekki fæst starfsfólk á frístundaheimilin. Svo finnst ríkinu ljósmæður fullhysknar til að þær eigi skilið að fá laun í samræmi við menntun. Konur geta auðvitað bara jógað sig í gegnum fæðinguna. Það er annaðhvort í ökkla eða eyra. Heimsmynd blaðanna rímar fullkomlega við þunglyndislyfjaát þessarar hamingjusömustu þjóðar í heimi.

KREPPAN gefur okkur tilefni til að hægja ferðina og huga að því sem raunverulega skiptir máli. Í ljósi frétta síðustu vikna grunar mig að eftir nokkur ár eigum við eftir að líta aftur til þessa tíma og átta okkur á því að fyrst okkur bar gæfa til að deila því sem við þó áttum með öðrum hljótum við að hafa haft það alveg ágætt. Lífið lék við okkur og fór með okkur bæði í stórfiskaleik og fallna spýtu. Þá skiptir engu máli hver fór með sigur af hólmi, heldur að allir fái að vera með.

GÓÐAN DAG!

Í dag er laugardagurinn 30. ágúst, 243. dagur ársins.

	Sólarupprás	Hádegi	Sólarlag
Reykjavík	6.05	13.28	20.49
Akureyri	5.44	13.13	20.40

Heimild: Almanak Háskólans

Þitt líf - Þitt heimili

TINDRA MYS ilmkubbakerti H12, 10 og 8 cm. Ýmsir litir **995,-/3 í pk.**

FELICIA teppi, 100% akríl B130xL170 cm. Ýmsir litir **1.390,-**

BENNO sjónvarpsbekkur m/panel B120xD40, H134 cm. Birkispónn **19.950,-**

FABLER GRODA vegghirsla 35x130 cm. Grænt **995,-**



995,-

SVEJE motta, 100% bómull B90xL150 cm. Ýmsir litir

NÄSUM karfa m/ handföngum H53 cm. Bananatrefjar **3.990,-**

2.490,-

SMÄRT borðlampi Ø9, H46 cm. Mynstur/grátt

3.290,-

KILAN rúmteppi, B180xL280 cm. Grængult

IKEA STOCKHOLM blómavasi Ø25, H23 cm. Grænt **3.990,-**

JORUN FRÖ sængurverasett B150xL200/B50xL60 cm. Svart/gult **2.690,-**

BLOMSTER gerviblóm, Zinnia H43 cm. Ýmsir litir **395,-/stk.**



JORUN púði 35x35 cm. Grátt/marglitað **795,-**

FABLER KROKODIL mjúkdýr H60 cm. Grænt **995,-**

KARLSTAD hægindastóll B90xD93, H80 cm. Marglitað **34.950,-**

39.950,-

MELBU rúmgrind B160xL200 cm. Grábrúnt

TROLLSTA skápur m 2 skúffum B80xD40 H118 cm. Svart **26.950,-**

NÝR VÖRULISTI 2009

Morgunmatur
frá kl. 9:00 - 11:00
mánudaga - laugardaga

245,-
IKEA FOOD

IKEA®
Opið virka daga 10.00 - 20.00
Opið laugardaga 10.00 - 18.00
Opið sunnudaga 12.00 - 18.00
Veitingastaður opnaður klukkutíma fyrr en verslun
www.IKEA.is

© Inter IKEA Systems B.V. 2008